



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók fyrir Rangárvallasýslu
[1892–1977]**



Bók þessi, sem er 278 – tvö hundruð sjötíu og átta – blaðsíður að stærð, gegnumdregin og innsiglið með signeti Suður amtsins, löggildist hjermeð til að vera:

Landamerkjabók fyrir Rangárvallasýslu. –

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 11. Febrúar 1892. –

Kristján Jónsson settur.

Mjer sýnd 21/8 94.

J. Havsteen



Breiðabólsstaður í Fljótshlíð með hjáleigunum Bjargarkoti, Árnagerði, Háakoti ásamt
jörðunum Flókastöðum og Núpi, bls. 1-2
Nr. 1.

Landamerki Breiðabólsstaðar í Fljótshlíð með hjáleigunum Bjargarkoti Árnagerði og Háakoti ásamt kyrkjugarðanna Flókastaða og Núps. –

Að vestan milli Uppsala og Núps eru mörkin þessi: Stefna úr hinum forna farvegi Þverár fyrir norðan Lambey yfir vörðu upphlaðna á miðjum Svepphól og svo yfir upphlaðnar markavörður á hólunum í stefnu við Uppsalalæk og upp í bryngina ofanvert við mýrina fyrir vestan Núpstún og þaðan upp í varnargarðinn fyrir ofan og austanvert við Erilsgerði, svo að segja þar sem eystri lækurinn rennur í gegnum garðinn og liggur aðalmarkastefnan frá þessum stað garðsins í vesturhornið á Eyjarbæ. Svo heldur þessi markastefna áfram nokkuð fyrir vestan gil það, sem áður nefndur lækur kemur úr vestanvert við Kjóamýri yfir miðja svo nefnda Bakkalæki og síðan yfir vörðu hlaðna á hárananum vestanvert við Kotamannafjall, þar sem bæði má sjá Eyjar og Þórunúpsbæ, þótt hinn síðarnefndi bær liggja austar enn í réttri stefnu. Þaðan heldur svo markalínan í beinni stefnu áfram austanvert við Kringlumýri, sker síðan kyrkjuveginn úr Vallarhverfinu norðanvert við leirflag það, sem þar er brúað og í vestustu tá af hól þeim, er liggur fyrir sunnan Þórunúpsgarð, sem gamalt skjólgarðsbrot liggur á og kallaður er Gráhóll nyrðri. Úr vestustu tá hóls þessa liggja svo mörkin að norðan beina stefnu í fossinn á Þórunúpsgili austanvert við Þórunúpstún. Síðan ræður gilið þangað til komið er í beina stefnu af markalínunni, er liggur að austanverðu á milli Sámsstaða og Breiðabólsstaðartorfunnar, enn hún liggur vestantil á Sléttafelli, á að giska 20 faðma fyrir austan sauðahúsin á Vestustu-Sámsstöðum í upphlaðna vörðu fram á brúninni og frá henni í vörsluskurðinn á milli Vestustu-Sámsstaða og Breiðabólsstaðartorfunnar, er síðan ræður mörkum; og því næst á neðri enda hans bein stefna í vörðu upphlaðna á Þverárbakka. Þess skal þó getið, að í efri helming vörsluskurðarins hefir Sámsstaðabóndinn leyfi til að stinga hleðslukekki að vestanverðu við hann.

Að neðan og sunnanverðu ræður hinn forni Þverár-farvegur fyrir norðan Lambey mörkum allt vestur á móts við vörðuna á miðjum Svepphól.

Tún- og engjamörk á milli nefndra jarða innbyrðis eru eins og að fornu verið hefir, enn beitalandi hefir aldrei verið skrift á milli þeirra, og það sýnist árangurslaust að gjöra það. Enn þó ber hverjum þeim ábúanda, er byggir ný beitarhús, að byggja þau hér um bil í beinni stefnu upp af túnum sinnar jarðar.

Gjört í maím. 1891

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa

Eggert Pálsson

Oddur Oddsson

Guðm. Þorkelsson

Guðmundur Magnússon (handsalað)

Sigurður Sighvatsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald:

Bókun „ kr. 25 a.

þingl. „[kr.] 75 [a.]

ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk 20/5 91 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 1. bls. 1.-2.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Kyrkjulækjarþing 20. maí 1891. Breiðabólstaður í Fljótshlíð með tilh. hjáleigum.



Landamerki Sámstaða í Fljótshlíðarhreppi (Austur- Mið- og Vestur-Sámstaða)

Að austan móts við Kotmúla og Torfastaði liggja mörkin úr þúfu í Sléttafellsrana yfir ofanverðar brekkurnar austan í Sléttafelli um efsta tóftarbrot frá Torfastöðum fram í vörðu hlaðna upp á rofbrúninni á norðanverðri Ingimundarheiði, og liggur aðalstefnan miðuð frá áðurnefndu tóftarbroti úr austanverðum Grjótheiðarrana í Hákkoll á Bjarnarey. Frá vörðunni á Ingimundarheiði liggja svo mörkin í þá stefnu, sem Ystaklett ber í Helgafell í Vestmannaeyjum, og ber þeirri stefnu alveg saman við þau slægjumörk, sem nú eru haldin á milli Kotmúla og austustu Sámstaða; heldur þessi stefna áfram yfir hinn núveranda farveg Þverár og hina svo kölluðu Sámstaðafit og lága sandinn þar fyrir framan í hinn forna farveg Þverár, er liggur norðanvert við sandbríkur þær, er svo taka við. Síðan ræður þessi forni farvegur Þverár út á móts við vörðu hlaðna í norðurbakka Þverár. Úr þeirri vörðu liggja svo mörkin að vestan á móts við Breiðabolsstaðartorfuna í beina stefnu eftir stungnum vörsluskurði frá Vestustu-Sámstöðum í vörðu upphlaðna á brúninni og þaðan bein stefna á að giska 20 faðma fyrir austan sauðahúsin á Vestustu-Sámstöðum og norður í Þórunúpsgil. Að norðan sbr. landamerki Þórunúps.

Stunguna í efrihelming vörsluskurðarins hefir Vestur-Sámstaðabóndinn leyfi til að stinga að vestanverðu við garðinn.

Tún- og engjamörk á milli Mið-Sámstaða og Vestustu Sámstaða eru eins og til forna verið hafa, enn á milli Mið-Sámstaða og Austustu-Sámstaða eru mnörkin þessi: Bein stefna úr vörðu upphlaðinni á efra túngarðinum lítið eitt fyrir austan túngarðshlíðið í vörðu hlaðna á neðra túngarðinum í vörðuna á Stór-hól. Þaðan aftur bein stefna laust fyrir vestan austustu tóftina hjá fjárhúsum MiðSámstaða í gamlan varnargarð allt fram á Þverárbakka í vörðu þar upphlaðna.

Gjört í maí 1890

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa

Eggert Pálsson

Guðni Jónsson

Oddur Oddsson

Jón Ólafsson.

Gjald:

Bókun kr. 0.25

þingl. [kr.] 0.75

ein króna Borg. P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk 20/5 – 91 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 2. bls. 2.-3.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar Páll Briem

[á spássú] Sámsstaðir í Fljótshlíð. Kyrkjulækjarþing 20. maí 1891.



Nr. 3.

Landamerkjabréf fyrir jörðinni Kyrkjulæk í Fljótshlíð með kringum liggjandi hjáleigum.

Mörkin að austan byrja í Affalls-aurnum þar sem Hrossleggjarþúfa^{ber} í Hákoll á Dímon og Lausöldu í lambhúshólinn á Hellishólatúni, svo ræður Grjótá upp að Margrófarmynni, og úr því stefnu á Grástein, þangað til Tungugilið tekur við; svo ræður það upp á brýr og svo beina stefnu í norðasta grjóthólinn, úr honum í Suðurhlíðabrún og sama stefna norður í markalínu þá, sem er á millum Fljótshlíðar og Rangárvallahreppa, úr Hæringsfelli vestur í Þríharningshorn, svo ræður hæsta brúnin á Þríhyrningi vestur í Tómagil og svo ræður það niður í Réttargil, svo ræður áin þangað til Steininn á Steinheiði ber í fremsta dýið í Hlaukþagili, svo ræður Lambalækur niður í Kvoslækjará og úr Kvoslækjarármynni gamla beina stefnu í fyrnefnt mark í Affallsaurnum

Fljótshlíðarhreppi 11. maí 1891

Árni Guðmundsson

Guðm. Guðmundsson

Jón Sveinsson

Ólafur Jónsson

Magnús Magnússon

Gjald:

Bókun „ 25 a.

þingl. „ 75 [a.]

ein króna borg. P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk 20/5 91 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 3. bl. 3.-4.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Kyrkjulækur í Fljótshlíð. Kyrkjulækjarþing 20. maí 1891.



Landamerkjabréf fyrir jörðunum Grjótá og Arngeirsstöðum í Fljótshlíðarhreppi.

Ummerki jarðanna eru þessi:

Úr norðasta Grjóthól í vestra Klofningsgilið, svo ræður Grjótá niður að Margrófarmynni og úr því beina stefnu í Grástein þar til gilið tekur við, svo ræður það upp á hábrýr og svo beina stefnu í norðasta Grjóthól.

Teigi 11. maí 1891

Guðmundur Guðmundsson

Fyrir hönd Þorvaldar Björnssonar og Skúla Guðmundssonar Árni Guðmundsson

Árni Einarsson fyrir hönd Guðríðar Þorleifsdóttur.

Gjald:

Bókun 25 aur.

þingl. 75 [aur.]

ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk 20. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 4. bls. 4.

Vottar Páll Briem

[á spássú] Grjótá og Arngeirsstaðir í Fljótshlíð. Kyrkjulækjarþing 20. maí 1891.



Landamerkjabréf fyrir jörðinni Lambalæk í Fljótshlíðarhreppi.

Ummerki jarðarinnar eru þessi: Úr fremsta dýi í Hlaupagili ræður Lambalækur, þar til hann fellur í Kvoslækjará, svo ræður Kvoslækjará, þangað til Steininn á Steinheiði ber í fyrnefnt dý.

Teigi 11. maí 1891

Guðmundur Guðmundsson

Árni Einarsson

Árni Guðmundsson

Gjald:

Bókun „ – 25 a.

þingl. „ – 75 [a.]

ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 20. maímánaðar og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 5. bls. 5.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Lambalækur í Fljótshlíð. Kyrkjulækjarþing 20. maí 1891.



Landamerki fyrir Geldingalækina á Rangárvöllum eru þessi:

Fyrst að útsunnanverðu við Rangá skamt fyrir ofan Gutlfoss (sic) er djúpt gil, sem skilur Geldingalækjar og Grákollustaðaland (sic), (sem er Gunnarsholtseign), úr nefndu gili liggur markið til suðurs í grjótvörðu, sem er upp á hásandbrúninni, þaðan beina línu til landsuðurs í Vakhól, hér liggja að lönd Grafarbakka og Ketilhúshaga, úr Vakhól liggur markið í stefnu til landnorðurs í Hátúnahol, þaðan sömu línu í Stelpu, sem er landnorðurs hornmark, hér liggur Gunnarsholtland að austanverðu, úr Stelpu liggur markið til útnorðurs í Steinahrúgu á vestri heiðarbrúninni, þaðan í Heiðarlæk við vaðið, þaðan ræður lækurinn að Rangá, sem ræður svo að fyrnefndu gili.

Skógarítak fylgir jörðunum, svo kölluð Geldingalækjartorfa í Næfurholtslandi

Sömuleiðis á jörðin tiltölulegan hluta í afrétti Rangvellinga móts við aðrar jarðir í hreppnum.

Geldingalæk 20. maí 1891

Jón Loptsson

Jón Einarsson

Þessu samþykkir erum við undirskrifaðir

Halldór Einarsson

Th. Böðvarsson

Skúli Guðmundsson fyrir hönd móður sinnar.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir bókun 25 aur.

[Fyrir] þingl. 75 [aur.]

ein króna borg. Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 21. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 6. bl. 5.-6.

Vottar Páll Briem.

[á spássíu] Geldingalækir á Rangárvöllum. Reyðarvatnsþing 21. maí 1891.



Skrá yfir landamerki Þykkvabæjarjarða liggjandi í Holtamannahreppi.

Vesturmörk við sjó fram eru þessi: Á milli Háfshverfis og Þykkvabæjarjarða, merkjastaur reistur upp innantil á sjávar kambinum, beri í merkjastaur uppi á sandinum fyrir austan Háfshverfis-snasir; byrjar þaðan fjallamið, sem eru: Fagrabrekka í Vetleifsholtlandi beri í bæjarnúppinn í Skarðsfjalli í Landmannahreppi, ráða þau mið eða merki allt á Kálfalækjarmynni eftir merkjavörðum. Við Álftarós í Borgartúnsnesi, þaðan eftir merkjavörðum norður yfir fiskivatnseyrar að áðurnefndum Kálfalæk, ræður svo lækurinn mörkum allt að útnorðurshornmarki fyrir framan Sveinssel, þaðan liggja mörkin austur yfir Safamýri eftir glöggum merkjavörðum beina línu að stefna í Guðnastein allt að Djúpaósi, ræður hann svo í Rangá framantil við Ártún, ræður svo Rangá fram í Hólsá, ræður hún svo fram að sjávarkambi miðað við hinn forna farveg hennar miðjan, enn landsuðurshornmark við sjó fram eru: Búrfell á Hreppamanna-afrétti beri í Grímsstaðahól og Lambey jaðri við Kálfatind á Skjaldbreiðarjökli, ræður svo sjávarströndin vestur til áðurgreindra vesturfjörumarka.

Hábæ 20. maí 1891.

Ólafur Ólafsson

Guðrún Stefánsdóttir

Jón Jónsson

Jón Benediktsson

Sveinn Guðnason

Steffán Þórðarson

Jóhanns Hannesson

Helgi Guðmundsson

Sigurður Jóhannesson

Eyjólfur Gíslason.

Ellendur Benediktsson

Sigurður Benediktsson

Velhiálmur Velhjálmsson

Jósep Jónsson

Magnus Einarsson

Gestur Gestsson

Jón Gunnarsson

Ólafur Árnason

Vigfús Guðmundsson

Árni Árnason

Guðmundur Þórðarson

Jón Þórðarson

Þórður Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þorstern Jónsson
Guðmundur Runólfsson
Guðmundur Stefánsson
Guðmundur Egilsson
Magnús Jónsson
Kristján Pálsson
Magnús Andrésson
Helgi Gestsson
Sigurður Jónsson
Runólfur Jónsson
Eigendur um umboðsmenn Þykkvabæjarjarða.

Framanskriðuðum mörkum eru samþykkir
Sigurður Magnússon fyrir hönd Hólajarðar.
Þórður Guðmundsson fyrir hönd Háfshverfisjarða
Sigurður Guðmundsson fyrir hönd Vetleifsholtsjarða

Gjald til landssjóðs:
Fyrir þinglýsingu 75 aur.
[Fyrir] bókun -25 [aur.]
ein króna borgað Páll Briem.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 25. maí 1891 og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 7. bls. 6.-7.
Vottar Páll Briem

[á spássíu] Þykkvabæjarjarðir í Holtamannahreppi. Þjóðólfshagaping 25. maí 1891.



Skrá yfir landamerki jarðarinnar Raftholts í Holtamannahreppi.

Úr Krosshól, (sem er hornmark milli Raftholts, Kvíarholts Hvamms og Lýtingsstaða) ræður bein stefna í vörðu í Mjóasundi, úr vörðunni í Mjóasundi ræður bein stefna í hornmarksvörðu, Raftholts, Gíslaholts og Herríðarhóls framan á Langholti, úr þeirri vörðu ræður bein stefna til norðurs í vörðu á þúfnahrygg við vatnið, svo ræður sjónhending þaðan yfir Gíslaholtsvatn í Kiðholtskeldu, þar sem hún kemur í vatnið, þaðan ræður bein stefna í vörðu, sem er vestan við Dynjandakeldu, og svo ræður bein stefna úr þeirri vörðu í áðurnefndan Krosshól.

Þessi landamerki voru fullgjörð 10. maí 1887

Jon Pétursson eigandi Raftholts.

Fyrir Hvamminn Helgi Jónsson

Fyrir Lýtingsstaði Sigurður Magnússon

Fyrir Hagann Sigurður Sigurðsson

Gjald til til landssjóðs:

Fyrir bókun 25 aur.

[Fyrir] þingl. 75 [aur.]

ein króna borg. Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 25. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 8. bls. 7.-8.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Rafholt í Holtamannahreppi. Þjóðólfshagaþing 25. maí 1891.



Landamerki milli jarðanna Hrafnjófta og Steinstóftar í Bjóluhverfi annars vegar og Ægissíðu hins vegar eru:

„Úr rás eða keldudragi, sem rennur ofan í Fúladal, niður í nefndan dal og þaðan beina stefnu í Sandsholt, sem er á milli Ægissíðu og Vettleifsholtshverfis.“

Hreppsnefndin í Gnúpverjahrepp, 20. mars 1891

Valdimar Briem.

Þorvaldur Jónsson

Jón Ólafsson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga 25. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 9. bls. 8.

Vottar Páll Briem

Gjald til landsjóðs:

Fyrir þinglestur 75 aur.

[Fyrir] bókun – 25 [aur.]

ein króna borg. Páll Briem

[á spássíu] Hrafnjóftir og Steinstóft í Bjóluhverfi. Þjóðólshagaþing 25. maí 1891.



Nr. 10.

Landamerki að jörðinni Læk í Holtum eru þessi:

Hólmi í Árneskvíslinni, úr hólmanum og sjónhending í syðri-Langholts-enda. Úr áðurnefndum Langholts-enda og suður í Hnúðholtsflóð. Úr áðurnefndu Hnúðholtsflóði ræður keldan austur í Leiru-mynni, að austan ræður ósinn, sem rennur í Árneskvíslina. Þar að auki er tilheyrandi partur í Árnesinu og Skógarhögg í Hraunteig á 4 hesta fimmta hvert ár

Hér undir votta ábúendur frá Akbrautarholti og Stúfholti og Skammbeinsstöðum. – dag 19.
Nóvbr. 1890

Jón Jónsson (handsalað)

Loptur Finsson

Guðmundur Guðmundsson

Árni Árnason

Jón Böðvarsson eigandi ofanefndrar jarðar.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

ein króna borg. Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hjinn 25. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvalalsýslu II. Nr. 10. bls. 8.-9.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Lækur í Holtum. Þjóðólfshagaþing 25. maí 1891.



Nr. 11.

Landamerki Ægissíðu

Að austan við Rangá ytri stendur varða upp af fremra markaviki, þar sem Árbæjarfoss ber í mitt Bjólfell og býlið Brekkur ber í norðurendann á Ingólfsfelli. Þaðan ræður bein lína í vestur, sem liggur norðast um Fauskás, svo þaðan í markapúfuna á Tóurima, aftur þaðan enn í vestur í svo kölluð Fenaugu, sem er norður-hornmark að vestan, þar sem Nónholt frá Austvaðsholti ber vestast í Búrfell á Hreppamanna-afrétti og býlið Berustaðir í norðuröxlina á Ingólfsfelli; þaðan í suður-landsuður beint stryk í Sandsholt, þar sem býlið Bjóla ber austanhalt við Ystaklett í Vestmannaeyjum og býlið Ægissíða í Heklu, þaðan í sömu átt beint stryk í Fúladal við ytri Rangá, þar sem býlið Varmadalur ber í Hafrafell á Laufaleitum og býlið Selalækur ber framanhalt við Moshvolshól, þaðan beint í austur ræður ytri Rangá alla leið til áminnstra vörðu, sem stendur við ~~Ytri~~ Rangá ytri.

Gjört á Ægissíðu 12. maímánaðar 1891.

Jón Árnason

Jón Guðmundsson

Skúli Guðmundsson

Eigendur Ægissíðu

Jón Eiríksson Bjóluhjáleigu

Jón Jónsson Hrafnatóftum.

Vigfús Guðmundsson Keldum.

Einar Guðmundsson Rifshalakoti.

Sigurður Guðmundsson Hellir.

Ólafur Ólafsson Lindarbæ.

Bjarni Jónsson Efri-Rauðalæk.

Runólfur Halldórsson Syðri-Rauðalæk

Mér sýnt enn get eigi samþykkt landamerkin að svo stöddu Ámundi Filippusson Bjólu (handsalað.)

Sýnt og samþykkt að mínu leyti Grímur Skúlason Bjólu

Gjald til landssjóðs:

Fyrir bókun 25 aur.

[Fyrir] þingl. 75 [aur.]

ein króna borg. Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfsþaga 25. maí 1891. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 11. bls. 9.-10.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[á spássíu] Ægissíða í Holtum Þjóðólfshagaþing 25. maí 1891.



Landamerki „Goðalands“ afréttarlands, er tilheyrir Breiðabólstað í Fljotshlíðarhreppi
Mörkin eru þessi: Að innanverðu ræður gil það ofan frá Eyjafjallajökli, sem er á milli
Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá; þá Krossá fram eftir
(eða niður farvegur hennar) milli Goðalands og Þórsmerkur þar til Hvanná fellur í hana; þá
Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norðurgilið
milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls.

Í maím. 1891

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa:

Eggert Pálsson

Skúli Skúlason

Tómas Sigurðsson

Guðm. Guðmundsson

Ágúst Jónsson

Kjartan Einarsson

Gjald:

Bókun kr. 0.25

þingl. [kr.] 0.75

ein króna Borg. P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 28. maí 1891 og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 12. bls. 10.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Goðalandsafréttur, tilh. Breiðabólstað. Kverkarhellisþing 28. maí 1891.



Uppteiknan á landamerkjum umhverfis land jarðarinnar Kvíarholts í Holtahrepp:

Vestur af Kvíarholti er varða fyrir utan svo nefndann Flóðalæk, ræður svo Flóðalækur merkum (sic) í „Höggnaalækjar botn“. Þaðan ræður gil, sem skilur lönd Kvíarholts og Guttormshaga, og úr þeim gilbotni beina línu í hliðarmark milli Kvíarholts og Hreiðurs framm á heiðinni. –

Úr þessu hliðarmarki í eða nálægt „Sölfadælu“, þaðan beint í vörðu á „Krosshól“. Úr vörðinni á Krosshól beint í vörðu sem er hornmark Haga og Rappholts en hliðarmark við Kvíarholtsland. Þaðan beint í upphaflega nefnda vörðu fyrir utan Flóðalæk. –

Jörðin á Skógaríutak í „Hraunteig“ í Næfurholtslandi sem eftir fyrr gjörðri Sýslumanns ákvörðun er klyfjar á 5 – fimm – hesta, fimmta hvert ár. – En Raftholt á Mótak í „Dyjanda“ í Kvíarholts landi

Í Janúarmánuði 1884

Filippus Þorsteinsson Firir Lýtingsstanina (sic!)

Jón Þórðarson

Einar Pálsson

S. Sigurðsson

Ólafur Jóhannesson

ferir (sic) Hvammin Kristín Eiolisdóttir (sic)

Snú við

Vegna Vesturbæjarins í Kvíarholti Jón Jónsson

Jón Pétursson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þinglýsingu 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr.

Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga og innfært í landamerkjabók Rangarvallasýslu II. nr. 13. bls. 10.-11.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Kvíarholt í Holtamannahreppi. – Þjóðólfshagaþing 16. maí 1892.



Nr. 14.

Landamerki Miðhúsan (sic!)

að austann ræður varða niður við hvolsgjil á garðbroti sem nefnist krappargarður, og þaðan beina línu ~~norðan~~ ^{austan} á há hvolsfjalli og niður þverníptann klett í smásteinum þaðann beina línu út að Rangá í götuskarð við ána vestan við fjárhús sem eru utan megin við ána frá stóra hofi, þaðann ræður áinn vestur í vörðu er miðað er Markaskarð í sista (!) hornið á Þrihyrningi og Dufþekja í heimaklett á Vestmannaeyjum, svo úr þessari vörðu ~~beina línu~~ beina línu austur yfir hvolsfjallsögslina að vestan verðu í hvolsgjil sem bærinn Hemla jaðrar við Moshvolshól og bærinn Þinghóll laust vestan við skrábskletta.

Þessu til staðfestu eru okkar undir skrifuð nöfn

Árni Guðmundsson eigandi og umráðamaður Miðhúsa

Jón Árnason eigandi Stórólshvols.

Jónas Pállsson Eigandi Miðhúsa

Fyrir Efrahvol Tjörfi Jónsson Eigandi og umráðamaður að 1/3 parti jarðarinnar.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þinglýsingu 75 aur.

[Fyrir] bókun - - 25 [aur.]

1 kr.

Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólshvoli og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 14. bls. 11.-12.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Miðhús í Hvolhreppi. Stórólshvolsþing 17. maí 1892.



Landamerki jarðarinnar Vindáss í Hvolhreppi. –

Að austan ræður túnmörkurn á móts við Giljur upp í túngarðinn fyrir ofan túnið og þaðan bein stefna vestanvert á Giljaholt nalægt svonefndum Skógargötum í Hvolsgil þar sem þessi vegur liggur yfir gilið og upp úr því; og liggur öll þessi stefna þar sem Hreppafjöllin hverfa bak við Stokkslækjarhóla miðuð frá upphlaðinni þúfu vestanvert á áðurnefndu Giljaholti. Að norðvestanverðu ræður svo Hvolsgil að Svartabakka. Síðan að vestanverðu úr Svartabakka í þúfu þá sem er norðanvert í miðjum Tjaldhólum. Og úr þeirri þúfu bein stefna í þúfu sem er vestan og framan við túnhornið í áðurnefndum holum (sic). Síðan ræður að sunnan og neðanverðu túngarðurinn austur á móts við mörkin Gilnamegin. Þór er heimilt að stinga stunguna í túngarðinn fyrir utan hann.

Gjört í október 1891

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa:

Eggert Pálsson

Jón Þórðarson (handsalað)

sem eigandi og umráðamaður 1/3 jarðarinnar Efrahvols Tjörfi Jónsson á

á búandiendur (sic) Sveirn Sigurðsson handsalað

[á búandiendur (sic)] Gróa Árnadóttir

ábúandi á Miðhúsum Jón Tómasson

Við undirskrifaðir vottum að ábúendum Moshvols hefir verið sýnt og afhent til lesturs landamerkabref (sic) jarðarinnar Vinsas (!) í Hvolhrepp 28/1 1892

Þorkell Guðmundsson

Þorsteinn Guðmundsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

./. 1 kr.

Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólfsþvoli 17. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 15. bls. 12.-13.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Vindás í Hvolhreppi. Stórólfsþvolsþing 17. maí 1892.



Eyvindarmúli (Múlatorfan) í Fljótshlíð, Múlakot, Sauðtún, Árkvörn og Háimúli, bls. 13-14
Nr. 16.

Landamerkjabréf fyrir Eyvindarmúlaland, hina svo kölluðu Múlatorfu í Fljótshlíð sem er með býlunum Eyvindarmúla, Múlakoti, Sauðtúni, Árkvörn og Háamúla.

Efst á hálendinu ofan við heiðarnar er merkjalínan úr Stóra-Hæringsfelli að sjá á Tindafjöll austur: Á hina innri og syðri hlið, á móts við Barkarstaða og Stórumerkur land er landamerkjalinan þessi: Úr fyrnefndri línu á háfjallinu beint niður um miðjar Lambatungur í Bleiksáargil, svo ræður Bleiksáargil og Bleiksáargljúfur niður til láglandis, þaðan ræður hádegislína, suður láglandið og aurana, að Stórumerkurlandi nefnil. að stefnunni úr Lausöldu í Háakoll á Stóra-Dímon. Á hina ytri hlið, í móts við land Hlíðarendatorfunnar er merkjalínan þessi: Úr Stóra-Hæringsfelli beint niður í miðgilið upp af Merkiárbotnum, svo ræður það gil niður í Merkiárbotna, þá Merkiárfarvegur niður heiðina, Merkiárgil og Merkiárgljúfur niður til láglandis, þaðan er merkjalínan á láglandinu og aurunum, að tveir fossar eru opnir í Merkiárgljúfri og fuglsbringu að sjá í hinn þriðja (að ofan talið) fram í norðurhamra Stóra-Dímonar, þar sem þeir eru vestast að bera á þessari leið, svo úr hömrunum upp í Háakoll á móts við land Stóradalstorfunnar í Stóra-Dímon.

Múlatorfan á Múlatungur, sem liggja á milli Goðalands og Teigstungna með þessum takmörkum: Í móts við Goðaland ræður kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi, frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir tungnarana. Á hina hlið milli Múlatungna og Teigstungna, ræður kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar ur jöklinum niður fyrir fyrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman.

Hagbeit og skógarhögg á Múlatorfan á Þórsmörk, tiltölulega eftir jarðarmegni með öðrum Fljótshlíðarjörðum svo og afréttinn Grænafell í sameiningu með Fljótshlíðingum.

Múlatorfan á líka fjórða part Fjórðungafjöru sem liggur fyrir Bakkalandi og hinu forna Stakkholtslandi í Austur-Landeyjum.

Eyvindarmúla 1. júní 1891

Sem eigandi Eyvindarmúla, ½ Árkvarnar Jón Þórðarson

½ Háamúla og

Sem eigandi Múlakots í Múlatorfu samþykkir, sömuleiðis Hlíðarenda, Hallskots og ½ Nikulásarhúsa og ½ Hlíðarendakots S Thorarensen

Sem hlutaðeigandi Stóradalstorfunnar samþykkir: Sighv. Árnason

Sem eigandi ½ Árkvarnar samþykkir: Sigurður Tómasson.

Sem eigandi ½ Dúðu samþykkir: Ólafur Ólafsson

Sem eigandi ½ Hlíðarendakots samþykkir: Ólafur Pálsson

Sem eigandi ½ Nikulásarhúsa samþykkir, Árni Guðmundsson

Sem hlutaðeigandi Stórumerkur: Einar Ólafsson

[Sem hlutaðeigandi Stórumerkur:] Ólafur Jónsson

Þorg. Þorgilsson

Sem eigands að 1/6 og ábúandi Barkarstaða. – Samþykkir Tómas Sigurðsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sem eigandi að Stóradal Samþykkir, Sig. Ísleifsson

Sem eigandi að ¾ Bakka s.þ. Ísleifr Magnússon

Sem eigandi að ¼ og ábúandi Baka (sic) Samþykkir (sic) Jón Ossson (sic)

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borg. P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 16. bls. 13.-14.
vottar Páll Briem

[á spássíu] Eyvindarmúli (Múlatorfan) í Fljótshlíð. Kyrkjulækjarþing 18. maí 1892.



Landamerki á milli Fljótshlíðarhepps og Rangárvallahrepps bæði á hraununum og afréttum sveitanna eru þessi:

Úr fjallinu Þríhyrning sjónhending í Hæringsfell (samkvæmt landamerkjabréfi á milli Þorleifsstaða og Kyrkjulækjar) og svo úr Hæringsfelli aftur sjónhending í landnorður inn hraunin á hæsta hnjúkinn á Tindfjallajökli, úr honum austur yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, úr því ræður áin „Hvítmaga“ og aðskilur hún afréttina Rangárvalla-afrétt og Græna fjall, þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót og aðskilur afrétt Fljótshlíðarhepps, Græna fjall, frá öðrum afréttum, allt þar til kemur fram að landamerkjum jarðarinnar Fljótsdals.

Fljótshlíðarhreppi 2. maí 1892

(Í umboði hreppsnefndar) Guðm. Guðmundsson

Fyrir Teigseignina samþykkur Guðm. Guðmundsson

Fyrir Hlíðarendatorfuna samþykkir

Fyrir Eyvindarmúlatorfu samþykkir.

Fyrir Barkarstaði samþykkir Tómas Sigurðsson

Fyrir Fljótsdal samþykkir Ágúst Jónsson

Fyrir Þorleifsstaði samþykkir Guðrún Guðmundsdóttir.

Þuríður Jónsdóttir, samþykk fyrir Rauðnefsstaði

Á afréttarmörkum milli Laufaleitar og Græna fjalls samþykkir Steinn Guðmundsson (oddviti)
Rangárvallahrepps.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borg. P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 17. bls. 15.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Landamerki Fljótshlíðarhepps Kyrkjulækjarþing 18. maí 1892.



Landamerki fyrir jarðirnar Neðri-Þverá og Efri-Þverá. –

Að austanverðu ræður Litla-Þverá upp í Oddstorfutanga og svo beina línu inn úr hraunum í Stóra-Hæringsfell. Enn á suðurkantinn eru mörkin samkv. landamerkjaskrá Hlíðarenda. Enn að vestanverðu Dýauga neðan undir Þrætutungu. – úr því fram eftir bakkanum í þúfu fremst á honum þar sem Bollakots ærhúsið eystra jaðrar við Seljandsmúla. Úr áðurnefndu Dýauga uppeftir miðri Þrætutungu í Deildargil, síðan uppeftir gilinu í eystri gilklofninginn norðaustan við bæinn í Deild; síðan úr gilklofningnum sjónhending í Hestatorfu þaðan aftur sjónhending í norðaustur hraunin í áðurnefnt Hæringsfell.

Vegna Jóseps Ísleifssonar á Ásmundarstöðum og Einars hreppstj. Jónssonar á Ysta-Skála, sem eiganda að ½ Neðri-Þverá Samþykkur: Tómas Sigurðsson

Fyrir hönd Fljótshlíðarhrepps sem eigandi ¼ í sömu jörð samþykkur G. Guðmundsson (oddviti).

Sem ábúandi samþykkir fyrir hönd Þuríðar Björnsdóttur ekkju í Drangshlíð sem eiganda ¼ í sömu jörð Á. Guðmundsson

Sem ábúandi Efri-Þverá samþ. Þ. Bergsteinsson.

Sem eigandi jarðarinnar Deildar samþykkir Guðm. Guðmundsson

Fyrir Hlíðarendann samþykkur Erlendur Árnason

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „ – 75 aur.

[Fyrir] bókun „ – 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 18. bls. 16.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Neðri og Efri Þverá í Fljótshlíð. Kyrkjulækjarþing 18. maí 1892.



Nr. 19.

Landamerki á Þórsmörk

Markið að norðan, sem aðskilur Þórsmörk og Almenna, afrétt Eyfellinga í Holtssókn er á, sem heitir Þröngá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og þar til hún fellur í ^{Markarfljót síðan} ^{ræður} Markarfljót allt fram á móts við Þórsmörkurrana.

Enn að sunnanverðu Krossá, sem aðskilur Þórsmörk og afréttina sunnan árinna, Teigs og Múlatungur, Goðaland og Stakkholt allt frá upptökum hennar upp við jökul og alla leið fram fyrir Þórsmörkurrana.

Fljótshlíðarhreppi 2. maí 1892

Í umboði hreppsnefndar Guðm. Guðmundsson

Fyrir hönd afréttarins Stakkholts samþykki ég hinsvegar skrifuð landamerki.

Eyvindarholti 12. maí 1892

Sighv. Árnason

Fyrir afréttinn Almenna samþykki ég hinsvegar rituð landamerki í umboði hreppsnefndarinnar Vestur-Eyjafjallahrepps

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson núverandi oddviti

Við hinsvegar rituð landamerki athugast, að Holtsprestakall undir Eyjafjöllum á þessi skógarítök á Þórsmörk: Í Stöng Gmalanaut og Loftsnaut, Lækjarskóg og Gatnaskóg og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi, og tvo skógarteiga á Ákstöðum.

Að öðru leyti samþykkjast landamerkin.

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Fyrir hönd séra Eggerts Pálssonar Oddur Oddsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borg. Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 19. bls. 16.-17. vottar Páll Briem

[á spássíu] Þórsmörk. Kyrkjulækjarþing 18. maí 1892.



Skrásetning yfir takmörk Steinsholts.

Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Miðmörk, Fitjarmýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: á innri hlið, á moti Stakkholti, Steinsholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót þartil Jökulsá fellur í það; enn að framanverðu í móts við Langanes (Stórumerkurland) Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Fyrir Fitjarmýri undirskrifa: Björn Björnsson Bergsteinn Einarsson

Framanskriafaða skrásetning á takmörkum Steinsholts samþykkjum við fyrir hönd Stórumerkur Einar Ólafsson Þorg. Þorgilsson

Fyrir afréttinn Stakkholt samþykkja undirskrifaðir Sighv. Árnason Jón Sigurðsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi Kverkarhellsis 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 20. bls. 18.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Steinsholt undir Eyjafjöllum Kverkarhellsisþing 21. maí 1892.



Nr. 21.

Skrásetning yfir takmörk Almenninga.

Afrétturinn Almenningar, sem tilheyrir meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps, hefir þessi takmörk: að innanverðu Emstruána fremri frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljót niðureftir gilinu þar til Þröngá fellur í það; enn að framanverðu, í móti Þórsmörk, Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót

Vestur-Eyjafjallahreppi 14. maí 1892

Í umb. hreppsnefndarinnar

Kjartan Einarsson núverandi oddviti.

Fyrir Fljótshlíðarhrepp vegna Þórsmörkur samþykkir Guðmundur Guðmundsson oddviti.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á Kverkarhellismanntalsþingi 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 21. bls. 18.-19.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Afrétturinn Almenningar. Kverkarhellisþing 21. maí 1892.



Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Stóradals (Stóradalstorfunnar), sem er með býlunum Dalskoti, Króktúni, Eyvindarholti, Murnavelli, Steinmóðarbæ, Dalsseli, Borgareyrum og Brúnum liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við undirskrifaðir eigendur og umboðsmenn þessara jarða vitum þau sönnust og réttust vera þannig:

Í fyrstu úr Grásteini beina stefnu í Rauðuskriðu í Stóra-Dímon, svo yfir Hákolla vestur og vestur af vestasta horni og svo hrygginn þar niður af á klöppina, sem er niður við aurinn ^{þaðan} sjónhending vestur og fram á aurinn þar til litlu-Dímonartá ^{innri} ber í Hjálmástöðul (sic) í Murnavallartúni og jaðrar þá bærinn í Miðmörk austan við Stóru-Dímon; fyrnefnd klöpp er þá að sjá í afstöðu niður af hástandinum, sem er upp á áðurnefndu vestasta horni. Af þessum stað á aurnum sjónhending í kýlinn í Skiftingarhólma, sem er á þeim stað, er Kollabæ á Fljótshlíð ber austanhallt í há-öxlina á Vatnsdalsfjalli og hákollur litlu Dímonar jaðrar við Hraunsnef, verður þá stefnan inn eftir frá kýlnum nálægt í fossinn í Múlakotslæk, frá þessum kýl sjónhending í Tíundadal hinn forna, sem nú er farinn í Álana, á þeim stað sem bærinn á Bakka í Landeyjum ber í austurbrún á klifinu í Vestmannaeyjum og rætur Hæringsfells að austan taka að eins austar enn rætur Stóru-Dímonar og að sem fuglsbringa vaki af Seljalandsfossi, þaðan beint í þúfuna á Hraunsnefi (,sem er fyrir framan Brúnir) fuglsbringu stefnuna og svo áfram austur eftir að fuglsbringan vaki við þar til Vagnhólar, (sem eru norðan við Stórhól í Merkurhólum) eru að sjá mitt á milli Kattarnefs og Lambhushóls, Vagnhólar eru þá að bera um strýtumyndaðan hnúk vestan við Tindfjöll, á þessum stað jaðrar saman Hvammsnúpur og Holtsnúpur að framanverðu, af þessum þannig miðaða stað liggur stefnan beint inn eftir allt þar garðlag eða þúfnaröð á Dalsbökkum ber í Dagmalavörðu, þúfnaröðin er slægjumark á milli Neðradals og Dalskots; nokkuð af túni jarðarinnar Neðra-Dals liggur inn fyrir umgetna stefnu og látum við það óátalið eins og verið hefir enn þó þannig, að það ekki sé lengra útfært í okkar land. Svo liggur stefnan úr Dagmalavörðu inn eftir heiðina á Álftadali og inn í Tröllagilsbotna, svo sjónhending í Hrafnagilsbotna, þaðan í steininn á Hraunsnefi og svo beint í Grástein aftur, sem er nálægt sjónhending frá steininum á Hraunsnefi í hákoll á Stóru-Dímon.

Stóradalsfjara (rekafjara) sem liggur fyrir Sandalandi hefir þessi takmörk að austanverðu: að Drifandafoss beri vestast um bæinn á Fornu-Söndum, enn að vestan að elding sjáist að neðanverðu í millum Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og beri Bjarnarey austur undan.

Afréttarlandið Stakkholt, sem liggur sunnan Krossár í millum Steinsholtsár og Hvannár heyrir til Stóradalstorfundi ásamt jörðunum Syðstu-Mörk, Neðra-Dal og Hamragörðum.

Skógarítak Stóradalstorfunnar á Þórsmörk er: hálfur Húsadalur, nefndilega sá hluti hans sem liggur sunnan götunnar og lækjarins allt upp í brún.

12. maímánuð 1888

Eigandi að hálfu Eyvindarholti, Murnavelli og Króktúni Jón Sigurðsson

Eigandi að Steinmóðarbæ: Sigurður Árnason



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eigandi að hálfu Eyvindarholti: Sighv. Árnason

Eigandi að Dalsseli: Þóroddur Magnússon

Í umboði eigenda jarðarinnar Brúna: Guðjón Sigurðsson

Eigandi að Stóradal og Dalskoti: Sigurður Ísleifsson

Sem eigendur og ábúendur Stórumerkur samþykkja: Einar Ólafsson Ólafur Jónsson Þorg.
Þorgilsson

Sem eigandi og ábúandi jarðarinnar Neðradals samþykkir: Ingvar Hallvarðsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. - - „– 75 aur.

[Fyrir] bókun - „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna Páll Briem

Upplesið og bókað á Kverkarhellis-manntalsþingi 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu II. Nr. 22. bls. 19.-21.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Stóridalur (Stóradals torfan) í Vestur-Eyjafjallahreppi. Kverkarhelliþing 21. maí
1892.



Keldnakyrkju-fjörutakmörk

er liggur fyrir Krossi og Hallgeirsey eftir visitatiu sál. herra biskupsins Mag. Þórðar Þorlákssonar, hvar inni stendur sem eftir fylgir:

Um lengd og landamerki greindrar fjöru getur Transskriftarbréf, er liggur í kyrkjinni með einu hangandi innsigli sködduðu, enn tveimur pressum, þar uppá skrifuð nöfn: Þorvarðs Eiríkssonar og Einars Ólafssonar; bréfið svo látandi sem eftir fylgir: Það gjörum vér Páll Vigfússon, Gunnar Hrólfsson, Guðmundur Gunnarsson, Vigfús Sæmundsson, Magnús Sigurðsson og Gísli Símonarson góðum mönnum kunnugt, að með þessu voru opnu bréfi, að árunum eftir guðsburð M. D. X. L. V. ij ár, vorum vér tilkallaðir af Birni bónda Þorleifssyni eftir skipun herra Gissurar Einarssonar; kom Björn bóndi fram emð máldaga kyrkjunnar að Keldum, hver svo hljóðaði, að kyrkjan þar ætti Vj hndr. faðma fjöru og lægi iij hndr. fyrir Krossi en önnur iij hndr. fyrir Hallgeirsey. Stikuðum vjer fyrnemdir menn iij hndr. fyrir Krossi ^{en (!), en önnur} iij fyrir Hallgeirsey en önnur iij hndr. fjöru tíræð fyrir hvoru landi Krossi og Hallgeirsey. Eru eystri mörk austasta húsið á minni Hildisey fast í austanverðan minna Þríhyrning; hin vestri mörk: vestasta húsið í Hallgeirsey ber í Þríhyrning háls austanverðan, þar sem hann ber lægstan; er það hinn stærri Þríhyrningur. – Og til sanninda hjer um setjum vjer fyrnemdir menn var innsigli fyrir þetta brjef, er skrifað var á Hlíðarenda í Fljótshlíð fimtudaginn fyrstan í sumri, ári síðar, en fyr segir.

Með kennumst við eftir skrifaðir menn Þorvarður Eiríksson og Einar Ólafsson, að við höfum sjeð og yfirlesið opið brjef með heilum, ósködduðum, hangandi innsiglium, orð fyrir orð, sem hjerum fyrir ofan skrifað stendur, og til sanninda hjerum setjum við okkar innsigli hjer undir.

Skrifað á Keldum á Rangárvöllum XX. september A^o 1641

(Undirskrifuð nöfn)

Bjarni Jónsson. L.g.s.¹

Arni Alfsson. L.g.s.²

Þórður Thorlaksson

Jón Guðmundsson

Torfi Guðmundsson

Bjarni Sigurðsson

—”

—”

—”

Fyrskrifað er rétt eftir visitatiubokarinnar útskrift. Testera

Erlendur Jónsson

Einar Bjarnhjeðinsson L.s.

¹ Á líklega að vera eghd, þ.e. með eigin hendi.

² Á líklega að vera eghd, þ.e. með eigin hendi.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Filippus Jónsson L.s.
Keldum 18. júlí 1888
Þuríður Jónsdóttir

Framrituð afskrift er af mér undirskrifuðum sýslumanni og notario publico í Rangarvallasýslu samanborið við gamalt skjal, sem afskriftin er tekin eftir og sem að öllu útliti virtist að vera frumrit; og er afskrift þessi svo langt sem hún nær, skjalinu í alla staði samhljóða það vottast hér með notarialiter með undirskrift minni og embættisinsigli.

Rangárþingsskrifstofu 24. júnímánaðar 1889.
H. E. Jónsson.

Ókeypis/

—”—

—”—

—”—

Rétt eftirrit vottar Skúli Guðmundsson

Við austur mörkin samþykkt Oddur Pétursson Einar Guðmundsson Pétur Pétursson
Við vesturmörkin samþykkt Jón Brandsson Jón Guðnason Guðlaugur Nikulásson Einar
Sigurðsson (handsalað)

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

Ein króna P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi² Krossi¹ 23. maí 1892 og ritað í landamerkjabók
Rangarvallasýslu II. Nr. 23. bls. 21.-22
vottar Páll Briem

[á spássíu] Fjörutakmörk Keldnakyrkju á Rangárvöllum. Krossþing 23. maí 1892.



Þessi eru landamerki jarðarinnar Gerða í Vestur-Landeyjum milli Vestur-Fíflholtshjáleigu og Gerða í mitt sunðið austan við Skemmuhólinn í Vestra-Fíflholti og þaðan beina leið í vörðu á fljótsvegsbakkanum þar sem Bjólfell kemur nærri allt vestur úr Hvolfsfjalli, svo ræður fljótsvegur upp í ósmynnið austan við túnhalann á Strönd og svo milli Gerða og Strandar, þaðan beina leið í vörðu, sem stendur eyðst í rimaendanum, sem er áfastur við Bulluhól ^{og ber} norðast í jökultungunnar(!) frá henni í Bulluhól og úr honum í vörðu sem er í miðjum lönguhólum og ber á mitt Skarðsfjall úr henni ræður markagarður austur í Fíflholtsfljót, hann er milli Eyjar og Gerða, svo ræð (sic) fyrnefnt fljót alla leið að Vestur-Fíflholtshjáleigu mörkum.

Gerðum 7. nóvember 1891.

Gísli Nikulásson

Tómas Jónsson

Hands. Guðmundur Jónsson

Jón Halldórsson (eigandi Strandar)

Halldór Guðmundsson (h. s.)

Gjald í landssjóð:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna Páll Briem

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Fíflholti 24. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 24. bls. 22.-23.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Gerði í Vestur-Landeyjum. Fíflholtsþing 24. maí 1892.



Nr. 25.

Landamerki fyrir jörðinni Fossi á Rangárvöllu. –

Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ, sem er markavörður milli Árbæjar- og Foss-lands, úr téðum vörðum bein stefna í hól sem varða er á, á borgarbrekkunni, aftur úr þeirri vörðu beina stefnu og sjónhending í vörðu sem er á háhraunsnefninu austur af Skógs-öldu, sem er vestur og norður-hornmark á Fosslandi. Aftur úr þeirri vörðu beina stefnu í svonefndan hraunháls þar sem reiðskarð heitir vestur af hafrafelli og sem safnfé Rangvellinga fer út um til rétta í Keldnaréttir, úr nefndu reiðskarði svo beina línu austur að Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan svo nefnda Aurmýri í Rauðnefsstaðalandi. Ræður síðan Rangá ^{marki} milli Foss og Rauðnefsstaða niður með Rangá að fyrstnefndum tveim vörðum.

Þessum mörkum eru samþykktir fyrir hönd hreppsins:

Sigurður Guðmundsson

Jón Árnason (Eigandur(!) Foss)

Steinn Guðmundsson (oddviti Rangárvallahrepps)

Tómas Bóðvarsson varaoddviti

Fyrir Árbæinn Guðrún Guðmundsdóttir.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna P. Br.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 27. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr 25. bls. 23.-24.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Foss á Rangárvöllum Reyðarvatnsþing 27. maí 1892.



Nr. 26.

Eftirrit [Handritas. Bókm. fél. í Rvík, B. 103, bls. 331.]

Landamerki fyrir jörðinni Heiði á Rangárvöllum. 1794.

Eptir skriflegri begiæring Þóru Jónsdóttur, núverandi á Heiði á Rangárvöllum innfærist hier um landamerki millum Heiðar og Geldingalækjar, það sem Magnús sál. faðir konu minnar hielt um þann tíma, sem hann bjó á Heiði, sem voru víst yfir 30 ár og eg eftir hann í 10 ár, sem er að austanverðu nefnilega:

Oddahóll og þaðan í stein á Geldingalækjargötu, sem var hvítskjöldóttur; þaðan stefnu í Stóra stein, þaðan stefnu í litla steinahrúgu á vestra Hvammanefinu, og í minni tíð var þar sýslumanns áreið gjörð fyrir hönd sál. Torfa Erlendssonar, og varð sú ályktun, að eg mætti halda mig eptir þessum landamerkjum, og er nú yfir 40 ár síðan.

Til merkis er mitt undirskrifað nafn.

Stúfholti d. 28. Aprilis 1794.

Eyólfur Jónsson

Þau 10 ár, sem eg var búandi á Heiði, voru sömu landamerki og framanskrifaður vitnisburður ber með sér.

Reiðarvatni, stóra þann 27. Maí 1794

Stephán Bjarnason

Að skjal þetta sé rétt eftirrit eftir bók í handritasafni bókmenntafelagsins í Reykjavík B. N^o 103. bls. 331. votta ég hér með notarialiter eftir nákvæman samanburð.

Notarius publicus í Reykjavík 19. Nóvemb. 1885

E. Th. Jónassen (L. S.)

Borgun: 0.25

tuttugu og fimm aurar borg. E Th. J.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á Reyðarvatnsmanttalsþingi 27. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 26. bls. 24.-25.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Heiði á Rangárvöllum. Reyðarvatnsþing 27. maí 1892.



Nr. 27.

Landamerki fyrir eyðijörðinni Árbæ í Landmannahreppi:

Fyrst er „Gildruhóll“, úr honum beint í „Ferjuklett“, svo ræður Þjórsá merkjum fyrir austan alla hólma norður á mótis við mitt „Kistufell“, þaðan beint í „Húshól“, úr honum beint í áðurnefndan „Gildruhól“.

Hvammi 14. maí 1892.

Fyrir hönd jarðareiganda Eyjólfur Guðmundsson.

Framanskriðuð landamerki samþykkið við undirskrifaðir, sem land eigum að nefndri jörð.

Fyrir Hvamminn Eyjólfur Guðmundsson Gunnar Árnason (H. S.)

Fyrir Skarð Eyjólfur Guðmundsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á Skarðsmanttalsþingi 30. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 27. bls. 25.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Árbær í Landmannahreppi (eyðijörð). Skarðsþing 30. maí 1892.



Landamerki fyrir jörðinni Galtalæk í Landmannahreppi. –

Fyrst er Markabotn (☉: nyrðri smálækjarbotn, svo ræður kvísl sú, sem úr honum rennur, í Rangá, svo ræður Rangá merkjum suður á móts við mynnið á Vatnagarðslæk, svo ræður nefndur lækur merkjum í „fossnefið“, úr því beint í „fögrubrekku“, úr henni beint í „Markúsar-nef“, úr því beina sjónhending í syðri endann á Búrfelli, þaðan beint í áðurnefndan Markabotn.

St. Galtalæk 12. maí 1892

Fyrir hönd jarðareiganda

Eyjólfur Guðmundsson

Framanskriðu landamerki samþykkjum við undirskrifaðir, sem land eigum að nefndri jörð.

Fyrir eigendur Leirubakka og Vatnagarðs: Eyjólfur Guðmundsson

Fyrir Merkihol: Jóhann Sæmundsson (H.S.)

Fyrir Mörk: Sæmundur Arnbjörnsson (HS)

Fyrir Landmanna-afrétt í umboði hreppsnefndarinnar Eyjólfur Guðmundsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun - 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á Skarðsmantalsþingi 30. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 28. bls. 26.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Galtalækur í Landmannahreppi. Skarðsþing 30. maí 1892.



Landamerki eyðjarðarinnar Merkihvols í Landmannahreppi. –

Fyrst er Markabotn og kvísl sú, sem úr honum rennur í Rangá, svo ræður Rangá merkjum norður á mótis við Ófæragil, þaðan beint í Búrfell þar sem það er hæst, úr Búrfelli beint í áðurnefndan Markabotn.

Lækjarbotnum 12. maí 1892

Framanskriðu landamerki samþykkjum við undirskrifaðir hlutaðeigendur:

Fyrir hönd eiganda Galtalækjar Eyjólfur Guðmundsson

Fyrir hönd eiganda Merkihvols Sæmundur Sæmundsson

Fyrir Landmannafrétt Eyjólfur Guðmundsson

Gjald til landssjóðs: Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P Br.

Upplesið og bókað á Skarðsmantalsþingi 30. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 29. bls. 26.-27.

vottar Páll Briem

[á spássíu] Merkihvoll í Landmannahreppi (eyðijörð.) Skarðsþing 30. maí 1892.



Nr. 30.

Landamerki eignarjarðar minnar Hreiðurs í Holtahreppi eru þessi:

Úr Gilsbotninum að framan ræður gilið norður í línu þá, sem myndast í beinni stefnu úr vörðu á Kvíarholtsholti beina stefnu í skurðinn, sem rennur úr svonefndum Hreiðursflóðum í leiruna ~~Úr Keldunni svo til land-suðurs~~ og sjónhending yfir hana í Kelduna við landsuðurshorn áðurnefndrar leiru. - Úr Keldunni (svo til landsuðurs) bein stefna yfir nesið í Krossdý. Úr Krossdýi bein stefna í Markhól, sem er austan við sandskörðin, svo úr Markhól beina stefnu í svonefndan flóðarima fyrir neðan vatnsgrafarlæk. – Úr flóðarima beina stefnu (til suðurs) í „Grástein“, sem er hornmark milli jarðanna Hreiðurs, Pulu, Nefsholts og Marteinstungutorfunnar) úr grásteini beina stefnu (til vesturs) í Miðmundasnasarþúfu, þaðan beina stefnu til norðurs í svokallaða „dagmálavörðu“, úr „dagmálavörðu“ beina stefnu (í sömu átt, í áðurnefndan Gilsbotn.

staddur í Hreiðri 20. sept. 1892.

Ólafur Jóhannesson (frá Hreiðurborg)

ábúandi Sigurjón Jónsson

Fyrir Marteinstungutorfuna: Kristján Jónsson

Jón Oddsson (Mykjunesi)

Guðm. Jónsson (Þverlæk)

Eifríður Eiríksdóttir fyrir 1/3 í Nefsholtinu.

Vegna vesturpart Kvíarholts, Ólafur Ólafsson Einar Pálsson

Gjald til landssjóðs: Fyrir þingl. 75 aur.

Flyt 75 aur.

Flutt 75 aur.

Fyrir bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Marteinstungu-manntalsþingi 17. maí 1893 og ritað í landamerkjabók Rangarvallasýslu II. Nr. 30. bls. 27-28.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Hreiður í Holtahreppi Marteinstunguþing 17. maí 1893.



Nr. 31.
Landamerki Ósgrafar.

Úr Markhól syðri á Síðunesi beina stefnu í flag, sem er austan til við Skógarvaðið við lækinn; (beina stefnu syðst í Bringu); svo ræður lækur sá heim að bæjum Ósgröf og Skarfanesi; svo ræður nyrðsti lækurinn af þremur norður fyrir Ósgrafartorfu; svo úr botni lækjarins í Seljabrúnir, úr Seljabrúnum í Markhelli í Markvörðum, úr mark hellu beina stefnu í stóran stein í Vestur-hrauninu og þaðan beint í fyrgreindan Markhól.

Skarði 26. apríl 1893

Í umboði jarðeiganda: Einar Thorlacius –

Fyrir hönd eiganda Skarfanes, Irja og hálfes Eskiholts: Skúli Guðmundsson

Fyrir hönd eiganda Merkur og ½ Eskiholts: Einar Thorlacius.

Fyrir hönd eiganda Skarðs: Eyjólfur Guðmundsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

Ein króna borgað P. Briem

Upplesið og bókað á Skarðs-manntalsþingi 23. maí 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 31. bls. 28.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Ósgröf á Landi. Skarðsþing 23. maí 1893. –



Skarð á Landi með hjáleigunum Króktúni og Görðum ásamt Skarðsseli, Eskiholti og Erli,
bls. 29-20

Nr. 32.

Landamerki fyrir Skarð með hjáleigunum Króktúni og Görðum í Landmannahreppi.

Fyrst Borgarbæli, þaðan beint í vörðuna á „Stórvixlahnúk“, þaðan beint í „Miðfell“ (þar sem það er hæðst), þaðan beint í „Gildruhól“, þaðan beint í „Húshól“, þaðan beint í Þjórsá (móts við mitt „Kistufell“) svo ræður Þjórsá fyrir austan alla hólma og skir (sic) norður á móts við Markvörðu (sem er skammt fyrir sunnan Irjur), þaðan beint í Fagurhól, þaðan beint í Markhól, sem er skammt fyrir norðan Eskiholt, þaðan beint í vörðu, sem stendur í svokölluðum Hrísum, þaðan beint í vörðu þá, sem stendur á hól vestantil við voss-skarð (sic) þaðan beint í Litlabæli, þaðan beint í áður nefnt Borgarbæli.

Framanskriðu landamerki samþykkið við allir hér undirskrifaðir hlutaðeigendur.

Skarði 7. júní 1887.

Jón Árnason

Fyrir Hvamminn E. Guðmundsson G. Árnason

Fyrir Irjur og Eskiholt Sigurður Guðmundsson

Fyrir Látalatum og Hellur Árni Jónsson Filippus Guðlögsson (H. S.)

Fyrir Stóraklof Eignina Ól Jónsson (HS.) Ól Jónsson

Fyrir Fellsmúllann S. Brynjúlfsson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði í Landmannahreppi hinn 10. dag júnímán. 1887 og innfært í landamerkiabók Rangárvallasýslu N^o 52. bl. 34.

Vottar H. E. Johnsson

Borgun:

fyrir þinglestur kr 0.75

[fyrir] bókun [kr] 0.25

kr. 1.00 er ein króna H. E. Johnsson

Við undirskrifaðir umboðsmenn og eigendur jarðanna: Skarðssels, Eskiholts og Erils lýsum því hér með yfir, að lönd þessara jarða eru innifalin og óskift úr Skarðinu og að framanskriðu landamerki gilda einnig fyrir þessar jarðir, enn er að eins vangá, að þess var eigi strax getið. -

Fir eiganda Erils G. Jónss. (HS.)

Eigandi Skarðssels S. Þórðarson (HS.)

Eiganda Eskiholts S. Guðmundsson

Eiganda Skarðs. E. Guðmundsson

Gjald til landssjóðs:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrir þingl. „kr. 75 aur

Flyt „ kr. 75 aur.

Flutt „ kr. 75 aur.

Fyrir bókun „[kr.] 25 [aur.]

Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Skarðsmanttalsþingi 23. maí 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 32. bls. 29.-30.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Skarð á Landi með hjáleigunum Króktúni og Görðum og ennfremur Skarðsseli, Eskiholti og Erli. Skarðsþing 23. maí 1893



Nr. 33.

Landamerki Merkur í Landamannahreppi. –

Fyrst er varða í svo kölluðum Hrísum, þaðan beint í vörðu í Nónhól, þaðan í Krókstorfu (þar sem hún er hæðst), þaðan beint í Markaklett, þaðan beint í Markhellu, svo í Markellulág, þaðan vestur á Markmel (Markvörður), þaðan beint í stóran stein í Vestur-hrauninu, þaðan beint í fyrgreinda vörðu á Hrísum:

Skarði 23. maí 1893

í umboði jarðeiganda Einar Thorlacius

Fyrir hönd eigenda Leirubakkahverfis og Skarðs Eyjólfur Guðmundsson

Fyrir hönd eiganda Ósgrafar Einar Thorlacius.

Fyrir háflenduna Stóra-Klofa Ólafur Jónsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Skarðs-manntalsþingi 23. maí 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 33. bls. 30.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Mörk á Landi. Skarðsþing 23. maí 1893.



Landamerki Eystri-Garðsauka: úr svokallaðri Ormsvallarvörðu, sem stendur þar sem býlið Skeiði ber laust fyrir norðan túngarðshornið í Dufþekju og býlið Eystri-Garðsauki jaðrar við norðurhornið á Vörðufelli á Skeiðum, þaðan í vesturátt að vörðu, sem stendur fyrir norðan Dufþekju, þar sem býlið Langagerði ber í slakkann á Þríhyrningi og vestur-túngarðshornið í Dufþekju ber í miðjan Heimaklett á Vestmannaeyjum; þaðan í norðurátt beint stryk í vörðu, sem stendur við „fásavað“ við Garðsaukalæk þar sem Selssundsfjall yddir vesturundan Hvolfsfjalli og vesturtúngarðshornið í Dufþekju ber í mitt Eiðið á Vestmannaeyjum, þaðan í austurátt ræður Garðsaukalækur allt að svokölluðu Eystri-Garðsaukavaði, sem er á nefndum læk í norðaustur frá býlinu Eystri-Garðsauka, þaðan í suðurátt beint stryk í áður nefnda Ormsvallarvörðu.

Gjört í Vestri-Garðsauka 27. sept. 1892.

Jón Árnason sem undirfjarráðamaður eigenda Eystri-Garðsauka og eigandi Stórólshvols, Kornhúsa, Þinghóls, Króktúns, Gerða, Ormsvallar, Dufþekju og Miðkrika

Landamörkum þessum er samþykktur Skúli Skúlason (umráðandi Vestri-Garðsauka)

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. og bókun 1 kr.

Ein króna P. Br.

Upplesið og bókað á Stórólshvols-manntalsþingi 1. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 34. bls. 30.-31.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Eystri-Garðsauki í Hvolhreppi. Stórólshvolsþing 1. júní 1893.



Landamerkjablað í kringum Skipagerðis og Ystakótsland(!) og er það þaneg (sic) mörkin millum Skipagerðis og Alfhola erú(!) í meðjan(!) djúpós við bakkana (gljána) og uppi svo kallað kerauga og svo beina línu í þúfuna á enghól og svo í vestur endan(!) á langa rema (sic) og ber þessi lína beint á hærings fell fra vestur enda langa rema(!) ræður freisteinshóls kelda alla leið upp í selhólaflóð, og er Akureyjar land alla leið frá áður nefndu kerauga samhliða Skepgerðis(!) landi uppi selholaflóð en austan vert við selholaflóð er horn mark þar sem v, Fífilhóls land og Miðkots land og Akureyjar og Skipagerðis og Ystakots land mætast og svo úr hornmars(!) vörðunni umtöluðu bina(!) línu í vörðu á millum Miðkots og og Ystakots og þaðan norðan hallt í garð stubba við Miðkots engar(!) beina leið fram á gljá bakka og bera þessi merki semáður(!) eru talin bína(!) línu á sunnanverðan bæin á vestra Fífilholti(!)

Ísak Sigurðarson

Sigurður Jónsson

Þorsteinn Ólafsson

Jón Einarsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á Fíflholtsmanntalsþingi 6. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 35. bls. 31.-32.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Skipagerði og Ystakot í Vestur Landeyjum Fíflholtsþing 6. júní 1893.



Mörkin á Skipagerðisfjöru eru þannig við Bergþórshvols og Skipagerðis ^{kots} fjöru ^{fjöru} eru (sic) mörkin markavarða á millum Bergþórshvols og Arnarhols á austur enda lanbhols (sic) og austur enda torfhols bera beina línu á tóma geli (sic) í Þríhírningi og milli Skipagerðis og Alfhóla að vestan Akurey víð(!) suður enda hvols fjods (sic) og ber þá þrí hírning í í eing ^{miðan} hól (sic) svo kallaðan sem er í míllum(!) Skipagerðis og Akureyar einga (sic)

Guðmundur Guðnason

Einar Þorsteinsson(!)

Snorri Grímsson

Ísak Sigurðarson

Gjald til landsjóðs:

Fyrir þingl. „ kr. 75 aur.

[Fyrir] bókun „ [kr.] 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Fíflholtsmanntalsþingi 6. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 36. bls. 32.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Skipagerðisfjara í Vestur-Landeyjum Fíflholtsþing, 6. júní 1893.



Landamerkjaskjal Búðarhólstorfunnar í Austur-Landeyjahreppi.

Hornmark á norðvesturkant milli Búðarhóls og Miðeyjar er: Árnaþúfa, úr henni beina stefnu suðureftir í móts við Miðeyjar og Lágafellsland í Harðhaus, sem er hornmark í suðvesturkant, svo úr Harðhaus í móts við Hólmaland beina stefnu austur í Ferstiklu þar sem Bakkaland tekur við hinumegin, svo úr Ferstiklu austur í Ála þar sem fuglsbringa sést ^{vaka} af Seljalandsfossi ofanverðum, á þessari fuglsbringustefnu er hornmarkið í miðjum Álafarveg, þaðan beina stefnu norður eftir í móts við Stóradalstorfuna, þar til merkjaþúfa á vestri Álabakka ber í fyrnefnda Árnaþúfu og svo áfram sömu stefnu í móts við Miðeyjarland í Árnaþúfu.

Búðarhólshjáleigu 17. maí 1893.

B. Guðmundsson (fyrir hönd eiganda Búðarhóls og ábylis jarðar minnar)

Guðni Guðmundsson eigandi jarðarinnar Spækils

Jón Bergsson fyrir jörðina Hólma

Ísleifur Magnússon fyrir jörðina Bakka

Einar Árnason fyrir jörðina Miðey

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Krossmannatalsþingi 7. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 37. bls. 32.-33.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Búðarhólstorfan í Austur-Landeyjum Krossþing 7. júní 1893.



Landamerki jarðarinnar Bryggna í Austur-Landeyjahreppi. –

Úr Markadæluvörðu, sem er hornmark milli Kross, Gularás (sic), Snotru og Bryggna, liggja mörkin í þúfu, sem er norðust á litlhól og þaðan beina línu austur í hornmarksvörðu milli Ljótastaða og Kyrkjulands, þaðan beint stryk að bera í Klofadrang, enn úr fyrnefndri markadæluvörðu liggja mörkin að vestan í markapúfu, sem er í miðjum slægjum milli Bryggna og Krosshjal. og sama lína alveg bein, sem ber í vestasta melinn í þéttumelum, því ekki verður talað um Krossás, sem fyrrum hefir til verið, enn nú er eyddur af sandi og finnst því ekki. Um framanskriafaða markalínu eru allir vikomandi búendur og jarðeigendur samþykkir.

Þannig gjört árið 1892.

Eigandi: Jón Bergsson

Ábúendur: E. Sigurðarson B. Tyrfingsson G. Guðmundsson (handsalað) M. Þórðarson.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Krossmannatalsþingi² ár 1893 7. júní¹ og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 38. bls. 33.-34.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Bryggjur í Austur-Landeyjum Krossþing 7. júní 1893.



Landamerkjabréf fyrir jörðina Sel.

Landamerki milli Sels og Stóru-Hildiseyjar. –

Hornmark að austan og framan er þúfan við Árnapytt og er hún þar sem Miðeyjarbær ber laust framan við Seljalandsfoss og Borgarhóll milli austur-Eyja og þaðan beina stefnu í þúfuna út við fljót og er hún þar sem Selshjáleigubæ ber í norðuröxlina á austurfjallinu og Skíðbakkabæ við Kleifar á Heimakletti, þaðan ræður fljótið í þúfuna ofan við Sandhól og er hún þar sem Kanastaði ber í norðurendann á Búrfelli og Ljótastaði í Ystaklett og úr þúfunni fyrir norðan Sandhól og yfir um miðja Breiðudælu austur að þúfunni við Selslæk og er hún þar sem Kanastaðabæ ber mitt á milli Búrfells og Ingólfsfjalls og ræður lækurinn fram í þúfuna við Miðvað og er hún þar sem Ljótastaði ber í Blátind og Kanastaði norðan við Hestfjall og úr Miðvaðspúfu eftir Silungalæk, suður í þúfuna við Árnapytt, með samþykki viðkomenda, að Sóleyjarflóð sé yrkt frá Seli eins og hefir verið undanfarna tíð. –

Gjört í maí 1890.

Valtýr Brandsson

Guðmundur Brandsson

Ísleifur Magnússon

Magnús Björnsson

Magnús Jónsson

Einar Árnason

Árni Ólafsson

Hreiðar Hreiðarsson

Þórður Guðnason

Guðmundur Þórðarson

Guðmundur Halldórsson

Ólafur Øgmundsson

Erlindur Erlinsson

Bókun – – 25

þingl. – – 75

ein króna borgað Bjarnason

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 106. bl. 61.

Vottar Páll Briem

Landamerki jarðarinnar Selshjáleiu eru hin sömu og framanskriafaðrar jarðar Sels, þar sem óskift land er milli þeirra jarða, að túnnum undanskildum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ritað í júnímánuði 1892

af eiganda Selshjáleigu Valtýr Brandssyni.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Krossmannatalspingi 7. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 39. bls. 34.-35.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Sel í Austur-Landeyjum Krossþing 7. júní 1893.



Landamerkjalysing fyrir jörðinni Hamragörðum í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem er 800 hndr. fornt m. (sic)

Þúfa á geldingatanga, sem nokkrir hafa kallað Brúntanga enn syðra. Þúfa þessi er í beinni stefnulínu vestan úr tíundadal, og á í línu þessari að sjást fuglsbringa í Seljalandsfoss, og þar sem þúfan stendur á tæplega að sjást fuglsbringa í fossinn af manni sitjandi á hesti, enn vel sjáandi af manni standandi á hesti. Þessi þúfa er þar sem litla-Dímon ber í vestri ræturnar á Tindfjallajökli í lægðinni milli hins litla hnúks, er þar stendur. Þúfa þessi er því hliðarmark milli Seljalands, og Tjarnalands, enn annars vegar hornmark milli Hamragarða og Stóradalslands með hólmaörðum, sem eru afbýli. Þaðan úr geldingatanga-þúfunni beina sjónhending ustur (sic) á aurinn austan við Lambhúshól þar sem markið milli Stóradals og Neðradals liggjar upp á heiðina. Þar stóðu forðum 3 þúfur, sem fyrir löngu eru af brotnar af Markafljóti. Úr áðurnefndri þúfu á geldingatanga sjónhending fuglsbringu í Seljalandsfoss; svo ræður áinn(!) á heiðinni. Og úr ánni hjá Stórhöfða bein sjónhending í gljúfursárbotna, svo ræður gljúfursá allt fram á brúnir og svo fjallsbrúnin norðureftir inn á Kattarnef, þaðan beina stefnu vestur í fyrstnefnda merkjalínu þá, sem liggur úr þúfunni á geldingatanga á aurinn austan við Lambhushól.

Flókastöðum og pp(!) Árvörn 1. júní 1893.

Vigfús Sigurðsson

Þuríður Þórðardóttir

Markús Þórðarson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. „– 75 aur.

[Fyrir] bókun „– 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Kverkarhellis-manntalsþingi 8. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 40. bls. 35.-36.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Hamragarðar í Vestur-Eyjafj. hr. Kverkarhellisþing 8. júní 1893.



Sauðhúsvöllur í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 36-37
Nr. 41.

Skrásetning yfir landamerki Sauðhúsvallar í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Í móts við Hvamms land, ^{úr hellunum} í syðsta Hafurs-hól bein stefna í í garðrúst á eystra nátthaga leiti og svo í miðklett í Hvammsskörðum; úr nefndum hellum sama stefna fram á leirur í svo nefnda Hvammspúfu og þaðan útávið í móts við Fitjarmýrarland bein stefna í urðarland fyrir vestan Drífandafoss allt þar til fremri og vestri endann á garðinum fyrir vestan Stígslæk ber í bollatorfustand, sem eru landamerki milli Sauðhúsvallar og jarðarinnar Fitjar.

Sauðhúsvelli 11. júní 1892

Ísleikur Guðmundsson (eigandi og umráðamaður Sauðhúsvallar)

Jón Auðunsson

Magnús Sigurðsson

Bergsteinn Einarsson

Björn Bjarnason

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Kverkarhellis-manntalsþingi 8. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II Nr. 41. bls. 36.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Sauðhúsvöllur í Vestur-Eyjafjallahreppi. Kverkarhellisþing 8. júní 1893.



Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur Sandatorfunnar liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur og ábúendur hennar vitum þau sönnust og réttust að vera:

Í fyrsta lagi úr slíflækjarmynni, sem er fyrir austan bæinn Fornu-Sanda, svo beina stefnu í seftjörn þá sem er hornmark að ofan milli Nýjabæjar og Fitjarmýrar og það mark er að finna í beinni stefnu úr slíflækjarmynni í Paradísarhelli, svo úr þeirri seftjörn beina stefnu út í Seljaland í bæjarröndina á bænum Seljalandsseli, þaðan beina stefnu í sefpoll þann, sem er fyrir vestan bæinn Efri-Rot og úr þeim sefpolti í Syðstupolla og svo beina línu til sjávar þar sem elding sést milli Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og Bjarnarey austur undan.

Fjaran, er tilheyrir Sandatorfunni: Mark hennar að austanverðu er vestasta húsið á bænum Fornu-Söndum á að bera í Setberg í Seljalandsmúla; enn vesturmark hennar er að vestasta hús á sama bæ ber í Drífandafoss, þaðan nær Dalsfjara, þar til elding sést milli Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og Bjarnarey austur undan.

Afréttarlandið Almenningar tilheyrir Sandatorfunni að hlutfalli við aðra eigendur hans.

28. maí 1892.

Í umboði Þuríðar Jónsdóttur Keldum

Fyrir Fornusanda Bergsteinn Einarsson

Í umboði eiganda Efri-Rota Hjámar Eiríksson

Hinumegin ritaðri landamerkjalyfing mótmælir vegna Nýjabæjar Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli. –

Samþykka (sic) Bergsteinn Einarsson Björn Bjarnarson, handsalaði

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað P. Br.

Upplesið og bókað á Kverkarhellis-manntalsþingi 8. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II Nr. 42. bls. 37.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Sandatorfan í Vestur-Eyjafjallahreppi Kverkarhellisþingi 8. júní 1893.



Skrásetning yfir landamerki Fitjarmýrar í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Að ofan og austanverðu er hornmarkið þar sem hellurnar í Hafurshól bera í Miðklett í Hvammsskörðum og leitið fyrir vestan Drifanda ber framan við Paradísarhellisnefið og ræður sú stefna úteftir ^{alla leið} á móts við Sauðavallarland, enn fram eftir að austanverðu (á leirunum) ræður hin fyrnefnda stefna, að hellurnar í Hafurshól beri í Miðklett þar til Víghóll ber í Sefpyttinn út í mýrinni; svo þaðan úteftir á móts við Nýjabæjar og Sandaland beina stefnu um Víghól og Sefpyttinn allt þar til að Steinninn á miðenninu í Ítölubrekku ber vestan við Fitjarmýrabæ og svo ræður sú stefna í móts við Seljalandsland allt til fjalls. Hin svo kallaða Halaleira, sem er innan hér nefndra ummerkja, tilheyrir Fitjarmýri að tveimur þriðju pörtum, enn jörðinni Fit að einum þriðja.

Fitjarmýri 25. maí 1892

Umráðamaður og ábúandi Bergsteinn Einarsson

Eigandi og ábúandi Björn Bjarnason

Eigandi Jón Guðmundsson

Framanskriafaða landamerkjalyásing samþykkja:

Í umboði Efri-Rota Hjálmar Eiríksson

Hinumegin ritaðri landamerkjalyásing mótmælir vegna Nýjabæjar Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Fyrir hönd eigandans að Seljalandi Sig. Sigurðarson Högni Sigurðsson

Framanskriafaða landamerkjalyásing samþykkja í umboði Efri-Holta-torfunnar Jón Sighvatsson Sigurður Jónasson.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Kverkarhellis-mantnalsþingi 8. júní 1893 og ritað i landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 43. bls. 38.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Fitjarmýri í Vestur-Eyjafjallahreppi. Kverkarhellisþing 8. júní 1893.



Landamerki jarðarinnar Fitjar í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkv. sáttagjörð dags. 17. júní f.á. eru landamerki milli Fitjar og Sauðsvallar: „úr Bollatorfu, sem er undir Bollatorfustandi, í merkiklett undir brekkunni, og svo í merkigarð bein lína í efra horn hans, síðan ræður garðurinn fram að Fitjarmýrarál, þó að hann beygist ~~æ~~vestur á við að sunnanverðu, síðan bein stefna til suðurs, þar sem syðri enda garðsins ber í fyrnefnda Bollatorfu suður í merkjalínu þá, sem liggur sunnan við Sauðsvallarland milli þess og Fitjarmýrar“.

Þetta að vera samkv. sáttabók Vestur-Eyjafjallahrepps vottar Sighv. Árnason (sáttam.)

Ofanefnd merkjalína milli Fitjar og Fitjarmýrar er þar sem leitið fyrir vestan Drífandafoss ber fram fyrir Paradísarhellisnefið og þaðan austur á við beint í Hvammsþúfu og svo beint fram að engjamörkum Fitjarmýrar, sem ráða beina stefnu í kelduna fyrir ofan Fitjarmýrabakka. Innan þessara takmarka (nefnil. landið, sem liggur austur á við fyrir framan álinn) á Fitin þriðjung af óskiftu landi móti Fitjarmýri. Þegar fyrnefnd kelda þrýtur ræður sama stefna þar til merkjalínan milli Seljalands og Fitjarmýrar tekur við, sem er á sömu stöðvum og engjamarkið við fjallið á milli Fitjar og Seljalands, sem er: úr neðsta marksteininum upp í nefið vestan við Paradísarhellir, svo ræður til fjallsins neðri hamrabrúnin allt austur á móts við fyrnefndan Bollatorfustand þar sem Sauðsvallarhamrar taka við.

St. að Fit 24. maí 1892

Eigendur Fitjar: Einar Ólafsson Jón Bergsson

Fyrir hönd Fitjarmýrar samþykkja sem eigandi og ábúandi Björn Björnsson sem ábúandi og umboðsm. Bergsteinn Einarsson.

Fyrir hönd eiganda Seljalands samþykkja: Sig. Sigurðsson Högni Sigurðsson

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Kverkarhellismanntalsþingi 8. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 44. bls. 39.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi Kverkarhellisþing 8. júní 1893.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Lambafells í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu. –

Eru mörkin sem hér segir:

Hornmark fjögura jarða nl. Lambafells, Þorvaldseyrar, Ystabælis og Leirna er svo nefnd Steinkerling, úr henni liggur markalínan beina stefnu eða sjónhending í austur-landnorður framanhalt við háhnúkinn að ofanverðu á hæðsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkerlingu innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð (tírað) þrjátíu og sex faðmar frá nefndri Steinkerlingu mældar 3 álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan uppávið beina sjónhending í neðsta og stærsta fossinn, sem er austanmegin í Þorvaldseyrarheiði, austanhalt við merkigil að neðanverðu og ræður sú stefna allt þangað til að kemur í lækinn, sem rennur fram úr Merkigili að neðanverðu og síðan ræður merkigil upp í jökul. Svo úr ofannefndri Steinkerlinga beina línu með fram Ystabælislandi að ofan í þúfuna, sem er hornmark á Lambafellslandi á suðausturkanti Úr þeirri þúfu er bein lína eða sjónhending í rauðastein, sem er á aurunum fyrir innan Seljavelli, svo er marklínan beint áfram inn með laugarárbrekku niður á aurunum og inn í gilið, sem er vestan við svo nefndar Raufarfells-tungur, liggur svo markið eftir miðju gilinu í jökul.

Lambafelli ^{dag} 11. júní 1892

Jón Jónsson

Ingibjörg Eyjólfsdóttir

eigendur.

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. borgað P. Briem

Upplesið og bókað á Steinahellis-manntalsþingi 9. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 45. bls. 40.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Lambafell í Austur-Eyjafjallahreppi Steinahellisþing 9. júní 1893.



Landamerki jarðarinnar Voðmúlastaða og meðfylgjandi afbýla, sem eru: Austur- Mið- og Surhjáleigur, Hólmur og Oddakot, í Austur-Landeyjahreppi Rangárvallasýslu. –

Frá Litlu-Hildiseyjarvaði ræður fljótið austur og upp eftir, þar til það fellur úr keldudrögum norður af Seli, við þau er rimi með upphlaðinni þúfu og úr henni liggur línan yfir þúfu á löngum rima, sem gengur inn í Breiðudælu og beint í þúfu við Selslæk upp með læknum upp í Kringlubrún og svo beina línu í Þríþúfur á Grenstangabrá og liggur hún þar sem Dalssel ber við Seljalandsmúla; svo er áframshaldslína (sic) í Höttukýl, sem er blástrararkýll í Skiftingarhólmi og liggur hann þar sem vestur-rætur Stóru Dímonar bera við Viðargil milli Fljótsdals og Barkarstaða og Torfastaðabær við Voðmúlastaðaréttir að norðan. Úr Höttukýl er bein lína í skriðuna á útsuðurhorni Stóru-Dímonar og það upp í brún. Svo úr vesturhorni Dímonar og vestur í Hrossleggjarþúfu og liggur hún þar sem Stóra-Mörk er jafnt sunnan við Stóru-Dímon og Eyvindarholt norðan við Litlu-Dímon og fossinn í Kvoslækjará austan við Hellishólabæ. Úr Hrossleggjarþúfu liggur línan í útsuður beint fram í Þríþúfur á Torfríma og liggja þær þar sem Sel ber í Klettaskörð og slakkann á Miðhjáleigutúni í fjallsendann og svo beina áframshaldslínu í Grenshól og liggur hann, þar sem Bryggjur bera í Álfsey og Markhóll vestur á Affallsbökkum í Strandarhöfða. Úr Grenshól beina línu þar til Oddakot ber norðan við Voðmúlastaði, er þá komið á garðlag vestan við rimana og svo eftir því í áður nefnt Litlu-Hildiseyjar-vað.

Ísleifr Magnússon

Einar Árnason

Gróa Jónsdóttir

Jóhanna Hreinsdóttir

Guðni Sigfússon

Valtýr Brandsson

Guðmundur Brandsson

Guðjón Bárðarson

Porvaldseyri 23. júní 1892 þ. Bjarnarson

Gjald til landssjóð: Fyrir þingl. 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur.]

1 kr. Ein króna borgað Páll Briem

Upplesið og bókað á Krossmantalsþingi 7. júní 1893, og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. Nr. 46. bls. 41.

Vottar Páll Briem

[á spássíu] Voðmúlastaðir í Austur-Landeyjum og meðf. afbýli Krossþing 7. júní 1893.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerkjaskjal fyrir jörðinni Vatnsdal

Með samkomulagi er ákveðið, að Blönduþyttur, sem er hornmark millum Vatnsdals, Kollabæjarhverfis og Torfastaða, skuli haldin í Torflæk móts við vörðu þá hlaðna fyrir vestan lækjarbakkann, þar sem Búrfell og Bjólfell mynda sýlingu; efsti skútinn í Bæjargilinu ber laust vestanvert við bæjarröndina í Vatnsdal og Svaðhaus ber rúmt akhlið suður úr Þríhyrningi.

Úr Blönduþytt liggja svo mörk Kollabæjarhverfis móts við Vatnsdal í Svaðhaus, en hann liggur þar, sem elding eða hlið ber milli Einisdranga og Ingimundarheiðar, og austurvegg heygarðsins í Vatnsdal ber í bæjargilið. Af Svaðhaus liggja mörkin yfir upphlaðna þúfu á hálsinum og beint af henni í steinbogann á Grákollugili, úr honum beint út í upphlaðna þúfu á austanverðum Bresthól og þaðan beina stefnu út í Fiská. Mörk Vatnsdals móts við Torfastaði að framan liggja úr áðurnefndum Blönduþytt vestur yfir há Vörðuholt norðanvert beina stefnu miðaðri í slakkann á miðjum Þórunupsnúp, í hornmarksvörðuna milli Vatnsdals og Árgilsstaða, en hún á að vera í beinni sjónhending suður frá Helgafelli. Úr hornmarksvörðunni á Vörðuholti beina línu í vörðuna á Helgafelli þaðan sjónhending í hæðsta stein á Hnauk og þaðan beina línu niður í Fiská, og þaðan ræður Fiská á milli Vatnsdals og Reynifells austur úr í áðurnefnt hornmark milli Vatnsdals og Kollabæjar. – Hér að auki á Vatnsdalur skógar-ítak í Næfurholtslandi, sem nefnt er Vatnsdalstorfa. Þessi torfa liggur langt nokkuð fyrir innan gamla Næfurholt, og er afskorin á alla vegu, af Rangá að vestan, en fláka sand-skurði á hina þrjá vegu. Næst fyrir innan liggur svo nefnt Geldingarlækjartorfa, en aftur næst fyrir framan Minna Hofs-torfa – Ennfremur fylgrir jörðinni Vatnsdal skógarhögg og kindabeit á Þórsmörk eftir því sem tala rennur til eftir hndr. tali á móts við aðrar bændaeygirnir hér í sveit

Vatnsdal 11. desember 1886

Magnús Árnason eigandi og ábúandi í Vatnsdal

Skúli Gíslason.

Ísleifur Magnússon eigandi að Tumastöðum

Einar Þorsteinsson, eigandi að Ormskoti

Páll Jónsson eigandi að vestur Torfastöðum

Sigurður Magnússon eigandi að Kollabæ

H. E. Johnsson eigandi að hálfri jörðinni Árgilsstöðum

Þinglesið á Fljótshlíðarmanntalsþingi að Kirkjulækjarhellir hinn 30. maí 1894 og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. bls. 42-43

Páll Breim

Gjald til landssjóðs

Fyrir þinglestur 75 aur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[Fyrir] bókun 25 [aur]

1 kr. – Ein króna ó.b. P. Br.

[á spássíu] Vatnsdalur í Fljótshlíðarhreppi. Kirkjulækjarhellisþing 30. maí 1894.



Skrásetning yfir landamerki eyðjarðarinnar Hörðuskála í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, og er hér lýst mörkum, bæði eftir sögusögn núlifandi manna og brúkun og svo líka eftir fornum skjölum, og nokkuð eftir samkomulagi og eru mörkin sem hér greinir: Á Bakkakotsbrúnni, þar sem keldan endar við brúna austast við nefnt Traðarhorn, þegar staðið er þar á brúnni upp af miðri keldunni, að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pétursey framundan Hrutafellsfjalli, er bein sjónhending til haf útsuðurs, í þúfuna sem er á bakkanum suður við garðinn, austan megin við svo nefnda Miðá, nálægt hádegistað frá Syðra Bakkakoti, svo ræður garðurinn marki fyrir sunnan svo nefnd Tögl, allt austur í Klömbruskurð; svo ræður skurðurinn marki, allt þangað til að þúfan, sem er í suðvestur (~~horni~~) horni Hrutafellslands ber í Reynhól. Úr þeirri þúfu er bein sjónhending í þúfuna í norðvestur horni svo nefndrar Bakkamýrar. Úr þeirri þúfu ræður kelda allt þangað til að kemur garðlag eða þúfna röð á bakkanum austan megin við Klömbru skurð. Úr nefndum garðlegg eða þúfnaröð, í þúfuna sem er á bakkanum vestan megin við Klömbruskurð, hver þúfa að er mark á milli Hrutafells, Bjarnarhólma og Hörðuskála. Úr þeirri þúfu, í þúfuna sem er hornmark á milli Hörðuskála, Hrutafells og Skarðshlíðarhólma. Úr þeirri þúfu í þúfuna sem er hornmark á milli Skarðshlíðarhólma og Bjarnarhólma. Úr þeirri þúfu bein sjónhending í austurendann á Bakkakotsbrúnni, svo ræður brúin marki á þann fyrst nefnda markalýsingarstað. –

Innan þessara landamerkja eiga slægju-itak í Hörðuskálandi.

1. Drangshlíð svo nefndan Drangshlíðarhólma. 2. Skarðshlíðar svo nefndan Skarðshlíðarhólma.

Eystri-Skógum og Drangshlíð 9. júlí 1892.

Vegna séra Kjartans Jónssonar á Elliðavatni Jón Hjörleifsson Puríður Bjarnardóttir

Gjald til landssjóðs:

Fyrir þingl. 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

1 kr – Ein króna. brogað P. Br.

Þinglesið á Steinahellismanntalsþingi og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu II. bls. 34-44.

Páll Briem

[á spássíu] Hörðuskáli í Austur-Eyjafjallahreppi. Steinahellisþing 1. júní 1894.



Við sem ritum nöfn okkar hjer undir jeg Jon Guðmundsson bóndi á Ægisíðu í Holtum og jeg Jón Einarsson nú lausam^{sic} í Sviðholti á Álptanesi, komum okkur saman um svofelldan eignarsamning, á hólma þeim er liggur í Ytri-Rangá fyrir Ægissíðulandi, er Reinhólmi nefnist. Skal nefndur hólmi hjerfrá liggja undir hálfu jörðina Ægisíðu vestara ábýlið, samkvæmt brjefi hreppst. Jóns Árnasonar í Vestri-Garðsauka dags. 19. jánúar 1895 hvar hann afsalar sjer öllum kostnaði og ávinningi til tjeðs hólma, og frá segir eignar tilkalli sínu til hans.

Samning þennan má þinglýsa á beggja okkar kostnað og skulu ákvæði þau, sem um nefndan hólma hljóða í landamerkja skjali [~~Landamerkjaskjali~~] Gunnarsholts á Rangárvöllum hjer með ónýtt og úr gildi felld.

Gjört að Ægisíðu 31. janúar 1895

Jón Guðmundsson

Jón Einarsson

Vottar.

Einar Guðmundsson

Guðm. Þorleffsson.

[á spássíu] Reinhólmi í Ægissíðulandi í Holtahreppi, 18. maí 1895.



Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðina Nýabæ, í Vestur Eyjafjallahreppi.

Að vestan, milli Nýjabæjarlands og Sandalands er markalínan frá sjó í þá stefnu, að varða á gljábökkunum beri í aðra vörðu nokkru ofar, sem beri í Drífandabrun, og helst sú lína allt upp að vörðu, sem er útnorðurs horn Nýjabæjarlands. Síðan er markið milli Nýjabæjarlands og Fitjarmýrarlands bein lína til austurs frá síðast nefndri hornvörðu allt austur áð Leirurnar, þar sem mættist Efriholtaland og Vesturholtaland, og bera þá hellurnar í syðsta Hafurshól í Miðklett í Hvammsskörðum, og helst sú stefna, sem mark, milli Nýjabæjarlands og Vesturholtalands allt til sjávar. –

Fyrir Nýjabæjarlandi liggur Nýjabæjar fjara, sem Holt á, innan þessara ~~lína~~ marka: að vestan á vestasta húsið í bæjarröðinni á Fornu-Söndum að bera í Setberg, sem er neðsta klöppin á Seljalandsmúla; að austan á vestasta húsið í Lambhúshól að bera í Kálphamar, sem er klettur austan við túnið í Hvammi.

Fyrir Nýjabæjarlandi vestan við Nýjabæjarfjöru eru 50 – fimmtíu – faðmar af Sandsfjöru, samkvæmt framanritaðri landamerkjalyking, og hafa Eigendur Sandatorfunnar af þeim hluta Sandafjöru hvali og sívalan reka, að undanskildu leiguliða gagni.

Afrjettarlandið Almenna á Nýibær hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þá eiga líka.

Staddur í Nýjabæ 8. maí 1896

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Landamerkjaskrá þessa samþykkja, og ónýta allar fyrri lýsingar á landamerkjum Nýjabæjarlands.

Fyrir Vesturholt: Kjartan Einarsson.

Fyrir Eigendur Sandatorfunnar, samkvæmt skriflegum umboðsm: Högni Sigurðsson, Hjálmar Eiríksson, Bergsteinn Einarsson Jón Hjörleifsson.

Fyrir hönd eigenda Fitjarmýrar: Bergsteinn Einarsson, Bjarni Bjarnason.

[á spássíu] Nýibær í Vestur-Eyjafjallahreppi. Yzta-Skálaping 21. maí 1896.



[á spássíu] Vitnispurðir um landamerki milli Selalækjar og Odda.

Að gefnu tilefni vottast hérmeð, að landamerki milli Selalækjar og Odda á Rangárvöllum út við ytri-Rangá hafa verið svo lengi sem ég til veit, talin um tvær smávörður er en sjást, móts við Bjólu, þar sem Bjóluháleigu ber í Ingólfsfjall og nefndar smávörður hvor í aðra og í þriðja vörðubrotið sem er á smalaskálaholti, fyrir austan flóð, og enginn vafi er nú á að séu rétt mörk. Mörkum þessum út við ána er ég kunnugur frá barndómi, og hefi engan efa heyrt á því að þessi mörk væru hin einu réttu

Bjóluháleigu 7. apríl. 1908

Jón Eiríksson (handsalað)

Ég undirritaður, sem búið hefi á Selalæk í 38 ár tel ofanrituð landamerki útvið Ranga hin einu réttu, enda hef ég jafnan látið slá eptir þeim. Í landamerkjabréfi, sem ég gjörði fyrir jörðina samkvæmt lögum 17/3 – 82, eru mörkin þar talin og skrifaði Oddapresturinn undir það athugasemdalaust. En þar sem í landamerkjabréfinu fyrir Oddastaðnum er talið að mörkin séu úr Smalaskálavörðunni og beint að sjá á Bjólu þá verður það nokkúð ofar með ánni.

Þetta skjal hafði ég að vísu undirskrifað, en án þess að athuga, að mörkin urðu þó önnur en hin áður nefndu, enda fórum við (að mig minnir) er við riðum á mörk þessi, ekki nenn á Smalaskála – ekki útyfir flóðin – og munum því ekki hafa séð nefndar vörður við Rangá.

Selalæk 25. apríl. 1908.

Brynjólfur Stefánsson.

Ég undirritaður, sem nú er eigandi Selalækjar og ábúandi á honum hálfum, reið af framansögðu að telja að Seljalækjarland nái að nefndum vörðum við Rangá, og mun því yrkja það hér eptir, sem mína rétta eign, eins og gjört hefur verið til þessa dags.

Selalæk. 25. apríl. 1908.

Sig. Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Reyðarvatni 22. maí 1908 og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu 2. sub. N^o 51. bls. 45.

Ath. Framanrituðum vitnisburðum mótmælti á þinginu umráðandi jarðarinnar Odda að svo stöddu.

Þetta vottast hérmeð.

Skrifstofu Rangárvallasýslu 2. júlí 1908.

Björgvin Vigfússon.

Þingl. 1. – ein – króna. B.V.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Breyting á landamerkjum milli Vestri-Garðsauka, Garðsauhjáleigu og Miðkrika annarsvegar og Eystri-Garðsauka hinsvegar.

Vér undirritaðir höfum ídag komið oss saman um þá breytingu á mörkum milli ofanefndra jarða, að þau liggi frá vörðu á suðurbakka Garðsauhjalækjar sjónhendingu í hina fornu markavörðu í mýrinni norður af Dufþekju, og stendur sú varða þar sem Langagerðisbær ber í slakkann á Þrýhrynningi og vesturtúngarðshornið í Dufþekju ber í miðjan Heimaklett.

Hin fyrnefnda varða stendur þar sem Hótsvolskirkjuturn ber í Þinghólsbæ og Lambeyjarhóll þar sem hann er hæstur ber norðanvert í háhrynnuna á Fagrafelli í Eyjafjallsjökli.

Staddir að Vestri-Garðsauka, 20. júní 1908.

Skúli Skúlason (umráðandi Vestri-Garðsauka)

Jón Arnason (eigandi Miðkrika)

Sæmundur Oddsson (eigandi og umráðandi Eystri-Garðsauka).

Ár 1908, föstud. 17. júlí er skjal þetta fyrirfram innritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu sub. N^o 52. bls. 46. til þinglesningar á næsta manntalsþingi fyrir Hvolhrepp.

Til staðfestu er undir mín hönd og embættisinsigli.

Skrifstofu Rangárvallasýslu. D.u.s.

Björgvin Vigfússon

Gjald. 1 – ein – króna. B.V.

[á spássíu] Breyting á landam. milli Vestri-Garðs; Garðsauhjal. og Miðkrika annarsv. og Eystri-Garðsauka hinsv. Þingl. 4. júní 1909



Hrútafell og Hrútsfellskot ásamt Skarðshlíð, Drangshlíð og Drangshlíðardal, bls. 47-52
N^o 53

Eftirrit úr dómsmálabók hins kgl. íslenska landsyfirdóms.

—”—

—”—

Ár 1913, mánudaginn 31. marz var í landsyfirdóminum í málinu: 12/1912.

Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti gegn Eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal

kveðinn upp svofelldur dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir landamerkjadómi Rangárvallasýslu af eigendum jarðanna Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal gegn eigendum jarðarinnar Hrútafells með Hrútafellskoti útaf ágreiningi um landamerki milli téðra jarða innbyrðis, og gekk dómur í því fyrir téðum rétti hinn 24. okt. 1910 þannig, að landamerki milli jarðanna voru ákveðin þessi: Að sunnanverðu úr hornmarksvörðu á landamerkjum Eyvindarhólalands í merkjavörðu á Grásteini, þaðan sjónhending til fjalls í merkjavörðu neðst í garðrúst austan með Hrútafellskinn og eftir garðrústinni upp til hamra, þaðan með klettarótum í bláanefið á suðausturhorni Hrútafellsins upp af Ófeigs eða Skarðshlíðargrjótum og þar lóðrétt upp hamrana og þaðan með klettabrúnum í Grettisglugga upp á fjalli, þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnúpu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn að Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sömu sjónhending í jökul. Til dómenda skyldu málsaðilar greiða samtals 391 kr. 50 au. sinn helminginn hvorir um sig in solidum, svo sem nánar segir um í dóminum. Að öðru leyti skyldi málskostnaður falla niður.

Dómi þessum var af áfrýjendunum, eigendum Hrútafells með Hrútafellskoti skotið til yfirdómsins til ónýtingar með stefnu, dags. 18. seft. 1911, en málinu var þá vísað frá rétti með yferréttardómi uppkveðnum 25. marz 1912. Nú hafa áfrýjendurnir aftur stefnt í málinu fyrir yfirdóminn með stefnum 29. marz og 4. júní f.á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði merkjadómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim vegna þingsafglapa og lögleysu að efni til, og að stefndu verði dæmdir í málskostnað eftir réttarins mati. Hinir stefnu hafa aftur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað eftir réttarins mati.

Áfrýjendur hafa krafizt ónýtingar málsins sökum þingsafglöpunar fyrir það, að einn af merkjadómendunum hafði fjallað einn um sættir í málinu, en það telja þeir hafi gjört hann óbæran til að taka sæti í merkjadóminum síðar, og hafi dómurinn fyrir þetta eigi verið löglega skipaður. Það var þó lógum samkvæmt að merkjadómandinn reyndi sættir^{einn} í forföllum hins sáttamannsins, og hinsvegar var við skipun hans síðar við merkjadóminn gætt að öllu leyti ákvarða landamerkjaganna um ruðning úr dóminum, og var hér því eigi um nein þingsafglöp að ræða.

Þá telur áfrýjandi það þingsafglöp og krefst fyrir það ónýtingar málsins, að vitnum nokkrum hafi eigi verið stefnt til að hlýða á framburð annara vitna, er borið hefðu gagnstætt þeim um sömu atriði.



En þessi ónýtingarástæða verður heldur ekki tekin til greina, því hér er hvortveggja, að í tilfellum þeim, er skráskotað er til í þessu efni, var í raun og veru eigi um gagnvitni að ræða, enda gat slík vanræksla, þótt komið hefði fyrir, eigi haft ónýting merkjadómsins alls í för með sér, heldur aðeins orðið til ógildingar þeim einstöku vitnaskýrslum, er vanrækslan snerti.

Loks hefur áfrýjandi krafist heimvísunar málsins sökum sökum ófullnægjandi afstöðu uppdráttar. En með því að yfirdómurinn af uppdrætti þeim, þótt ófullkominn sé, er fram var lagður í merkjadóminum í sambandi við lýsingu merkjadómsins á landslagi og landsháttum og aðrar skýrslur málsins, telur sig geta áttað sig nægilega á þeim atriðum málsins, er máli skrifta fyrir úrslit þess hér fyrir réttinum, þá verður þessi ónýtingar eða heimvísungarástæða áfrýjanda ekki til greina tekin

Víðvíkjandi aðalefni málsins, þá var þrætan fyrir merkjadóminum um það, hver landamerkin væru milli jarðanna Hrutafells með Hrutafellskoti annarsvegar og jarðanna Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardals hinsvegar, alla leið sunnan frá landamerkjum Eyvindarhóla – en sú jörð liggur þvert fyrir báðum jörðunum að sunnan, norður til jökuls. Hefur merkjadómurinn skorið úr þrættunni svo sem fyr segir, en áfrýjendur halda því fram, að þar hafi dómurinn gjört sig sekan í lögleysu að efni til og krefjast því ómerkingar dómsins. Áfrýjendur telja fyrst og fremst merkjadóm – hafa framið lögleysu með því að ákveða suðurmarkið milli jarðanna töluvert norðar og vestar en áfrýjendur héldu fram fyrir merkjadóminum, en fyrir það legst merkjalínan sunnan til töluvert vestar eða nær Hrutafelli en áfrýjendur vildu vera láta.

Það er að vísu samkomulag um það í málinu, að greint suðurmark sé eða eigi að vera örnefnið „Grásteinn“, og að steinn þessi eigi að vera í landamerkjalínu Eyvindarhóla gagnvart jörðunum Hrutafelli og Skarðshlíð – Drangshlíð. En menn eru ósammála um það, hvar þessi Grásteinn sé eða hafi verið. Hafa áfrýjendur haldið því fram, að hans ætti að leita samkvæmt vitnisburðum í visitatíubókum Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árunum 1641-1662, sem báðir aðilar hafa skýrskotað til sem fullgildu sönnunargagni, í beinni sjónhendingarlínu eftir stefnu merkjarðs fyrir sunnan Hrutafell, og geti þó ekki Grásteinn sá, er merkjadómurinn hefur ákveðið, verið hinn rétti Grásteinn. En þessi fullyrðing þeirra verður ekki leidd með nokkurri vissu útúr ummælum greindra visitatíubóka, vegna þess að örnefnin, sem þar er miðað við, eru týnd eða horfin og aðrir vitnisburðir, er áfrýjendur hafa borið fyrir sig, eru aðeins meira eða minna óljósar sagnir, sem ekki verður byggð nein viss á. Áfrýjendur hafa heldur ekki getað bent á neinn stein í áminnstri sjónhendingarlínu, þar er þeir halda fram, að Grásteins eigi að leita, er geti verið hinn umþrætti Grásteinn, en að hann muni vera sokkinn í jörðu, er óstudd fullyrðing þeirra. En þar sem áfrýjendur þannig, hvorki hafa getað fært líkur til þess, að Grásteinn hafi verið þar, sem þeir hafa haldið fram, né að hann hafi ekki getað verið þar, sem merkjadómurinn hefur ákveðið stað hans, þá verður það ekki talin lögleysa af merkjadóminum, er hann dæmdi mark þetta vera þar, sem honum þótti bezt koma heim við skjöl málsins og landslag og landshátta alls.

Þá var í öðrulagi ágreiningur um það fyrir merkjadóminum, hvort merkin ættu að miðast norður eftir úr Grásteini í Rútshelli austan verðan og þaðan beint upp í fjallsbrún og svo með



brúnum, eins og stefndu héldu fram í héraði, eða í Grettisglugga svonefndan í Ófeigsgrjótum og svo með fjallsrótum, einsog áfrýjendur telja rétt vera. Merkjadómurinn tók einnig hér hvoruga stefnuna til greina, þá er aðilar héldu fram, en ákvað stefnuna nokkuð bil beggja við það, er þeir kröfðust, eða í garðrúst fyrir austan Rútshelli, en síðn aðallega eftir fjallsbrúnum, eins og stefndu kröfðust. En þessi úrslit hafa áfrýjendur talið lögleysu þar sem dómurinn hafi eigi með þeim tekið nægilegt tillit til sannana þeirra um merkin á þessu svæði, er felist í framkomnum vitnisburðum, er þeir hafa lagt fram í málinu.

Í málinu eru engin skjallæg skilríki framkomin, er byggt verði á með nokkurri vissu, hver séu rétt landamerki milli jarðanna. Elzta skjalið, útdráttur úr jarðabók Árna Magnússonar virðist þó bera það allglögglega með sér, eins og merkjadómurinn hefur tekið fram, að á þeim tíma hefur þrætulandið fyrir austan Rútshelli skifst milli jarðanna eins og merkjadómurinn hefur ákveðið merkin. Og hið sama vitnar annað gamalt skjal, skrásetning á merkjalýsingum jarða undir Eyjafjöllum, er Einar nokkur Sighvatsson dannebrogsmáður hefur safnað á sínum tíma eftir sögnum kunnugra manna, en hann var fæddur nokkuð fyrir árið 1800 og varð fjörgamall maður.

Að öðru leyti en þessu er ekki í málinu á öðru að byggja en vitnisburðum núlifandi manna, en vitnisburðir þeirra eru mjög mismunandi. Skýra ýms vitni að vísu frá því, að þau hafi heyrt mörkin talin vera þau, er áfrýjendur haldin fram, en önnur bera hið gagnstæða og flest vitnin, er á notkun landsins minnst, segja slægjumörk og átölulausa notkun landsins eftir eigin reynslu þeirra hafa verið einmitt á þann veg, sem dómurinn hefur ákveðið mörkin. Á þessum vitnisburðum verður að vísu ekki byggð nein ákveðin niðurstaða í málinu, en sízt er með þeim sannað, að merkin hafi verið þau, sem áfrýjendur halda fram. En auk þess, sem fyrnefnd gömul skjöl benda í þá átt, sem merkjadómurinn hefur hallast að um merkin, þá má telja það sannað, bæði með þeim og nefndum síðari manna vitnisburðum, enda jafnvel viðurkennt af aðilum, að notkun landsins bæði til slægna og fuglatekju hafi svo lengi sem sögur fara af og fram til síðustu tíma verið í samræmi við það, er dómurinn hefur ákveðið um merkin.

Samkvæmt þessu verður ekki heldur hér um lögleysu að ræða í dóminum, og með því að ekki hefur verið fundið að öðrum ákvæðum hans, um ítakið í Skarðshlíðarhólma svokölluðum eða um málskostnaðinn, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum mega niður falla.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Kristján Jónsson

—”—

—”—

—”—

Rétt eftirrit staðfestir. Reykjavík, 2. apríl 1913 Halldór Daníelsson.

Ritlaun: 1.25 – ein króna tuttugu og fimm aurar H. D.

[á spássíu] Fyrirfram innrit. 16./5. '13 Til þingl. á næsta manntþ. fyrir A.-Eyjafj.hr. Lesin á manntalsþ. að Rauðaf. 10./6. '13



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



[á spássíu] Landamerkjalyís Berjaness. Lesin á Rauðf. 10./6 - '15

Ég undirritaður Jón Hjörleifsson hreppstjóri í Drangshlíð

Gjörir kunnugt: Fyrir mína hönd og meðeiganda míns að 10 hndr. f.m. í jörðinni Steinum í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, jómfrú Sigríðar Jónsdóttur á Eystri-Sólheimum, hefi ég, samkvæmt umboði dags 7 apríl 1886, ritað nafn mitt undir fjöru- og landamerkjalyísingu nefndrar jarðar hinn 1. mars 1887, sem þinglýst er 21. maí 1890; en aftur á móti stendur eigi nafn mitt undir landamerkjalyísingu Berjaness í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu dags. 1. mars. 1887 og sem þinglýst er 21. maí 1890. Vitanlega hafði eg samþykkt lýsingu landamerkja ^{Berjaness} gagnvart eign minni og umbjóðanda míns, með því að skrifa undir landamerkjalyísingu Steina, þar sem merkin eru hin sömu milli nefndra jarða, en samt álít ég að það hafi verið af vanga að ég hef ekki skrifað undir landamerkjalyísing Berjaness þar sem ég var og er sannfærður um að nefnd landamerkjalyísing sé rétt.

Úr þessari vangá vil ég því bæta með því hérmeð að lýsa yfir því, að ég, fyrir mína hönd og umbjóðanda míns samþykki frammannefnds lýsing Berjaness með undirskrift minni undir þetta skjal í viðurvist tilkvaddra votta.

Staddur að Núpakoti 27. mars 1914.

Jón Hjörleifsson (hreppstjóri)

Vitundarvottar.

Einar Jónsson

Ólöf Josefsdóttir.

Ár 1914, 25. júním. er skjal þetta fyrirfr. innritað í Landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 54 bls. 58. til þingl. á næsta manntalsþingi fyrir Austur-Eyjafjallahrepp, og verður því næst gefið ókeypis vottorð um þinglesturinn.

Gjald: 2 – tvær – kr.



Við undirrituð, eigendur Stórólshvols, Vestri-Garðsauka með hjáleigu og Miðkrika, lýsum því hérmeð yfir, að landamerki milli téðra jarða, Stórólshvols annarsvegar, og Vestri-Garðsauka og Miðkrika hinsvegar, skulu vera samkvæmt landamerkjalögfestu dagsett 4. júní 1800, útgefin af prestinum Gísla Thórarensen í Odda sem er þannig orðrétt:

Ég undirskrifaður Beneficiarius til Oddaprestgarðs lögfesti hérmeð Oddakyrkiu jörð Vestri-Garðsauka með undirliggandi hjáleigu, og ég undirskrifaður lögfesti undireins Stórólshvols kyrkiu jörð, Miðgarðsauka uppí herra Biskupsins Geirs Vídalíns vegna nefnilega:

að sunnan: þúfa á siðstahorni Ormsvallar á að bera í Núpshellirsdyr, sú stefna á að ráða til þess kemur móts við Heliarkeldu sem rann í Þverá móts við Skolley og enn nú vottar til. So að vestan síónhending í Þúfubrot sunnan við öldurnar vestan við Brattavað, að norðan ræður Aldan til þess góðann Spöl fyrir austan Krossöldur í þúfu sunnan við Ölduna, ~~síðan síónhending~~ úr þessari þúfu beint í Krókvaðið Pásuvað á Garðsaukalæk, síðan síónhending í þúfum í Mýrinni norður af Dufþekju.

Odda d. 4da junii 1800

G. Thorarinson.

Skjal þetta óskum við að sé þinglesið og innfært í Landamerkjabækur Rangárvallasýslu.

Vestri-Garðauka – og Reykjavík 14. október 1913.

Einar Einarsson.

Skúli Jónsson

Meðráðamaður Jakob Árnason

Ragnheiður Jónsdóttir

Meðráðamaður Magnús Helgason.

[á spássíu] Landamerkjalyís. Vestri-Garðsauka og Stórólsh. Þingl. 2. júní '15 og innritað í Landamerkjabók Rangárvallasýslu vottar B.V.



Við undirskrifaðir: Jón Jónsson Ási, Eiríkur Jónsson Ási, Runólfur Jónsson Hellutúni Runólfur Halldórsson á Rauðalæk, Halldór Halldórsson Sauðholti, Ingvar P. Jónsson á Framnesi, Guðmundur Jóhannesson Seli, allir í Rangárvallasýslu, Páll Stefánsson Guðjón Guðmundsson og Ásgeir Eypórsson, Kaupmaður fyrir hönd Jósefs K. Sigurðssonar, allir í Reykjavík gjörum hérmeð svofeldan

Landaskiftasamning:

Það sem skift er, er óskift beitiland jarðanna Ás með báðum kotum sem honum fylgja, Hellatúns, Framnes, Ásmúla, Ásmundarstaða, Sels og Áshóls í Ásahreppi í Rangárvallasýslu, sbr. landamerkjaskrá frá 1890 þinglesni 17. maí s.á., sem hefur verið óskift sameign allra aðurnefndra jarða, en sem vér landeigendur höfum nú ákveðið að skifta þannig:

Úr markakeldu (milli Áskots og Ásmundarstaða), við Steinslæk, þar sem Sauðholt ber fremst í Skálafell og Stékkartúnshóll norðan við Heklu; þaðan beina línu í upphlaðna vörðu framan við áðurnefndan Stékkartúnshól, þar sem Ásmundarstaðir bera í Búrfellsrætur að norðan og Einstakasnös norðan í fremsta hnúkin á Hagafjalli í Gnúpueijahreppi, frá þeirri vörðu beina línu í vörðu á Einstökusnös; þar sem Veteifsholt ber í Bjarnarey í Vestmannaeyjum og Syðri-Rauðalækur framan við Ægisíðu. –

Skal alt land og annað er til landnitja telst tilheyrandi áðurnefndum jörðum, að fráskildum sérstökum þeim er Ásnum einum tilheyra, sunnan við þessa línu, héreftir fylgja aðeins jörðunum Ási með báðum kotum er honum fylgja, Hellutúni, Framnesi, og Ásmúla, en land það sem liggur neðan við áðurnefnda línu fylgja Ásmundarstöðum, Seli og Áshól.

Þessu til staðfestu eru eiginhandar nöfn aðilja undirskrifuð af þeim sjálfum í viðurvist tveggja votta.

Staddir að Ási 19. seftenber 1915.

Guðjón Jónsson.

Jón Jónsson.

Runólfur Jónsson. (h.s.)

Runólfur Halldórsson.

Halldór Halldórsson.

Ingvar P. Jónsson.

Eiríkur Jónsson.

Guðmundur Jóhannesson.

Páll Stefánsson.

Guðjón Guðmundsson.

Ásgrímur Eypórsson.

Vitundarvottar:

Magnús Jónsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ísak Eiríksson.

[á spássíu] Þingl. að Ási 24./5. - '16.



Landamerki fyrir Geldingalæki á Rangárvöllum eru þessi:

Fyrst, að útsunnanverðu við Rangá skamt fyrir ofan Gullfoss, er djúpt gil – Grákollustaðagil –, sem skilur Geldingalækja og Helluvaðsland. Úr því gili liggur markið til suðurs í grjótvörðu, sem er uppá hásandbrúninni, þaðan beina línu til landsuðurs í Vakshól – hér liggja að lönd Grafarbakka og Ketilshúshaga. – Úr Vakshól, sem er landsuðurshornmark, liggur markið til landnorðurs í Hátúnahól og þaðan sömu línu í Steplu, sem er landnorðurshornmark. – Úr Stelpu liggur markið til vesturs í grjótvörðu við girðingarhornið á austur Heiðarjaðrinum. Er sú varða í beinni stefnu af Inni-Oddhól í Stórastein. Úr nefndri vörðu liggur markið í Stórastein þannig, að austurhluti Markalágar fylgir Geldingalæk en vesturhluti hennar Heiði eins og uppi standandi girðing skiftir henni nú og samkomulag er enn milli núverandi ábúenda eigenda Geldingalækjar og Heiðar.

Úr Stórasteini liggur markið til útsuðurs^{norðurs} þannig, beina línu í Steinahrúgu á vestri Heiðarbrúninni, þaðan í Heiðarlæk við vaðið, þaðan ræður lækurinn að Rangá, sem svo ræður að fyrnefndu Grákollustaðagili.

(Úr Stelpu að Rangá liggur að Heiðarland að norðan)

Skógarítak fylgir jörðunum – svokölluð Geldinga lækjatorfa – í Næfurholtslandi. Sömuleiðis eiga jarðirnar tiltölulegan hluta í afrétti Rangvellinga við aðrar jarðir í hreppnum.

Með þessari merkjalýsing um hinar eldri lýsingar úr gildi fallnar.

Vestri og Eystri-Geldingalæk 23. maí 1916.

~~Þessu samþykki erum við undirskrifaðir~~

Einar Jónsson.

Jón Einarsson.

Þessu samþykki erum við undirritaðir.

Fyrir Helluvað Skúli Skúlason, með þeim fyrirvara, að ábúandi Helluvaðs sé mörkunum samþykki.

[Fyrir] Grafarbakka Tómas Böðvarsson. Skúli Guðmundsson

[Fyrir] Ketilhúshaga Ólafur Jónsson (h.s.)

[Fyrir] Gunnarsholt Sig. Guðmundsson. Jón Einarsson.

[Fyrir] Heiði Oddur Pétursson.

[Fyrir] Geldingalækjartorfu Ófeigur Jónsson

[á spássíu] Þingl. að Reyðarvatni 27/5-´16. Innf 20./6. s.á.



Samkvæmt landamerkjalyýsingum jarðanna Gunnarsholts, (með eyðijörðinni Kornbrekkum) og Brekkna á Rangárvöllum, þinglesnum 30. maí 1890, er merkjalínan milli jarðanna ónákvæm að sunnanverðu.

Í norðurenda línu þessarar er Búkonuhóll, og ber merkjalýsingum beggja jarðanna saman sem að hann sé rétt talið landamerki sín á milli, og báðum merkjalýsingunum ber saman um, að úr Búkonuhól skuli mörkin vera beina sjónhending í Hróarslæk, en óvíst hvar, enda ber þeim ekki saman.

Eftir því sem ætla má sem örnefni, sem nefnd eru fyrir innan Búkonuhól, liggur næst að ætla, að suðurendi annarar línunnar liggja svo vestarlega í lækinn að Gunnarsholt, Ketilshúshagi, Grafarbakki og Gröf missi megnið af sínu graslendi, ef eftir henni væri farið. –

Vegna óvissunnar með suðurenda nefndrar merkjalínu kvaddi ég S.G. í haust, hlutaðeigendur-eigendur og ábúendur – Gunnarsholts og Brekkna til þess að ríða á mörkin og koma sér saman um hvar línan ætli að liggja í lækinn. En sú áreið bar ekki fullan árangur.

Þó könnuðust þeir eigendur beggja jarðanna, sem létu þinglýsa mörkunum við, að þeir hefðu ekki miðað mörkin, og þessvegna orðið óviljandi feil hjá sér með suðurenda nefndrar merkjalínu. –

Okkur undirrituðum núverandi og fyrverandi eigendur Gunnarsholts og sömuleiðis ábúenda finst einsætt að umrædd merkjalína hljóti að liggja fyrir austan túnin í Gunnarsholti og Kornbrekkum og þar suður í lækinn. – Enda lýsum við yfir því, að við erum fúsir til að samþykkja, að merkjalína þessi liggja frá Búkonuhól, við fjárhústæftur frá Kornbrekkum, og í vörðubrot á bæjarbrúninni, sem er á lambhústoft frá Kornbrekkum og þaðan áframhaldandi sama lína niður eftir austurtúngarðinum á Kornbrekkum og eftir austurtúngarðinum í Gunnarsholti og í lækinn vestan við það er Klofalækur rennur í hann.

Vestar en þetta eigum við erfitt með að samþykkja að hin ákveðna lína liggja, enda telja kunnugir menn það ekki viðeigandi.

Hvað viðvíkur notkun núverandi Brekknaþónda á graslendinu til beitar og slægna, fyrir vestan þessa línu, þá höfum við ekki í hyggju að gjöra stóra breytingu á því, eða borguninni, sem árlega er greitt fyrir það, ef þessi sjálfgefna lína er liðin af mótpartinum. En verði, mót von okkar, henni mótmælt verulega frá er líklegt að til málssóknar hljóti að draga um merkjalínu þessa, þó leitt sé þar sem búast má við, að sandurinn eyðileggi bílin þegar minst varir.

Landamerkjalyýsing þessi er gjörð með fullri vitund eigenda og ábúenda Brekkna Selalæk og Gunnarsholti 26. maí 1916.

Sigurður Guðmundsson.

Jón Einarsson

Halldór Einarsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[á spássíu] Þingl. að Reyðarv. 27./5-'16. Innf. 20./6. s.á.

Miðskáli og Ysti-Skáli í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 58-59
N^o 58.

Skýring á landamerkjum milli jarðanna Miðskála og Izta-Skála í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Steinn í Lónsbökkum; úr honum bein stefna yfir þúfu í Háalónsbakkaskákarbakkanum í vörðu, sem frá steininum ber í útidyr á suðurbænum á Izta-Skála og er rjett norðan við þjóðveginn. Úr þeirri vörðu (efri vörðunni) bein stefna í Beljandakíl, sem er við vatnsholið á Skálabrúnni og ber þá vestri steininn á Mýraskarðsbrúninni við öxlina á Mýraskarðshausnum. Frá Beljandakíl bein stefna í vörðu við suðurenda merkigarðsins, sem er milli túnanna á Miðskála og Izta-Skála.

Skráð af eigendum, umboðsmanni og ábúanda nefndra jarða, 25. maí 1912.

Umboðsmaður fyrir 2/3 úr Miðskála Jón Sveinbjarnarson

Eigandi að 1/3 úr Miðskála Eyjólfur Ketilsson

Eigandi að 1/3 úr Izta-Skála og búandi á hálfri Aurgötu Gísli Jónsson

Ábúandi á 1/3 úr Izta-Skála og ½ Aurgötu. Svb. Jónsson

Eigandi að 1/3 úr Izta-Skála Sigríður Ólafsdóttir

[á spássíu] Innfært 2. ágúst 1919. Lesið á manntalsþingi að Skála 14. júní 1920.



Við undirritaðir Þorsteinn Jónmsson bóndi á Hra[njóft]tum og Jón Guðmundsson bóndi á Ægissíðu gjörum hjermeð svofeldan samning:

Hin fornu slægjuítök í Hrafnjóptalandi Ægissíðu og Gaddstaðateigir skulu ekki lengur til vera.

En frá þessum tíma læt jeg Þorsteinn Jónsson til Jóns Guðmundssonar, sem eiganda og umráðamanns Ægissíðu og Gaddstaða til slægna graslandið á „Steinstjóptareyju og syðsta oddann af Hrafnjóptalandi, milli Rangár og Bjólulands upp að pitti, sem er þar sem kofatópt á Völurima ber í vestra-Bakkakot. Mörkin milli odda þessa og Hrafnjóptalands skulu því vera línán frá pittinum og í Bakkakot og þannig þvert yfir að Bjólulandi. Er þá þessi lína frá pittinum og í Bakkakot um ofanverðan smáhólma í Rangá, sem er vestanmegin við suðurenda Hrafnjóptaeyju, og fylgir sá hólmi oddanum.

Með þessum samningi fellur niður allur ágreiningur um áðurnefnd ítök og ber jeg Jón Guðmundsson ábyrgð á því, að ekki verði krafist neins meira frá Hrafnjóptum fyrir hin umræddu ítök.

Samning þennan undirritum við í viðurvist tveggja vitundarvotta

Staddir að Selalæk 31. júlí 1916.

Þorst. Jónsson

Jón Guðmundsson

Vitundarvottar:

Sig. Guðmundsson

Sigríður Siggeirsdóttir

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Ási 1. júní 1920



Landamerki jarðarinnar vestari-Kirkjubæjar í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu eru þessi:

Úr „Trjehól“, sem er hornmark milli Efri-Strandar, Varmadals og V.-Kirkjubæjar, beina stefnu í gil það, sem næst er fyrir sunnan „Dagmálagilslágar“, og svo í Hróarslæk, og ber það þá í Kvennagönguhóla á Selvogsheiði. Ræður svo lækurinn mörkum inn að Grænabirgi, er það við Hróarslæk þar sem bein stefna frá svo kölluðum Ás er eftir gömlu garðlagi á mýrinni í Búrfellsöxl vestari. Frá Ásnum eru mörkin nærrfelt mitt á milli Kirkjubæja, eftir upphlöðnum vörðum beina stefnu í mörk Efri-Strandar, er liggja úr áður nefndum Trjehól í Markamel, eða nú grjótvörðu, sem er hornmark á sandinum milli beggja Hofa, Efri-Strandar, og Eystri-Kirkjubæjar.

Kirkjubæ 16. ágúst 1920

Grímur Sk. Thorarensen (eigandi og ábúandi V. Kirkjubæjar)

Vigdís Þorvarðardóttir (ábúandi og eigandi að ½ Varmadal)

Hjörtur Oddsson ábúandi og eigandi E-Kirkjubæjar.

Kristín Skúlad. Þjetursson (eigandi að ½ Varmadal)

[á spássíu] Afmáð eftir manntalsþing að Reyðarvatni 3. júní 1921 Utstrikunin á að vera afmáð og innritunin hafa gildi sem óutstrikuð.



Sauðhúsvöllur í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 60-61
N^o 61.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Sauðhúsvallar í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Hellisskúti í Miðkletti í Hvammsskörðum er mark milli Hvamms og Sauðhúsvallar. Þaðan ræður sjónhending í Markhellur í Syðsta-Hafarshól og sama sjónhending áfram í útsuðurshornmarkið á Hvammslandi, sem nú er og girðingarhorn frá Hvammi. Úr nefndu hornmarki er sjónhending í stein, sem er framantil á Álbökkunum, nálægt Þjóveginum sem nú er. Úr nefndum steini er sjónhending eftir merkigarði, sem er vestan við Stígslæk, beina leið upp í svonefnda Bollatorfu og úr henni upp á fjallsbrún. Úr því ráða brúnirnar alt þangað til Hellisskútinn í Miðkletti ber í áðurnefndar Markhellur í Hafurshól og frá þeim stað á brúnunum ræður bein stefna niður í Hellisskútann.

Upprekstur á Almenninga á jörðin í hlutfalli við margar jarðir í Vestur-Eyjafjallahreppi.

—”—

Fyrir hönd allra eigenda hálftrar jarðarinnar Sauðhúsvallar, samkvæmt umboði,
Hvammi 28. maí 1921

Magnús Sigurðsson

Sem eigandi að hálfri jörðinni Sauðhúsvelli. Jónína Tómasdóttir

Framritaða landamerkjalyásing samþykkja:

Fyrir jörðina Hvamm, sem eini eigandi þeirrar jarðar: Magnús Sigurðsson

Fyrir jörðina Fitarmýri, allir eigendur hennar:

Sem eigandi að ¼ parti Einar Bergsteinsson

Fyrir hönd hálftrar jarðarinnar og eigandi Lárus Bjarnarson

Eftir umboði fyrir einn fjórða part jarðarinnar, þriðja eigandans Jónasar Pálssonar. Lárus Bjarnarson

Fyrir jörðina Fiti:

Fyrir hálfu jörðina Vigdýs Pálsdóttir

Fyrir hinn helming jarðarinnar Páll Guðmundsson

[á spássú] Þinglesið að Skála 1/6-21



Landamerkjalysing jarðarinnar Hrólfssstaðahellis í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu. Á vestursíðu, úr vörðu við Ytri-Rangá, mitt á milli Hrólfssstaðatanga, og Tjörfastaðatanga, þaðan sjónhending í vörðu á Mýrargrjótum, þaðan sjónhending í vörðu á Skothól, þaðan í vörðu á norður enda „Balans“, sem er niður við Ytri-Rangá austur af syðra nefi, þaðan ræður Rangá alla leið í fyrstnefnda vörðu, á millum áðurnefndra tanga.

Gjört að Hrólfssstaðahellir 31. Maí 1921

Eigendur jarðarinnar:

Árni Hannesson

Jón Hannesson

fyrir jörðina Tjörfastaði Árni Hannesson

samþykkur fyrir jörðina Húsagarð samþykkur Olafur Sigurðsson (h.s.)

[á spássíu] Innfært 15/8 21.



Landamerki jarðarinnar Gaddstaða í Rangárvallahreppi

Að sunnanerðu (við Grafarland) ræður svo kallaður Markhóll, sem er í öldubrúninni við Hróarslæk (sem nú er hlaðin varða á). Ur markhól bein stefna í Markastein, sem er einstakur steinn utarlega á sandinum (er hann hornmark jarðanna Grafar og Helluvaðs). Úr Markastein sömu beinu stefnu í Rangá Ytri, er hún gamalt garðlag í Helluvaðsveitu, sem er skamt frá núverandi varnargarði (er hann ranglega færður upp í Gaddstaðaland) en sú stefna er í dýjavík 6 föðmum framan við utasta Rangárbrúarstöpulinn. Rangá ræður svo mörkum þangað sem hún fellur saman við Hróarslæk fyrir framan þungasandsmela. Þá ræður, milli Varmadals og Gaddstaða, sjónhendingslína úr vörðu á Markhól, þar sem hann er hæstur í vörðu á austur horni Ferðamannaöldu og gildir sú sjónhending alla leið í ferðamannavegin þar sem hann nú liggur sunnan við ölduhornið. Þaðan ræður vegurinn að brúnni yfir Hróarslæk, en úr því lækurinn sjálfur. Í læknum eru 5 hólmar fyrir vestan brúna og skulu 2 hinir vestustu tilheyra Gaddstöðum, en hina 3 yrkir Gaddstaða og Varmadalsmaður að sínum helmingi hvor.

Ennfremur fylgir jörð þessari slægjustykki sem kölluð var Steinstóftarey, liggjandi í Ytri-Rangá. sbr. skjal þar um þinglesið 1. júní 1920

Ægissíðu, 6. seft. 1921

Jón Guðmundsson (eigandi Gaddstaða)

Grímur Sk. Thorarensen (umráðamaður Helluvaðs)

Fyrir hönd eiganda ½ jarðarinnar Varmadals, frú Kristínar S. Petursson. Samk. umboði Einar Jónsson

Sem eigandi og ábúandi Selalækjar Ingigerður Gunnarsdóttir

Sem eigandi og ábúandi hálfrar jarðarinnar Varmadals. Vigdís Þorvarðardóttir

[á spássíu] Innfært 8. seft. 1921



Landamerkjaskrá jarðanna Hella og Múla í Landmannahreppi.

Fyrst ræður sjónhending úr vörðu í Miðfelli í Stóra Víxlahnúk, úr honum um vörðu á vestri-
Perrihól í Daltóftarvörðu, úr henni í Ósbotninn, úr því ræður Vindásós í Þjórsá, svo ræður
austasta kvísl Þjórsár sem er austan við Vaðvallarhólma í Hvammsvötn; svo ráða þau mörkum
í miðjan stóra holmann sem er efst í vötnunum þaðan ræður bein lína eftir markavörðum í
slæjumörk á milli Götuflatar og Hvammsflata. Úr því ráða forn slæju mörk í Hádegisvörðu, úr
henni er svo farið í áðurnefnda vörðu á Miðfelli.

Hellum og Múla 5. júlí 1921

Ingibjörg Jónsdóttir

Guðmundur Árnason

Ofanrituð landamerki samþykkja:

Ofeigur Vigfússon fyrirsvarsmaður Fellsmúla.

Guðni Jonsson [eg] Skarð og Kórtun (sic)

Árni Hannesson eigandi 1/8 Minnivalla

Jón Hannesson eigandi 1/8 Minnivalla

Ofeigur Jónsson eigandi ¼ Minnivalla

Kristófer Jónsson, eigandi Vindáss

Jón Gunnarsson eigandi ½ Minnivalla og ½ Hvamms

Eyjólfur Guðmundsson eigandi að ½ Hvammi

Vilhjalmur Ólafsson eigandi Skarðsels.

[á spássíu] Innfært 17. nóvbr 1921



Landamerki umhverfis jörðina Heysholt í Landmannahreppi

Fyrst Smirilshóll, þaðan í vörðu á miðri engjamyri og þaðan í vörðu á efri Stekkarhólinn þaðan beina stefnu í svonefndan Moshól, þaðan ræður sjónhending í svokallaðri jaðarsvörðu þaðan sjónhending í vörðu í Vallartanganum, þar sem kemur saman land jarðanna Þúfu og Lækjarbotna, þaðan sjónhending í vörðu á Steinnarinna ^{þaðan} í Rauðhól þaðan í áðurnefndan Smirilshól.

Heysholti 24. maí 1921

Fyrir hönd jarðareiganda Runólfs Jónssonar Loftur Jakobsson

Ofanrituð landamerki samþykkja:

Jón Gunnarsson eigandi $\frac{1}{2}$ Minnivalla

Ófeigur Jónsson eiganda $\frac{1}{4}$ Minnivalla

Árni Hannesson eigandi $\frac{1}{8}$ Minnivalla

Jón Hannesson eigandi $\frac{1}{8}$ Minnivalla

Guðríður Gísladóttir eigandi að Flagbjarnarh. neðra $\frac{2}{3}$

Gíslunn Árnadóttir, eigandi að Flagbjarnarh. neðra $\frac{1}{3}$.

Fyrir efra Falg bjarnarholt. Kjartan Stefánsson

firir hönd jarðareiganda Þúfunnar Hans Brinjólfsson

fyrir Lækjarbotna, Jón Árnason.

[á spássíu] Innritað 21/12 21.



Landamerkjalysing jarðarinnar Minnivalla í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu.

Á austursíðu úr Dráttarhól sjónhending í Gráhellu þaðan í skjólstein þaðan í vörðu á Stóra-Moshól, þaðan í vörðu á Nirðri Stekkjarhól sem er næsti hóllinn við Syðri-Stekkarhól. Þaðan í vörðu á miðri engjamyri þaðan í vörðu á Smyrilshól þaðan í vörðu framan í há Skammbeinsás þaðan í vörðu á vesturbakka Vindás-tjarnar þaðan sjónhending í vörðu á austurbakka tjarnarinnar þaðan í vörðu á Ósbotninum þaðan sjónhending í Daltóftarvörðu þaðan í áðurnefndan Dráttarhól.

gjört að Minnivöllum 1. júní 1921

Jón Hannesson eigandi 1/8 Minnivalla

Ófeigur Jónsson eigandi ¼ Minnivalla

Arni Hannesson eigandi 1/8 Minnivalla

Jón ~~Hannesson~~ Gunnarsson eigandi ½ Minnivalla

ofanrituð Landamerki samþykkja

Árni Hannesson eigandi Tjörfastaða

Ingibjörg Jónsdóttir eigandi Hellna

Guðmundur Árnason eigandi Múla og fyrirsvarsmaður Stóru Valla,

Kristófer Jónsson eigandi að Vindási

Kjartan Stefánsson eigandi efra Flagbjarnarholts

Guðríður Gísladóttir eigandi 2/3 neðra Flagbjarnarh.

Gíslunn Árnadóttir eigandi 1/3 neðra Flagbjarnh.

Ófeigur Vigfússon forsvarsmaður Fellsmúla

Loftur Jakobsson forsvarsmaður Heysoltsins (sic)

[á spássíu] Innritað 21/12 21



Landamerki Jarðarinnar Hvamms í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu fyrst er varða í Miðfelli, úr henni bein lína í Hádegisvörðu svo ráða slægjumörk milli götuflata og Hvammsflata, frá þeim ræður bein lína eftir Markavörðuna á miðjan stórhólman efst í Hvammsvötnum, svo ráða Hvammsvötn í kvísl þá úr Þjórsá sem rennur fyrir Fjártanga austan við Vaðvallarhólma í Vindásós, svo Vindásós í Þjórsá, ~~svo Þjórsá~~, svo Þjórsá fyrir utan alla hólma og sker í Ferjuklett, úr Ferjukletti beint í Gildruhól, úr Gildruhól beint í áðurnefnda vörðu á Miðfelli

Hvammi 28. okt. 1921

Eyjólfur Guðmundsson eigandi að ½ Hvammi

Jón Gunnarsson eigandi ½ Hvamm

Ofanrituð landamerki samþykkja:

Guðmundur Arnason eigandi Múla

Ingibjörg Jónsdóttir eigandi Hellna

Jón Gunnarsson eigandi ½ Árbæ

Eyjólfur Guðmundsson eigandi að ½ Árbæ

Vilhjálmur Ólafsson eigandi Skarðsels

Guðni Jónsson eigandi Skarðs og Króktúns (h.s.)

Kristófer Jónsson eigandi Vindás (h.s.)

[á spássíu] Innritað 22/12 21



Landamerki jarðarinnar Gaddstaða í Rangárvallahreppi.

—,—

Að sunnanverðu (við Grafarland) ræður svo kallaður Markhóll, sem er í öldubrúninni við Hróarslæk (sem nú er hlaðin varða á) Úr Markhól bein stefna í Markastein, sem er einstakur steinn utarlega á sandinum (er hann hornmark jarðanna Grafar og Helluvaðs). Ur Markastein sömu beinu stefnu í Rangá Ytri, er hún um gamalt garðlag í Helluvaðsveitu, sem er skamt frá núverandi varnargarði (er hann ranglega færður upp í Gaddstaðaland) en sú stefna er í dýjavík 6 föðmum framan við utasta Rangárbrúarstöpulinn. Rangá ræður svo mörkum þangað sem hún fellur saman við Hróarslæk fyrir framan Þungasandsmela. Þá ræður milli Varmadals og Gaddstaða sjónhendingslína úr vörðu á Markhól, þar sem hann er hæstur í vörðu á austur horni Ferðamannaöldu og gildir sú sjónhending alla leið í ferðamannavegin þar sem hann nú liggur sunnan við ölduhornið. Þaðan ræður vegurinn að brúnni yfir Hróarslæk, en úr því lækurinn sjálfur. Í læknum eru 5 hólmar fyrir vestan brúna og skulu 2 hinir vestustu tilheyra Gaddstöðum, en hina 3 yrkir Gaddstaða og Varmadalsmaður að sínum helmingi hvor. – Ennfremur fylgir jörð þessari slægjustykki sem kölluð var Steinstóftarey, liggjandi í Ytri-Rangá sbr. skjal þar um, þinglesið 1. júní 1920.

Ægissíðu, 6. seft. 1921.

Jón Guðmundsson (eigandi Gaddstaða)

Grímur Sk. Thorarensen (umráðamaður Helluvaðs.)

Fyrir hönd eiganda ½ jarðarinnar Varmadals, frú Kristínar S. Pjetursson, Samkv. umboði:
Einar Jónsson

Sem eigandi og ábúandi Selalækjar Ingigerður Gunnarsdóttir

Sem eigandi og ábúandi hálftrar jarðarinnar Varmadals: Vigdýs Þorvarðardóttir

[á spássíu] Fyrirfr innritað 21/1 22 Lesið á manntalsþingi að Hofi 23. júní 1922



Landamerki eyðijarðarinnar „Grafar“ í Rangárvallahreppi.

Að sunnan móts við Gaddstaðaland liggja mörkin úr svo nefndum Markhól við Hróarslæk eða Varmadalslæk, beina stefnu til vesturs í Markast[e]in, er liggur á sandinum fyrir austan Gaddstaði, þar sem Selsundsfjall ber í austanverðan slakkann milli Heklu og Trippafjalla, og lítill hnúkur norðan í Vatnsdalsfjalli ber í syðsta háhornið á Þríhyrningi. Úr Markasteini liggja svo mörkin móts við Helluvaðsland til norðausturs beina stefnu í vörðu vestanmegin við Skollhólagróf, og stendur sú varða þar sem Selsundsfjall ber í austaverðan slakkann milli Heklu og Trippafjalla og þar sem neðsta norðurtáin á Vatnsdalsfjalli ber í miðhornið á Þríhyrningi. Frá þessari vörðu liggja mörkin til norðvesturs fram hjá norðurhorninu á Traðarholti alla leið í Ytri-Rangá, og ber sú stefna fast norðan við Vörðufell. Ræður svo Rangá mörkum þann spöl, að 12 stórgripir geti drukkið samhliða, og eru svo mörkin þaðan beina stefnu til suðurs móts við Grafarbakkaland í vörðu, er stendur á Øldubrúninni við Grafarnes og úr henni í vörðu er stendur við Hróarslæk (Grafarneslæk) lítið fyrir norðan heybandsveginn frá Vestri-Kirkjubæ, svo ræður lækurinn að Tröllkonugili og þaðan öldubrúnin í fyrnefndan Markhól.

Kirkjubæ; 24. maí 1921

Grímur Sk. Thorarensen (umráðamaður Helluvaðs)

Grímur Sk. Thorarensen (eigandi og ábúandi Grafar.)

Jón Guðmundsson eigandi Gaddstaða

Skúli Guðmundsson (Miðeigandi Grafarbakka)

Tómas Böðvarsson Eigandi og ábúandi að hálfum Grafarbakka.

Fyrir hönd eigenda Varmadals Samkvæmt umboði Einar Jónsson

[á spássíu] Fyrirfr. innritað 21/1 22



70.

Landamerki jarðarinnar Oddhóls á Rangárvöllum

Jörðinni Oddhól, er nú hefir verið skift úr Oddalandi, skal tilheyra suðausturhlutinn af Oddahögum afmarkaður þannig að sjónhending norður í mitt Búrfell frá vörðu, er hlaðin er rjett norðan við hlið á gömlum varnargarði syðst í högunum rjett vestan við Balakeldu raði merkjum. Hlíðarmeð frá nefndri vörðu er turninn á Oddakirkju berandi efst í Gammabrekku vestanverða. Mörk á aðrar hliðar eru hin gömlu mörk Oddahaga: Lambhagaland að norðan og Eystri Rangá að austan.

Tún og engjar nefndrar jarðar sjeu þær sömu og verið hafa enda standa þær alveg sjerstakar og afgirtar að mestu, ræður Eystri Rangá og Þverá þar merkjum að austan og sunnan; en þar sem engjarnar liggja að Oddalandi ræður mörkum bein lína frá nefndri vörðu við hliðið hjá Balakeldu suður í miðjan Einbúa sem er allstór hóll og sjerstæður á bakkanum við Þverá.

Odda 7. júní 1922

Erlendur Þórðarson umráðandi Odda

Elías Steinsson eigandi Oddhóls

Páll Pálsson (h.s.) ábúandi Langekru

Eiríkur Pálsson (h.s.) ábúandi Kraga

Jón Friðriksson ábúandi Kumla

Ár 1922 miðvikudaginn 14. júní er skjal þetta fyrirfram innritað í Landamerkjabók Rangárvallasýslu II N^o 70 bls. 66 og lesið á manntalsþingi að Hofi 23. júní s.á.

Gjald:

Þingl. kr. 3,00

Stimpilmerki [kr.] 1,00

Als 4 – fjórar – kr.

[á spássíu] Fyrirfr. innritað 14/6 1922



Landamerki jarðarinnar Lambhaga á Rangárvöllum eru að suðvestan úr vörðu við Eystri-Rangá á holtinu upp af Fögrubrekku – og stendur sú varða þar, sem Uxahryggjarbær ber austanvert við Eyðið á Vestmanneyjum og Eystri-Kirkjubær ber neðst í austanvert Bjólfell – sjónhending í Rauðkoll, sem er varða austanvert við götuna milli Odda og Varmadals og stendur þar sem Vestri-Kirkjubær ber í mitt Selsundsfjall og Lambhagabær í Króktúnsbæ. Að vestan eru mörkin úr Rauðkoll skjónhending í svokallaðan Markamel, er stendur við þjóðeginn á svokallaðri Langrófu, þar sem V. Kirkjubæ ber í mitt Selsundsfjall, og Helluvaðsbæ ber sunnan við háhæðina á norðanverðu Hestfjalli í Grímsnesi. Að norðanverðu eru merkin bein stefna úr Markamel í vörðu er stendur við þjóðveginn á Strandarrana og þaðan í vörðu rjett norðan við þjóðveginn nokkru vestar en þar sem vegurinn frá Odda að Keldum liggur yfir þjóðveginn. Þessi varða stendur þar sem nyrsti tindurinn á Tryppafjöllum ber laust sunnan við Heklu og gamli Selalækjarbær ber í Vetleifsholt. Frá síðastnefndri vörðu eru mörkin bein stefna í Djúpadalshellir, svo ræður Rangá að fyrstnefndri vörðu á holtinu upp af Fögrubrekku.

Staddir að Odda 6. nóv. 1920

Einar Jónsson fyrir hönd eiganda.

Sigurlás Nikulásson ábúandi

Erlendur Þórðarson umráðamaður Oddastaðar

Grímur Sk. Thorarensen umráðamaður Syðri-Strandar

Vigdýs Þorvarðardóttir Varmadal

Guðm. Þorbjarnarson Stóra-Hofi.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Hofi 23. júní 1922 Innritað 29. s.m.



72.

Landamerki jarðarinnar Tungu.

Við undirritaðir eigendur og umráðamenn Kollabæjarhverfisjarða höfum komið okkur saman um að landamerki jarðarinnar Tungu í Fljótshlíðarhreppi skulu vera þau sem hjer segir:

Úr Grásteini sem er í Torfastaðagróf stefnu í austur í þúfu þá, sem stendur upp á Ásmýrinni austan við Ásgarðinn, þaðan stefnu í vörðu inná Áshorni hjá Ørsu, og er sú stefna á hákollinn á Heimakletti í Vestmannaeyjum Úr vörðunni hjá Ørsu, stefnu á bæjargilsbotninn í Vatnsdalsfjalli, þartil komið er inní Illulækjarkjaft. Ræður svo Torflækur Klittur og Torfastaðagröf í Grástein. – Sambeit á jörðin við Kollabæjarland þartil hún girðir sitt land. Frjáls mótak á jörðin fyrir sig í Illalæk. –

Bréf þetta er gjört að Tungu 20 október 1921

Guðjón Jónsson Tungu,

Tómas Sigurðsson Barkarstöðum,

Þorgeir Guðnason Stöðlakoti,

Sigurbór Ólafsson Kollabæ,

Oddur Ivarsson Ormskoti eptir umboði,

Einar Þorsteinsson Arnarhóli,

Jón Björnsson Bollakoti

Guðni Kr. Guðnason (firir ½ Litlakollabæ),

Oddur Benediktsson Tumastöðum,

Guðjón Jónsson í umboði Eyjólfssonar,

Guðni Kr. Guðnason í umboði Magnúsar Ólafssonar firir ½ Litlakollabæ

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Grjótá 21. júní 1922.



73.

Landamerki fyrir jörðina Lækjarbotna í Landhreppi.

Fyrst varða á Stóragilshól, þaðan í vörðu á Flóðamýri (hjá Markaflóði) þaðan sjónhending í vörðu í Vallartanga. Þaðan í Jaðarsvörðu, og þaðan í Stóramoshól. Úr Stóramoshól í Gildrubotn, þaðan ræður lækurinn að Gildruvaðspitti, og úr honum í vörðu hjá Veitustokk. Og þaðan sjónhending í fyrnefnda vörðu á Stóragilshól.

Jörðinni fylgir skógarítak í Hraunteig.

Lækjarbotnum í júní 1921

Jón Árnason eigandi Lækjarbotna

Ofanskriðuðum landamerkjum samþykkir.

fyrir ½ Hjallanes Sigurður Lýðsson

fyrir ½ Hjallanes Guðlaug Vigfúsdóttir

firir Þúfu Hans Brinjólfsson eftir umboði

firir Heysholt Loftur Jakobsson eftir umboði

firir Lúnansholt Oddur Jónsson

fyrir ½ Minnivelli Jón Gunnarsson

firir Tjörfastaði Arni Hannesson

[firir] Bjalla Ingvar Arnason

[firir] Neðra sel Loftur Jakobsson

[firir] Efra sel Bjarni Björnsson

[firir] 1/8 Minnivelli Árni Hannesson

[firir] ¼ Minnivelli Ófeigur Jónsson

[firir] 1/8 Minnivelli Jón Hannesson

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Skarði 24. júní 1922



Landamerki fyrir jörðirnar Leirubakka, Vatnagarð og eyðijörðina Réttarnes í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu.

Fyrst Smalaskáli. Þaðan beint í Markhelli sem er fyrir austan bótartöglin þaðan beint í vörðu á Markhól sem L.M. er höggvið á þaðan beint í vörðu á Krókatorfu þar sem hún er hæzt þaðan beint í Markaklett þaðan beint í Markúsarnef þaðan beint í Fögrubrekku þaðan beint í Markúsarnef þaðan beint í Fögrubrekku þaðan beint í Fossnefið svo ræður Vatnagarðslækur merkjum og rennur í Rangá svo Rangá suður á móts við áðurnefndann Smalaskála.

Framanskriðuð landamerki samþykkja undirskrifaðir hlutaðeigendur.

Leirubakka og Vatnagarði 18 des. 1921

Sigurður Magnússon eigandi Leirubakka

Jón Ófeigsson eigandi Vatnagarðs

Ófeigur Jónsson eigandi 1/12 Stóraklofa

Ófeigur Jónsson eigandi ¼ í Réttarnesi

Jón Hannesson eigandi 5/12 Stóra Klofa

Guðni Jónsson fyrir mörk 2/3

Guðmundur Árnason eigandi Litla-Klofa

Eyjólfur Guðmundsson ½ Stóra Klofa 1/3 Mörk

Finnbogi Kristófersson eigandi Galtalæks

Guðmundur Árnason fyrirvarsmaður Stóru-Valla

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Skarði 24. júní 1922



75.

Landamerki Firir svo nefndum „Hraunum“ sem eru eign Landmannahrepps.

First Þjórsá á móts við siðri endann á „Búrfelli“ svo ræður sama merkjalína og fyrir Galtalækjarlandi, og vinkilhorn úr þeirri línu í „Markhelli“ úr henni bein lína í „Seljabrúnir“ svo ráða þær merkjum svo langt sem þær ná og bein lína úr þeim austur til við grentanga í Þjórsá, svo ræður hún merkjum til þess staðar, sem fyrst er nefndur.

Landmannahreppi í November 1921

Eyjólfur Guðmundsson,

Ófeigur Vigfússon

Guðmundur Árnason,

Jón Þorsteinsson

Loftur Jakobsson

Samþykkir ofanrituðum merkjum

Finnbogi Höskuldsson, Eigandi Skarfanes

Finnbogi Kristófersson Eigandi Galtalækjar

Guðni Jónsson fyrir mörk 2/3 og Ósgröf E. Guðmundsson 1/3.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Skarði 24. júní 1922.



Landamerki jarðarinnar Skarfaness í Landmannahreppi.

Fyrst er þúfa með grjóti í, við hólmað á Irjar Ós úr þerri þúfu eftir garðlagi beina stefnu í „grænós“ sem ber frá þúfunni norðanvert við „Hagagil“ (fyrir utan Þjórsá) þaðan ræður Þjórsá merkjum þar til austanvert við grentanga, þaðan vestan til í Seljabrúnir, þaðan í lækjarbotninn norðan í Ósgrafartorfu, ræður svo sá lækur merkjum í áðurnefnda þúfu.

S.t. Hvammi 27. Apríl 1893

Fyrir eiganda Skarfaness og Irja

Skúli Guðmundsson

Firir eiganda Ósgrafar Ólafur Olafsson (HS)

Fyrir Landmannahrepp Eyjólfur Guðmundsson

Samþykktur ofar skráðum landamerkjum sem eigandi Irja Vigfús Guðmundsson Reykjavík 9. des. 1921.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Skarði 24. júní 1922.



Landamerki jarðarinnar Húsagarðs í Landmannahreppi gagnvart Hrólfsstaðahellir Fyrst er varða á „bríkinni“ við Ytri-Rangá austur af Syðra-nefi, þaðan í áframhaldandi beina stefnu í vörðu, á Skothól, þaðan beina stefnu í vörðu á Mýrargrjótum.

Gagnvart Tjörfastöðum úr vörðu á Mýrargrjótum í Mýrarvörðu

Gagnvart Stóruvöllum: Úr Mýrarvörðu í Ásgrímsvörðu, úr Ásgrímsvörðu beina stefnu í vörðu, sem stendur á Birgisnefi upp af Skiftihvammi, í áfram haldandi beina stefnu þaðan í Ytri-Rangá, sem ræður úr því mörkum að landi Hrólfsstaðahellis

Húsgarði 1. júní 1921.

Eigandi jarðarinnar. Ólafur Sigurðsson

Samþykkir:

firir Tjörfastaði Árni Hannesson.

Fyrir Stóru Velli Guðmundur Árnason (fyrirsvarsmaður)

firir Hrólfsstaðahellir Árni Hannesson Jón Hannesson

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Skarði 19. júní 1923



Útskrift úr dómsmálabók Rangárvallasýslu.

Ár 1922, þriðjudaginn 27. júnímánaðar var aukarjettur Rangárvallasýslu settur að Hala í Ásahreppi og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Björgvini Vigfússyni með undirrituðum vottum

Var þar og þá fyrirtekið: Ágreiningsmál um landamerki Ásfjöru milli eigenda jarðarinnar Áss annarsvegar og eigenda Háfstorfunnar hinsvegar.

Mættir voru sem eigendur Áss, Guðjón bóndi Jónsson fyrir eigin hönd og bróður síns Eiríks Jónssonar, og Jón bóndi Jónsson, allir þessir þrír menn bændur í Ási. En fyrir hönd Háfstorfunnar eru mættir Halldór bóndi Halldórsson í Sauðholti og Sigurður bóndi Øgmundsson á Háfshól sem eigendur þeirrar jarðar.

Fyrir Háfinn er mættur Sigfús bóndi Guðnason samastaðar og fyrir Háfshjáleigu eigandi og ábúandi Halldór Bjarnason, og fyrir Hala og Horn Ingimundur bóndi Jónsson í Hala fyrir sjálfan sig og jafnframt fyrir hönd dánarbús Þórðar heit. Guðmundssonar frá Hala. Eigendur Áss lögðu fram til sýnis landamerkjaskrá frá 17. maí 1890, er lýsir mörkum fjörunnar þannig: Að Hólshúsið fyrir austan kirkjuna að Háfi skuli bera í Gíslholtsklauf sem mark að vestan, en sem mark að austan skuli Torfa melur bera í áðurnefnda Gíslholtsklauf. Ágreiningurinn er í því fólgin að eigendur Áss halda því fram að Torfamelur sje aðeins sinn en eigendur Háfshverfis, að melarnir sjeu tveir, eystri og vestri Torfamelur. Er það krafa þeirra að fjörumörkin skuli bera í vestri Torfamel þar sem hann er hæstur, en krafa Ásseiganda var að mörkin ættu að bera í eystri Torfamel þar sem hann er hæstur. Var síðan riðið á fjöruna og mörkin athuguð þaðan. Dómarinn leitaði því næst um sættir og komst á eftir nokkrar umræður svolátandi:

Sátt:

Fjörumörkin að vestan skuli vera hin sömu og segir í áðurnefndri merkjaskrá, en að austan skulu mörkin vera upphlaðin varða í slakkanum milli melanna, er beri í Gíslholtsklauf, og hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um að hlaða vörðuna 43 metrum vestur frá hákollinum á Austari-Torfamelum. Sáttagjörð þessari til staðfestu undirrita allir hlutaðeigendur nöfn sín.

Ingim. Jónsson,
Halldór Halldórsson,
Sigurður Øgmundsson (handsalað)
Sigfús Á. Guðnason,
Halldór Bjarnason,
Jón Jónsson,
Guðjón Jónsson.

Frekar ei fyrirtekið. Upplesið. Staðfest.

Rjetti slitið.

Björgvin Vigfússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar:

Páll Björgvinsson

Jón Guðmundsson

Rjetta útskrift staðfestir

Björgvin Vigfússon

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Ási 21. júní 1923.



Landamerki milli jarðanna Efri Rauðalæk og Ægissíðu.

Að fengnu samkomulagi allra hlutaðeigenda skulu mörk á milli þessara jarða verða framvegis eins og hjer segir:

Varða á miðjum Stóra-Tóurima sem greinir hornmark Efri- og Syðri Rauðalækja, en stendur við norðvesturhlið á Ægissíðulandi, þaðan ræður sjónhendingslína svo langt lönd jarðanna liggja saman, í vörðu upphlaðna á Ægissíðuheiði fast við Árbæjarhverfisland og greinir hún annað hornmark Efri-Rauðalækja móti Ægissíðu. Frá þessari síðarnefndri vörðu er bein lína sem verður milli Árbæjarhverfis og Ægissíðu alla leið í Rangá þar sem styðst er og greint verður nánar með merki við ána.

Alt annað en hjer segir um mörk milli ofanefndra jarða á hjer umræddu svæði, hvort heldur nú er til eða kann síðar að finnast, skal úr gildi falla og ógilt heita.

Ritað á Ægissíðu 14. september 1921

Jón Guðmundsson

Jón Jónsson Árbæ.

Samþykki ofanritaða merkjalýsingu með þeirri skýringu að varðan sem um ræðir á Ægissíðuheiði fast við Árbæjarhverfisland skuli standa á fornu garðlagi sem hingað til hefur verið talinn markagarður milli Efri-Rauðalækjar og Árbæjar.

Ennfremur er þetta samþykki mitt því skilyrði bundið að Efra-Rauðalækjarábúandi hafi fyrir sitt heimili rjett til mótaks við Ægissíðugil í því landi, er undan gegnur Rauðalæknum með þessari markabreytingu

Staddur að Ægissíðu 19. september 1923.

Runólf[ur] Halldórsson

Vottar:

Páll Björgvinsson

Lárus Einarsson

[á spássíu] Fyrirfr. innritað 22/9 23



Útskrift úr dómsmálabók Rangárvallasýslu af landamerkjadómi uppkveðnum 18. júní 1923,
í landamerkjamáli milli eigenda Stóra- og Litla Moshvols annarsvegar og eiganda Vindáss
hinsvegar

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Stóra- og Litla-Moshvols annarsvegar og Vindáss hinsvegar skulu vera
beina línu úr vörðu við Hvolsgil spölkorn fyrir framan Dyjakrók í vörðu fyrir neðan
Vindástúngarð fast við garðsenda er virðist vera gamall túngarður og þaðan meðfram túngarði
Vindáss í sömu fjarlægð austur í Gilnamörk.

.

Rjetta útskrift staðfestir
Björgvin Vigúfsson

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Stórólshvoli 20. júní 1924



Útskrift úr dómsmálabók Rangárvallasýslu, af landamerkjadómi uppkveðnum 18. júní 1923 í landamerkjamáli milli eigenda Stóra- og Litla-Moshvols annarsvegar og umráðamanns Stórólshvolstorfunnar oddvita sýslunefndarinnar í Rangárvalla sýslu hinsvegar

Því dæmist rjett vera:

Landamerki milli Stóra- og Litla-Moshvols annarsvegar og Stórólshvolstorfunnar hinsvegar skulu vera beina línu úr Ormsvallarþúfu í vörðu við lækinn (Hvolsgil eða Garðsaukalæk) sem er skamt fyrir autan núverandi varnargarð Ormsvallar austan til við mitt gerðið.

.

Rjetta útskrift staðfestir

Björgvin Vigfússon

[á spássíu] Sömmuleiðis. [Lesið á manntalspingi að Stórólshvoli 20. júní 1924]



82.

Útskrift úr dómsmálabók Rangárvallasýslu af landamerkjadómi uppkveðnum 20. september 1922 í landamerkjamáli milli eigenda Efra-Hvols annarsvegar og eiganda Kotvallar hinsvegar.

Því dæmist rjett vera:

Landamerki milli Efra-Hvols og Kotvallar skulu vera úr Mið-Grjóthól á Iraheiði beina stefnu í vörðu spölkorn fyrir suðvestan sauðahús Kotvallar og þaðan aftur beina stefnu í þúfu þá sem er vestan við Flóðalækinn út við Rangá.

Rjetta útskrift staðfestir

Björgvin Vigfússon



Til skýringar á landamerkjaskrá á milli jarðanna Hvamms, Hella og Múla frá 1921 skal því tekið fram, að landamerki fyrir engjum eru: úr Hádegisvörðu beina línu í vörðu í fjallsrótinni norðan við gilið, sem rennur fyrir norðan Berjahólinn, úr þeirri vörðu beina línu í markavörðu á heiðarbrúninni, sem er um leið efstu merki í högum.

Fyrir leysingarvatn, er fellur niður um gilið fyrir norðan Berjahólinn skal görður 2 metra breiður stokkur alla leið frá fjallinu vestur i heiðarbrún, þannig að undirhleðsla undir engja markagirðingu Hvammsmanna sje vörn fyrir engjum þeirra og byggð upp og haldið við af þeim, en eigandi Múla byggir upp og heldur við á samahátt varnargarði, á þessu svæði fyrir sínum engjum. Komi það í ljós að ekki verði hægt að halda vetrarvatninu í þessum stokki án þess að það gjöri skaða á engjum eða grafi undan girðingunni skal vatninu miðlað í sömu farvegi og það hafði áður sem sjá má merki til, skal það verk gjört og kostað að helmingi af hvorum hlutaðeiganda fyrir sig. –

Gört að Hellum 6. maí 1928.

Eyólfur Guðmundsson

Guðmundur Árnason

fh. Ólafar Jónsdóttur Eyjólfur Guðmundsson (eftir umboði)

Gjald 4 - fjórar krónur Greitt B.V.

[á spássíu] Þinglesið á Manntalsþingi að Skarði 21 júní 1928 og innr. í landamerkjabók 15 okt sama ár. Skjalið afhent. Eyjólfur Guðmundssyni 15 okt. '28



Landamerki, jarðarinnar Haukadals í Rangárvallahreppi, eru: fyrst er Stóristeinn vestan í Bjólfelli þaðan sjónhending austur yfir fellið í Nautaskarð, þaðan í Þrýhryndu klett, þaðan sjónhending í Kanastaðabotna (suðurbotn), ræður svo Kanastaðalækur að vörðu á vesturbakka lækjarins, þaðan sjónhending í vörðu vestarlega á Höfðanum, þaðan á vörðu á austurbakka Ytri-Rangá, þaðan ræður áin innfyrr á ártorfur á mótsvið svonefndann Beinakrók, þaðan sjónhending í Stórastein aftur.

Haukadal 18. maí 1930.

Magnús Runólfsson.

Haraldur Runólfsson

Jón Hannesson

Samþykkir

Elín Guðbrandsdóttir

Einar Jónsson f.h. Selsundseiganda

Jóhanna Katrín Helgadóttir



Við undirritaðir eigendur jarðanna Seljalands og Hamragarða í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu gjörum kunnugt: að vegna þess að ágreiningur er milli okkar um landamerki jarða okkar, en við viljum ekki eiga í deilum eða leita dómstólanna um ágreining okkar, þá kveðjum við þá Sæmund Einarsson hreppstjóra í Stórumörk og Sigurð Vigfússon bónda á Brúnum, sem kunnuga menn og óhlutdræga, til að gjöra um ágreining okkar og skera úr um landamerki jarðanna. Skal úrskurður þeirra hafa sama gildi fyrir okkur og eftirkomendur okkar sem löglegur landamerkjadómur væri.

Verði gjörðarmenn þessir ekki á eitt sáttir um landamerkin, skulu þeir velja sjer oddamann. Seljalandi og Hamragörðum, 24. september 1932.

Kristján Ólafsson,
Guðbjörg Guðjónsdóttir
Erlendur Guðjónsson

Við undirritaðir lýsum því yfir, að við tökum ofanritaðri útnefningu og lofum því og leggjum við draugskap okkar að gjöra um mál þetta svo sem við vitum sannast og rjettast og helst að lögum.

Stórumörk og Brúnum, 24. seft. 1932.

Sæmundur Einarsson
Sigurður Vigfússon

Samkvæmt framanritaðri útnefningu höfum við undirritaðir gjörðarmenn athugað í dag landamerki jarðanna Seljalands og Hamragarða, að viðstöddum ábúendum beggja jarðanna. – Ágreiningur var aðeins um það, hversu skilja bæri ummæli landamerkjálýsinganna um mörk milli jarðanna, þegar kemur vestur fyrir Seljalandsfoss. Lagðar voru fram:

1. – Lögfestur Stóradals frá 29. des. 1665, 31. ág. 1795 og 31. maí 1820. –
2. – Lögfesta fyrir jörðunum Neðradal og Hamragörðum, frá 8. júní 1816 og
3. – Landamerkjaskjal fyrir Seljalandi og Tjarnarlandi frá 12. apr. 1890, og er hið síðastnefnda skjal að vísu ekki undirritað af eiganda Hamragarða. Koma hjer einkum til greina ummæli í skjalinu nr. 2, er kveður svo að orði um Seljalandsá „hvar er verið hefir landamerki frá landnámstíð, svo ræður áin ofan eftir þar til hún kemur vestur í Markarfljót.“

Gjörð okkar er þessi:

Hornmark milli Seljalands og Hamragarða verður þar, sem Kattarnef ber við Hesteyru austan á Stóru Dimon, og uppmjóan tind á Sandhálsinum sunnan við Fagrafell ber í Fosstúnslækinn á hamrabrúninni norðan við Seljalandsfoss. Frá þessu hornmarki ræður sjónhending austur í Fossbrekkusnösina norðan við Fosskerið, og í suður sjónhending í austurbrún Bjarnareyjar. Þangað til komið er í þá stefnu, er ~~fugls~~ fuglsbringu sjer af



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Seljalandsfossi, en hún er mark milli Seljalands annarsvegar og Dalstorfunnar með Hamragörðum hinsvegar. St. Að Hamragörðum 26. júní 1935.

Sæmundur Einarsson

Sigurður Vigfússon

Kristján Ólafsson eigandi hálfis Seljalands, og umboðsmaður meðeiganda

Erlendur Guðjónsson eigandi hálfra Hamragarða og umboðsmaður eiganda. –

[á spássíu] Innr. í landamerkjabókina. 24. ág. 1935. –



Við undirritaðir eigendur jarðanna Seljalands, Seljalandssels og Tjarna allra í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasíslu gjörum með okkur svohljóðandi landamerkja sreá (sic):

Seljaland með Seljalandsseli á allt það land, er liggur austan eystri farvegs markafljóts, en hann er austan Efst hólma, vestan Auratagla og Selhólma.

Tjarnir skulu eiga allt það land, er liggur vestan markarfljóts ásamt Efsthólma.

Seljaland og Seljalandssel annarsvegar og Tjarnir hinnsvegar gjöra ekki tilkall í land hvors annars.

Rekaskifti skulu vera þau sömu og verið hafa.

p.t. Arnarhvoli, 13. des. 1938

Einar Jónsson Tjörnum

Haraldur Jónsson Tjörnum

Rvk, 22. des. 1938

Magnús Kn. Sigurðsson

Seljalandi 24. des. 1938

Kristján Ólafsson

f.h. Mörtu Jónsdottur Kristján Olafsson e.h.

f.h. Árna og Sigurðar Tómassona Barkarstöðum, Kristján Ólafsson e.h.

[á spássíu] Innritað í landamerkjaskrá Rvs. 13. jan. 1939 Fyrirfram innritað til þingl. í Vestur-Eyjafjallahreppi á næsta sumri 10. jan. 1939



Ár 1923 laugardaginn 21. júlí var landamerkjadómur Rangárvallasýslu settur að Kanastöðum í Austur-Landeyjahreppi og haldinn af hinum reglulega héraðsdómara sýslumanni Björgvini Vigfússyni með dómsmönnum hreppstjóra Einari Jónssyni Kálfsstöðum og hreppsnefndaroddviti Jóni Gíslasyni í Sleif.

Var þar og þá fyrirtekið:

Landamerkjamálið: Egendur Ossabæjar annarsvegar og eigendur Kanastaða hinsvegar.

Hjeraðsdómarinn tekur það fram, að önnur fyrirtekt máls þessa í dag hafði áður verið ákviðin í maí eða júnimánuði þ.á. en með því að eigendum að Kanastöðum, Geir bóndi Isleifsson, andaðist hjér í bæ 20. maímánaðar síðastliðinn og embættisannir dómarans voru sannanlega miklar bæði í maí og júní, þá hefur þetta orðið þess / ² hvorutveggja) valdandi að fyrir tektin hefir dregist þangað til í dag.

Meðdómendurnir undirskrifuðu síðan svolátandi drengskaparheit:

Við undirritaðir er kvaddir erum til þess að vera meðdómsmenn í landamerkjamáli þessu lýsum því yfir að viðlögðum drengskap, að við viljum gegna þessari köllun okkar eftir bestu vitund og samvirkusemi og með þeirri er á dómendum hvílir að lögum.

Einar Jónsson, Jón Gíslason,

Mættir eru eigendur Ossabæjar þeir Jón bóndi Erlendsson, Ossabæ. og Guðmundur Guðmundsson, Háamúla, en fyrir hönd eiganda Kanastaða, sem nú er danarbú Geirs heitins Isleifssonar, er mættur eftir ósk ekkju hans Guðrúnar Tómasdóttur, og með samþykki skiftaráðandans, Sæmundur borgari Oddsson í Eystri-Garðsauka.

Eigendur Ossabæjar lögðu fram:

N^o 1. vottorð Páls Øgmundsson Ey dags. 9. júlí 1921.

N^o 2. Útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar, og Páls Vídalíns tekin af Sæmundi Ólafssyni Lágafelli dags. 11. des. 1922.

Voru skjöl þessi auðkend sem rjettarskjöl N^o 1-2 og upplesin svolatandi.

Umboðsmaður dánarbúsins lagði fram:

N^o 1. útskrift úr landamerkjabók Rangárvallasýslu um landamörk Kanastaða og Ossabæjar.

N^o 2 Vottorð Sigurðar Árnasonar, Steimóðarbæ, dags. 24. apríl 1922.

N^o 3. Vottorð Jóns Einarssonar, Hrauni, dags. 24. júní 1922.

N^o 4. Vottorð Kristjáns F. Jónssonar dags. 23. des. 1p22.

N^o 5 Vottorð Guðríðar Jónsdóttur, Sandgerði á Stokkseyri, dags 4. jan 1923.

N^o 6. Vottorð Árna Ólafssonar, Hólmi, dags. 30. marz 1923.

Auðkendust skjöl þessi nr. 3-8 og voru upplesin svolátandi:

#####

Var þá eftir ósk málsaðilanna gengið á merki og athugaðir landshlutar og landsnytjar.

Eftir að komið var aftur heim að Kanastöðum komst á svolátandi



Sætt

Landamerki milli Ossabæjar og Kanastaða skulu vera bein lína úr mörkum – Voðmúlastaðalands í Spjaralækjarmynni undan Hábarði á Elliðaey í Flókastaðaár-gljúfur.

Hinsvegar skal fylgja Ossabæjarskák við Torfurima í Kanastaðalandi, en Kanastaða bóndi aftur á móti eiga beit sumar og haust fyrir eigin lömb allt að 100 á svonefndum Ossabæjaraurum.

Málskostnað allan greiða málsaðilar að sínum helmingi hvor eftir sundurliðuðum reikningi dómarans.

Sáttargjörð þessari til staðfestu undirrita málsaðilar nöfn sín.

Jón Erlendsson,

Guðm. Guðmundsson.

Sæmundur Oddsson.

Var merkjadóminum þar með slitið

Björgvin Vigfússon,

Einar Jónsson,

Jón Gíslason,

Rétt samkv. dómsmálabók Rangárvallasýslu

Þjóðskjalasafn, Reykjavík, 7. febr 1947

Björn K Þórólfsson, (Sign)



N^o 88

Landamerkjabréf

Með eigendum og ábúendum jarðanna Gilja og Vindáss í Hvolhreppi hefur i dag orðið samkomulag um eptirfarandi til skýringar og lagfæringar á ákvæðum landamerkjabréfa nefndra jarða frá 1891 og 1886. :

Að austan ræður tónmörkum núverandi túngarður ásamt girðingu í framhaldi af honum upp í vörðu, sem í dag hefur verið reist í utanverðu Giljaholti. Frá þessari vörðu er merkjastefnan bein lína í aðra vörðu, sem einnig hefur verið reist í dag, á norðurbakka Hvolsgils og er stefnan milli varðanna beint í há-vesturöxl Búrfells í Gnúpverjahreppi.

Gjört að Vindási, 17. maí 1954

Gísli Sigurðsson

Guðlaugur Bjarnason

Láretta Sigs. Sigurjónsd.

Samþykktur f.h. dóms- og kirkjumálaráðuneytisins Krisinn Stefánsson

Vottar:

Bjarni Jónsson

Lárus Ág. Gíslason



Samkomulag um nokkur ný landamerki milli jarðanna Bjálmhólts og Ölvershólts í Holtshreppi í Rangárvallasýslu, gert milli eigenda jarðanna þeirra, Karls Ólfsóssonar og Benjamíns Eiríkssonar.

Lýsing á hinum nýju landamerkjum fer hér á eftir.

Í framhaldi til norðausturs af skurði úr Austurgilsbotni er vélgrafinn skurður, sem byrjar suður af Dímon, liggur að Vöðlakeldu (sem er „kelda með pyttum upp í austurbrúnarhorn“ er um getur í landamerkjaskrá jarðarinnar Ölvershólts frá 14. nóvember 1885.), og er um 978 metrar á lengd. Þessi nýi vélgrafni skurður er beinn og nú landamerki milli áðurnefndra jarða. Úr norðausturbotni skurðarins ræður Vöðlakelda löndum á sama hátt og áður, og greinir í landamerkjabréfum.

Bjálmholti, 6. október 1956

Benjamín Eiríksson

Karl Ólafsson

Vottar.

Gunnar Runólfsson

Þórður Bjarnason

Sigurjón Sigurðsson

Engilbert Kristjánsson.



Undirritaðir samþykkja þessa (ráðstöfun) breytingu á mörkum milli jarðanna Holtsmúla I og II frá því sem ákveðið var í landskiptagerð frá 16. maí 1945:

1. Í stað 50 metra frá þúfunni sælu komi 22 metrar.
2. Varðandi veginn heim ákveðst þetta

Vegurinn eins og hann nú er verður til afnota fyrir austurbæjarbóndann gegn því skilyrði að hann annist viðhald vegarins að jöfnu við vesturbæjarábúandann.

Til staðfestu eru nöfn eigenda og ábúenda beggja ofanskráðra jarða.

Árni Jónsson

Jón Þorsteinsson



Sáttagjörð um landamerki milli Efri-Holtatorfu og Vesturholtatorfu í Vestur Eyjafjallahreppi, sem gerð var sunud. 11 sept '60.

Við undirritaðir eigendur að svonefndri Efri-Holtatorfu í Vestur Eyjafjallahreppi og við eigendur og umboðsmenn fyrir svonefndri Vestur-Holtatorfu í sama hreppi samþykkjum með undirskrift okkar hér undir að landamerki milli greindra torfu skuli framvegis eins og hingað til verða haldin þannig:

„Að skurður, sem grafinn hefur verið á mörkunum milli torfanna á þeim stað þar sem talin hafa verið hin réttu og átölulausu landamörk, ráði mörkum austan frá mörkum, við Holtsland út að hornmarki Nýjabæjar og Fitjarmyrar. Skal stefna skurðarins ráða vestur í beinni línu á þeim hluta, sem enn hefur ei verið grafin, en þar hefur verið sett upp gaddavírsgirðing. – Að öðru leyti ráða gildandi landamerkjabréf fyrri Efri-Holtatorfu og Vestur-Holtatorfu en þau eru:

Fyrir Efri-Holtatorfu frá árinu 1886 í landamerkjaskrá Rangárvallasýslu bls. 27. nr. 45 og fyrir Vestur-Holtatorfu frá árinu 1890 bls. nr. 72 í landamerkjaskrá Rangárvallasýslu, – nr 127.

Staddur að Lambhúshóli 11.9. 1960.

f.h. Lambhúshóls samkv. umboði Pálmi Eyjólfsson.

Samþykkur sem ábúandi að Lambhúshól Óskar Jónsson.

Sem ábúandi og eigandi að ½ Vesturholtum samþykkir Lárus Águstsson.

Sem ábúandi og eigandi að ½ Vesturhotum samþykkir Jón Sigurðsson

Syðri-Kvíhólma, 11.9. 1960.

Sem eigandi og ábúandi að Efri-Holtum samþykkir Sigurjón Guðjónsson, Efri-Holtum.

Sem eigandi og ábúandi að Syðri Kvíhólma og ½ Syðri-Hól samþykkir. Steinunn Sigurðardóttir, handsalað af Guðmundi Guðjónssyni.

Sem eigandi að Efri-Kvíhólma samþykkir Sigurpór Jónasson Kvíhólma.

Sem eigandi að Efri-Hól og ¼ í Syðri Hól samþykkir Andrés Auðunnsson Hól.

Syðri-Hól 11.9 1960

Sem eigandi að 1/4. hluta úr Syðri Hól. samþykkir Guðmundur Kristjánsson.

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 20 sept. 1960.



Fimmtudaginn 10. maí 1962 voru staddir að Bergþórshvoli í V-Landeyjahreppi til að framkvæma landskipti á landi Bergþórshvolls og Káragerðis, þeir séra Sigurður S. Haukdal, sem mætir fyrir ríkissjóð við skiptin fyrir prestsetursjörðina Bergþórshvol og Þorsteinn Þórðarson, Sléttubóli sem mætir sem fulltrúi Kristins Þorsteinsson eiganda Káragerðis. Til aðstoðar við landskiptin voru ráðunautarnir Kristinn Jónsson og Benedikt Borgason. –

Tekið var til skipta allt land jarðanna, nema landið sunnan vegar frá Affalsbrú að túninu á Affalsbakkanum, með því að sandgræðslugirðingunni og allt landið innan hennar til sjávar. –

Prestsetrið Bergþórshvoll fær land frá Affalsbrú við hreppamörk Austur og Vestur Landeyja að mörkum Fíflholtshverfis, en á mörkum Bergþórshvols og Fíflholtshverfis er vélgrafinn markaskurður, Síðan eru mörkin með skurðinum að uppsettu marki við hann, sem verður hornmark milli Káragerðis og Bergþórshvols, - frá þessu marki ræður sjónhending í uppsett merki við þurkskurð norðan Káragerðis, frá því ræður sjónhending að markvörðu við Þjóðveginn, en frá honum eru 140 metrar að skurðinum, sem liggur með túni á Bergþórshvoli ofan Þjóðveggar. Bergþórshvoll fær allt land sunnan Þjóðveggar, sem tekið er með í skiptunum, en það takmarkast af Þjóðvegi að norðan, Arnarhólmörkum að vestan að sandgræðslu girðingu, síðan ræður hún að Affalsbakka, þaðan ræður bakkabrún að sunnann, að Þjóðvegi og hann síðan að Affalsbrúnni Land Káragerðis liggur vestan merkja Bergþórshvols frá markinu við landamerkjaskurðinn við Fíflholtshverfi að Þjóðvegi, síðan ræður hann að Arnarhólmörkum, síðan ræður markaskurðinn milli landa Káragerðis, Bergþórshvols og Arnarhóls að hornmarkinu við Freysteinsholt, síðan ræður markaskurður við Fíflholtshverfi að merkinu við skurðinn, sem áður er nefnt. Eru mörkin með þessum skurði 630 metrar á lengd. – Landskipti þessi eru samkomulagsskipti; Við þeim hefur verið haft samráð við Pálma Einarsson, landnámsstjóra

Skiptum lokið:

Bergþórshvoli 10. maí 1962. –

Sigurður S. Haukdal

Þorsteinn Þórðarss. samkvæmt umboði.

Vitundarvottar:

Kristinn Jónsson,

Benedikt Bogason,



Hlíð, Þorvaldseyri og Núpakot í Austur-Eyjafjallahreppi, bls. 87
Nr. 93.

Úrskurðarefni gerðardóms.

Ágreiningsmál um landamerki milli jarðanna Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots í Austur-Eyjafjallahreppi.

Gerðardómur. Mál nr. 15/1968.

Sátt: 29. júní 1968

Aðiljar þeir Sigurjón Sigurgeirsson, Sigurbergur Sigurgeirsson, Eggert Ólafsson og Þorvaldur Sigurjónsson fh. Guðlaugar Guðjónsdóttur samþykkja landamerki á hinu umdeilda landsvæði þannig:

Frá fjögra landa markum (þ.e. milli jarðanna Leirna, Hlíðar, Berjaness og Þorvaldseyrar) beina línu í blágrýtisstein, sem liggur nær fellt miðja veginni milli hinna umdeildu steina. Í þennan stein eru klappaðir stafirnir L.M.

Síðan verði mörk milli Hlíðar og Núpakots frá þessum merkjasteini beina línu í munna svonefndrar Gjábólsgjár. Þaðan eru mörkin milli þessara tveggja jarða svo sem landamerkjabréf jarðanna segja fyrir um.

Til staðfestingar sáttagerðinni:

Sigurjón Sigurgeirsson

Eggert Ólafsson

Þorvaldur Sigurjónsson

Sigurbergur Sigurgeirsson

Gerðardómi er hérmeð lokið.

Björn Fr. Björnsson

Ólafur Jóhannesson

Sveinbjörn Jónsson.



Ágreiningur um landamerki milli jarðanna Gilna, Brekkna og Langagerðis í Hvolhreppi.

Gerðardómur tilnefndur af sýslumanni Rangárvalasýslu 6. júlí 1968 samkvæmt tölulið 2 í gerðardómssamningi dags. 1960 um landamerki milli jarðanna Gilna, Brekkna og Langagerðis ákveður landamerkin milli jarðanna þannig:

Mörk frá Þverá að Þjóðvegi milli jarðanna Brekkna og Langagerðis skulu fylgja girðingu sem sett verður austan megin við framræsluskurð sem grafin hefur verið á þessu svæði, enda verði girðing þessi 6 – sex – metra frá mið línu skurðarins. Ofan Þjóðvegjar skulu mörk milli jarðanna fylgja framræsluskurði, sem þar hefur verið grafinn, svo langt sem hann nær. Frá efri skurðenda ræður bein lína í vörðu á ásnum fyrir norðan Langagerði, og er varða þessi vestan við lægð þá, sem er á há-ásnum. Síðan fram lengist þessi lína um 46 metra frá vörðunni í stóran stein, sem þar er, og er sem mest þar sem „neðsta tain á Hvolfsfjalli norðan verða nemur við vesturbrúnina á Minnahofstúni, og Stóri-Moshvolsbær ber í vestanverðan Dufþekjubæ“ Steinn þessi er merktur L.

Frá þessum steini ræður bein lína í hornmarkspúfu upphlaðna, þar sem Þórunúpsbær ber vestanvert, við þríhyrning og innri Efri-Hvolshellir í Stóra-Hofsbæ. Milli Langagerðis og Gilna ræður mörkum bein lína úr framangreindum steini í norðvestur hornið á túngarðinum í Langagerði „ og þaðan svo að vestanverðu eftir gömlu garðlagi á austurbrún Gilnamynnis og síðan er túninu sleppir ræður en gamalt garðlag er gengur í sömu stefnu suður eftir mýrinni og alla leið suður í hinn forna farveg Þverár“.

Milli Brekkna og Langagerðis úr miðjum skurði fram á bökkum skal áfram ráða „bein stefna fram í hinn forna farveg Þverár fyrir norðan Lambey“

Gjört að Sámsstöðum 17. okt. 1968

Egill Sigurgeirsson

Kristinn Jónsson

Klemenz Kr. Kristjánsson

Rétt endurrit staðfestir

Reykjavík 24. okt 1968

Egill Sigurgeirsson hæsta réttar lögmaður



Gerðardómur skipaður eptir beiðni allra eigenda viðkomandi jarða. Gerðardómsmenn: Björn Fr. Björnsson, sýslumaður, Benedikt Sigurjónsson, hæsta réttar dómari, og Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttar lögmaður.

(Dóminum í heild verður þinglýst)

Gerðarorð:

Hákollur á Stóra-Dímon er það kennileiti, sem miða skal við merki jarðanna Kanastaða, Voðmúlastaða, Teigs, Hlíðarenda og Eyvindarmúla. Landamerkjalinur í Hákoll á Stóra-Dímon eru dregnar á uppdrátt þann, er fylgir gerðardómi þessum merktur L.K. og telst hluti af gerðardómnum.

Reykjavík 24. maí 1969

Björn Fr. Björnsson

Benedikt Sigurjónsson

Sveinbjörn Jónsson

Sjá og skjal O-366



Hinn 20. september 1969 var fundur boðaður á Steinmóðarbæ í V-Eyjafjallahreppi til þess að ákveða merki milli Voðmúlastaðahverfis og skiptingarhólma, sem er eign Steinmóðarbæjar og Bjarkarlands í Voðmúlastaðalandi óskiptu.

Mættir voru:

Sigurður Sigurðsson eigandi Steinmóðarbæjar.

Árni Sigurðsson eigandi Bjarkarlands.

Ragnar Böðvarsson eigandi Voðmúlastaða.

Ólafur Friðjónsson eigandi Miðhjáleigu.

Friðmundur Friðjónsson f.h. Jónu Friðmundsdóttur eiganda Búlands.

Leifur Auðunsson, eigandi Bólstaðs (að hluta).

Marmundur Kristjánsson eigandi hluta Voðmúlastaða

Ofannefndir aðilar gera hér með með sér svofellt samkomulag, sem þeir staðfestu með undirskrift sinni.

Landamerki Skiptingarhólma, sem er eign Steinmóðarbæjar í óskiptu landi Voðmúlastaðahverfis eru sem hér segir: að sunnanverðu gilda hreppamörk milli Austur Landeyjahrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps úr Höllkyl beina stefnu í skriðuna í útsuðurhorni Stóru Dímonar þar til línan sker Suðurlandsveg. Þá fylgja mörkin Suðurlandsvegi vestur að Álbrú austast í brúna á Suðurvegakanti, en Álbrú er austan við Smáhólmarof á Gunnarshólma en vestan við Hólmabæjarvegamót. Þá eru mörkin úr Álbrú í suðvestur beint þar til þau skera landamerkjálínu milli Voðmúlastaðahverfis og Miðeyjartorfu á þeim stað þar sem eru 940 m (níu hundruð og fjörutíu) vestur frá Höttukíl. Loks fylgja mörkin nefndri landamerkjálínu milli Voðmúlastaðahverfis og Miðeyjartorfu austur í Höttukíl.

Steinmóðarbæ 20.9. 1969

Sigurður Sigurðsson

Árni Kr. Sigurðsson

Ragnar Böðvarsson

Ólafur Friðjónsson

Friðmundur Friðjónsson

Leifur Auðunsson

Marmundur Kristjánsson

Frumgagníð var skráð og innfært lagt inn til innfærslu af Jóhanni Frankssyni, oddamanni landsskiptanefndar.



Voðmúlastaðir, Austur-Landeyjahreppi, Rang.

Að Svanavatni í Austur-Landeyjahreppi var 2. maí 1972 haldinn skiptafundur. Mættir voru: Ragnar Böðvarsson eigandi Voðmúlastaða, Viðar Marmundsson með umboð fyrir föður sinn Marmund Kristjansson, Svanavatni, eiganda eins þrettánda hluta Voðmúlastaða, og Jóhann Franksson, Útgörðum, skipaður af sýslumanni.

Fyrir var tekið að skipta hluta Marmundar úr Voðmúlastaðalandi. Samkomulag var um að taka hlutann úr landi því er Voðmúlastaðir fengu úr óskiptu við skiptin 24. janúar 1970 og nánar tiltekið fyrir sunnan þjóðveg, milli Hólmalænu og Ála. Voðmúlastaðaland allt er 1216,6 ha, en Leifsstaðir voru búnir að fá land úr Voðmúlastöðum áður en Marmundur fékk sinn 1/13 hluta og er því Leifsstaðaland ekki meðtalið í áður nefndri tölu. Einn þrettáandi af 1216,6 ha eru níutíu og þrír komma fimm (93,5 ha.)

Útmörk á landi Marmundar eru þá þessi: að norðan ræður þjóðvegurinn frá Hólmalænubrú að Álalbrú, síðan gilda mörkin milli Steinmóðabæjar og Voðmúlastaða úr Álalbrú vestur á Skiptingarhólma 1570 m. (frá Álalbrú), og er þar sett mark, járnvör í þúfu. Frá þessu marki er svo bein lína í eystri stöpulinn á Hólmaland Hólmalænubrú og eiga Voðmúlastaðir land vestan við þessa línu.

Samþykktir: Viðar Marmundss. Svanavatni 2. maí 1972.

Ragnar Böðvarsson

Jóhann Franksson.



Nr. 98

Gláma í Fljótshlíðarhreppi

Ár 1976, miðvikudaginn 24. nóvember var samkvæmt beiðni Guðmundar Einarssonar, Hellishólum, Fljótshlíðarhreppi og að tilhlutan sýslumanns Rangárvallasýslu gengið á suðurmörk eyðijarðarinnar Glámu og óskipt lands í Þverárfarvegi, Kirkjulækjartorfu.

Vettvangsganga hófst kl. 13⁴⁰ og tóku þátt í henni eftirtaldir aðilar: Guðmundur Einarsson, Hellishólum, Eggert Pálsson, Kirkjulæk II, Viðar Pálsson, Hlíðarbóli, Böðvar Brynjólfsson, Kirkjulæk I, Ólafur Steinsson, Kirkjulæk III og Magnús Guðnason, ábúandi á Kirkjulækjarkoti öllu, en eigandi að Kirkjulækjarkoti III. Ennfremur tóku þátt í vettvangsgöngu Eggert Óskarsson flr. sýslumanns í Rangárvallasýslu og Oddgeir Guðjónsson, hreppstjóri. Vettvangsgöngu lauk um kl. 14³⁰.

Aðilar urðu sammála um það, að nefnd suðurmörk skyldu ákveðinn með eftirfarandi hætti:

Endamark að austan er hornmark milli Glámu, Hlíðarbóls og Kirkjulækjar III, úr hornmarki þessu bein lína í vestur í staur, sem stendur á vestara hólbarði suðvestur frá Ormskoti.

Aðilar ákváðu, að glegggra mark yrði sett svo fljótt, sem unnt reynist. Þannig fram farið.

Hlíðarbóli d.u.s.

Guðmundur Einarsson, Hellishólum.

Eggert Pálsson, Kirkjulæk

Ólafur Steinsson, Kirkjulæk

Viðar Pálsson, Hlíðarbóli.

Magnús Guðnason, Kirkjulækjakoti

Böðvar Brynjólfsson, Kirkjulæk

Eggert Óskarsson,

Oddgeir Guðjónsson.

Guðni Guðnason, Kirkjulækjarkoti

Grétar Guðnason, Kirkjulækjarkoti



Afrit varðandi sáttargerð milli eigenda jarðanna Meiri Tungu í Holtahreppi og Berustaða í Ásahreppi.

Ár 1962, föstudaginn 29. júní fóru eigendur og ábúendur jarðanna Meiri Tungu í Holtahreppi og Berustaða í Ásahreppi á vettvang þar sem girðing er á milli jarðanna frá Þjóðvegi að Austastagili. Hafði ágreiningur af hálfu Berustaða og Meiri-Tungu verið uppi um landamörkin þarna.

Eptir nokkurt umtal og athugna á vettvangi varð samkomulag um eptirfarandi:

Girðing sú, sem girt var fyrir ca. 40 árum og liggur frá Þjóðvegi á Mjósundi niður að Austastagili, skal ráða að stefnu til niður að gilinu og vera mark á milli Berustaða og Meiri-Tungu. Síðan ráði gilið. Við enda girðingar þessarar skal reisa landamerkjavörður traustar og þeim viðhaldið svo sem lög gera ráð fyrir af hálfu aðila (eigenda og ábúenda beggja jarðanna).

Með sáttar bréfi þessu skal fylgja uppdrattur af landi því, sem girðingin liggur um og umhverfi þess svo að þessi markalína verði sem ljósust í geymd.

Skal sáttarbréf þetta álítast til skýringar á landamerkjabréfum jarðanna frá 13. maí 1890 (Meiri Tungu bréfið) og frá 22. maí 1886 (Berustaðabréfið)

Gjört að Meiri Tungu d.u.s.

Runólfur Þorsteinsson, Berustöðum,

Þórður Bjarnason Meiri Tungu,

Kristján Þorsteinsson, Meiri Tungu,

Ragnar Marteinnsson, Meiri Tungu

Stefán Runólfsson, Berustöðum,

Gunnar Runólfsson, Syðri Rauðalæk.

Fært hér skv. frumriti 23. nóv. 1977



Austvaðsholt II og Snjallsteinshöfðu í Landmannahreppi, laust blað [kort fylgir með]

SAMNINGUR

Um breytingar landamerkjia milli Austvaðsholts II og Snjallsteinshöfða, Landmhr. Rang.

Við undirrituð, eigendur jarðanna Austvaðsholts II og Snjallsteinshöfða, Landmannahreppi Rang., gerum hér með með okkur svofelldan samning um breytingar á landamerkjum ofanefndra jarða okkar, frá því sem tiltekið er í landamerkjabréfi fyrir Austvaðsholt dags. 7. des. 1884, og fyrir Snjallsteinshöfða og Snjallsteinshöfðahjáleigu dags. 30. des. 1884.

Hin nýja landamerkjálína, sem staðfest er með samningi þessum, var upphaflega ákveðin af þeim Ólafi Hannessyni bónda í Austvaðsholti og þá eiganda jarðarinnar, og Samúel Jónssyni bónda í Snjallsteinshöfða og þá eiganda jarðarinnar. Var breyting þessi gerð til þess að auðveldara yrði að grafa landamerkjaskurði, og var línán því sveigð framhá holtunum, þar sem merkjapunktarnir áður voru.

Hin nýja landamerkjálína, sem dregin er inn á meðfylgjandi uppdrátt sem Valur Þorvaldsson hefur gert, dags. 11. júlí 1984, er þessi:

Frá punkti (1) við Rangá, sem er sami endapunktur og skv. landamerkjabréfunum frá 1884, eftir framræsluskurði að beygju á honum við punktinn (2) norðan (norð-vestan) við Efra-Flatholt. Frá punkti (2) eftir skurðinum að beygju við punktinn (3), norð-vestan við Koltjörn. Frá punkti (3) eftir skurðinum, sem þaðan hefur stefnu á Hamarsholt, að Hryggjum, og áfram sömu stefnu (girðing), að punktinum (4) við Árbæjarveg. Frá punkti (4) við Árbæjarveg, að punkti (5), sem er í landamerkjálínunni milli Snjallsteinshöfða og Árbæjarhellis, ca 150 m suð-vestan við hornmarkspunkturinn sem áður gilti á Hamarsholti, en þessi síðastnefnda lína, milli punkta (4) og (5) er girt.

13. júlí 1984

Samþykkt vegna Austvaðsholt II

Unnur Jóns

Jón Þröstur Ólafsson

Hannes Ólafsson

F.h. Ingibjargar Ólafsd. Hermann Sigurjónss.

Samþykkir vegna Snjallsteinshöfða

Björn Halldórsson

Hrafnkell Oðinsson

Dóra Kristín Halldórsdóttir

Vottar:

Valur Þorvaldsson

Ingibjörg Gunnars.



Snjallsteinshöfði í Landmannahreppi, laust blað
LANDSSKIPTI

Föstudaginn 20. júlí 1984 voru saman komnir að Snjallsteinshöfða Landmannahreppi Rangárvallasýslu, til þess að skipta landi jarðarinnar, Guðni Kristinsson hreppstjóri Skarði, Teitur Kjartansson varaúttektarmaður Flagbjarnarholti og Valur Þorvaldsson ráðunautur á Selfossi, oddamaður skipaður af sýslumanni Rangæinga. Einnig eigendur jarðarinnar, Björn Halldórsson og Hrafnkell Oðinsson. Sömu aðilar höfðu komið saman 13. júlí 1984, farið um landið og skoðað það eftir ábendingum eigendanna, og rætt um hugsanlega skiptingu þess.

Til skipta er tekið allt land jarðarinnar, að undanskildum hólum í Ytri-Rangá, og sameiginlegu athafnasvæði milli fjóss og fjárhúss (sjá síðar), og skal skipta landinu í tvo jafna hluta.

Landamerki jarðarinnar eru skýr og ágreiningslaus gagnvart aðliggjandi jörðum. Að norðan á móti Austvaðsholti hefur landamekrjunum verið breytt frá því sem landamerkjabréf frá 1884 kveða á um, með sérstökum samningi, sem dagsettur er 13. júlí og undirritaður af hlutaðeigendum.

Skiptin voru ákveðin þannig; Lína er degin frá punkti (1) við Ytri-Rangá, þar sem lítil kelda fellur í ána um 900 m frá markalínu móti Austvaðsholti við ána, að punkti (2), sem er í mýrinni um 350 m vestan við Borgarholt í línu, sem dregin er hornrétt frá skurðinum í Fagurhólsmýri, í hæstar Borgarholt. Frá punkti (2) bein lína að merki (3) sem sett er við réttina á Bólhrygg. Frá punkti (3) að punkti (4), sem merktur er við beygjuna á brautinni (að efnisnámu), og þaðan að punkti (5), sem merktur er við mót brautarinnar og heimreiðarinnar. Frá punkti (5) eftir brautinni niður að fjós/fjárhúshlaði og um hlaðið að punkti (6), sem er við mót hins óskipta umferðar- og athafnasvæðis (sjá hér á eftir) við línu, sem dregin er í beinu framhaldi af núverandi girðingu austan við matjurtagarð Björns. Frá punkti (6) nefnd girðing að punkti (7) við framræsluskurð. Frá punkti (7) eftir framræsluskurðinum með einni beygju, og síðan línu í beinu framhaldi af honum að punkti (8) við Árbæjarveg.

Allt land vestan og norðan þessarar marklínu, austan Árbæjarvegar, tilheyrir Snjallsteinshöfða II, eign Björns Halldórssonar, en allt land sunnan og austan hennar, svo og allt land jarðarinnar vestan-Árbæjarvegar, (Ytri- og Heimrivöllur), Snjallsteinshöfða I, eign Hrafnkels Oðinssonar.

Sameiginlegt athafnasvæði er milli fjóss og fjárhúss, til eðlilegrar umferðar, og afmarkast það að austan af fjósgaflinum og línu í beinu framhaldi af honum að heimreiðinni annars vegar, og að línu í beinu framhaldi af suðurhlið fjárhússins hins vegar, en þessi lína afmarkar svæðið að sunnan. Að vestan austurgafli hlöðunnar og skúrsins, og lína í beinu framhaldi af gaflinum að merki 6 m norðan við norð-austurhorn hlöðunnar. Frá síðastnefnda merkinu bein lína meðfram brautinni upp brekkuna.

Hólmarnir í Ytri-Rangá, svo og öll hlunnindi hinnar upphaflegu jarðar eru óskipt sameign aðila af jöfnu. Eiganda Snjallsteinshöfða II er heimil umferð um brautina að efnisnámunni, vegna efnistöku.



Til þess að jafna þann mismun, sem við skipti þessu verður á sameignartúnum, fær Snjallsteinshöfði II nýlega ræktað tún á Heimri-Velli, austan Árbæjarveggar. Þá ber eiganda Snjallsteinshöfða I að rækta 6,00 ha tún á sama svæði. Þar til þetta 6,00 ha tún kemur eiganda Snjallsteinshöfða II til nytja, hefur hann til afnota syðri túnspilduna í Heimra-Velli vestan Árbæjarveggar, með Árbakkamörkum.

Guðni Kristinsson

Guðni Kristinsson

Teitur Kjartansson

Teitur Kjartansson

Valur Þorvaldsson

Valur Þorvaldsson

Samþykktur vegna Snjallsteinshöfða I Hrafnkell Óðinsson

Hrafnkell Óðinsson Dóra Kr. Halldórsd.

Samþykktur vegna Snjallsteinshöfða II Björn Halldórsson

Björn Halldórsson

Skjal nr. 745/1985

Móttekið til þinglýsingar ...28,6

Innfært í þinglýsingabók1.7

Þinglýsingargjald kr.110.

Stimpilgjöld [kr.].....

110

[Kjartan] Þorkelsson flt.

Uppdráttur minn dags 18. júlí 1984 skoðist sem hluti skiptagerðarinnar V.Þ.

Á fundi sínum á Hvolsvelli 22. mars 1985 hefur skiptanefndin ákveðið að leiðrétta mistök við jöfnun túnastærðar frá 20. júlí 1984. Í stað 6.00 ha sbr. að framan skal vera 2.35 ha. Eftirfarandi tafla skýrir þetta:

Upphafleg stærð túns:	41.9 ha
Eignarhlutur Björn (1/2)	20.95 ha
Hlutur Björns v. skiptin	14.10 ha
Vöntun upp á eignarhl. Björns	6.85 ha
Tún frá Hrafnk. til Björns	4.50 ha
Mism. sem Hrafnk. ber að bæta Birni	<u>2.35 ha</u>

Skiptum þar með lokið.

Hvolsvelli 22. mars 1985.

Guðni Kristinsson

Guðni Kristinsson

Teitur Kjartansson

Teitur Kjartansson

Valur Þorvaldsson.

Valur Þorvaldsson



Snjallsteinshöfði, laust blað.

Skjal þetta samdi Ragnar Aðalsteinsson hrl. Austurstræti 17, R.

Afsal.

Ég undirritaður, Samúel Jónsson, Fyrrum bóndi á Snjallsteinshöfða, sel hér með og afsala Hrafnkeli Óðinssyni, bónda, Snjallsteinshöfða, og Birni Halldórssyni, Hraunbæ 80, Reykjavík, jörðinni Snjallsteinshöfða, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, með öllum mannvirkjum svo sem húsum, ræktun girðingum og öðrum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber, að engu undanskildu.

Landamerki jarðarinnar eru svo sem segir í merkjaskrá.

Jörðinni og því sem henni fylgir er afsalið í því ástandi sem kaupendur tóku við henni í og hafa kynnt sér og sætt sig við.

Umsamið kaupverð er að fullu greitt m.a. með útgáfu tveggja skuldabréfa hvors að fjárhæð kr. 7.000.000 með veði í hinni seldu jörð.

Eigninni er afsalað án nokkurra veðbanda annarra en framangreindra tveggja veðskuldabréfa, sem kaupendur hafa gefið út og þega hafa verið þinglýst á jörðina.

Kaupendum er kunnugt um leigusamning seljanda við Finnboga Eyjólfsson dags. 4. maí 1977 um 10000 fermetra spildu í landi jarðarinnar.

Landmannahreppur hefur afsalað sér forkaupsrétti sínum lögum samkvæmt, en samþykkis jarðanefndar verður aflað.

Jörðin var afhent kaupendum hinn 15. september 1977 og greiða þeir skatta og skyldur af henni frá þeim tíma.

Kaupendur greiða stimpil- og þinglýsingarkostnað af skjölum varðandi eigendaskiptin.

Samkvæmt frqmanrituðu lýsi ég Hrafnkel Óðinsson og Björn Halldórsson rétta og löglega eigendur jarðarinnar Snjallsteinshöfða, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu.

Öllu framangreindu til staðfestu rita égnafn mitt hér undir í votta viðurvist.

Hvolsvelli, 1. ágúst 1978

Samúel Jónsson

Elísa Erlendsd.

Samúel Jónsson

Samþykki maka.

Guðni Kristinsson

Halldór Björnsson

Vitundarvottar:

Ár 1978 mánu-daginn 6. nóv. hefur skjal þetta verið meðtekið til þinglýsingar í Landmannahreppi og merkist Lit. A. Nr. 766 Skrifstofa Rangárvallasýslu d.u.s.

Gjald til ríkissjóðs:

Þingl. kr. 1.000 –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stgj. kr. _____

Alls kr. 1.000 –

Eggert Óskarsson ft.

Ás og Sandhólaferja, laust blað

Ás 1927 h. 22. ág.

Sætt

Ásmenn undirgangast að sleppa slægjuítaki sínu í Sandhólaferjulandi, hina svo nefndu Klofskeldu, og eigendur Sandhólaferju falla frá beitarkröfu sinni í Áslandi, en aftur á móti færast landamerki milli jarðanna Áss og Sandhólaferju, við Steinslæk um 100 faðma eftir beinni línu fram með læknum í Sandhólaferjulandi, en landamerkin við Hrútsvatn verða hin sömu og nú. Kostnaðinn við girðingu á þessari fremri línu kosta báðir málsaðilar að jöfnu. Sandhólaferju að austan, Ás að vestan.

Báðir málspartar eru ásáttir um að girða milli jarðanna á næsta hausti ef mögulegt er.

Sem kærðu

Guðjón Jónsson

Jón Jónsson

Eiríkur Jónsson

Sem kændur

Bjarni Jónsson

Þorsten Jónsson

Sigurður Josefsson

Ingvar Halldórsson

Var svo satta fundi slitið

Ólafur Ólafsson

Jón Guðmundsson

Rjettur útdráttur úr Sáttabók Ásahrepps

Vottar Ólafur Ólafsson

Afh. til þingl. af Guðj. Ási



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Neðri-Strönd í Rangárvallahreppi, laust blað
Endurrit úr veðmálabók L. A. Bréf nr. 354.
Byggingabréf.

2. gr.

Hin leigða landspilda, sem er c.a. 100 hektarar að stærð er hluti af landi Neðri-Strandar í Rangárvallahreppi eign hreppsins. Landið takmarkast þannig. Draga skal beina línu úr suðvesturhorni girðingarinnar á Litlu Strönd í Markamel, sem er hornmark á milli Strandar, Lambhaga og Varmadals. Þaðan ráða mörkin á milli Varmadals og Strandar beinalínu í Lynghól 1000 metra upp úr. Úr því marki ræður bein lína norðaustur, þar til landamerki Efri og Neðri-Strandar skerast (nánar tiltekið með vörðu), og úr því marki beina línu fram með túngirðingunni á Strönd í 20 metra fjarlægð frá girðingunni,



Steinmóðabær og Miðeyjarhólmur í Vestur-Eyjafjallahreppi, laus blöð
ENDURRIT úr LANDAMERKJABÓK RANGÁRVALLASÝSLU.

Landskipti Steinmóðabæjar og Miðeyjarhólms.

Þriðjudaginn 11. maí 1976 var haldinn skiptafundur í Bjarkarlandi í V-Eyjafjallahreppi. Fyrir fundinn lá að skipta landi Steinmóðabæjar í V-Eyjafjallahreppi og Miðeyjarhólms í A-Landeyjahreppi.

Mættir voru eigendur nefndra jarða: Lilja Sigurðardóttir, Steinmóðabæ, eigandi fjögurra sjöundu hluta Steinmóðabæjar og fimm átjándu hluta Miðeyjarhólms, og Árni Sigurðsson, Bjarkarlandi, eigandi þriggja sjöundu hluta Steinmóðabæjar og þrettán átjándu hluta Miðeyjarhólms. Þá voru mættir skiptamenn A-Landeyjahrepps þeir Árni Erlendsson, Skíðbakka og Þorsteinn Þórðarson, Sléttabóli, og skiptamenn V-Eyjafjallahrepps þeir Árni Sæmundsson, Mörk og Björn Lárusson, Fitjamýri. Formaður skiptanefndar skipaður af sýslumanni var Jóhann Frankson, Útgörðum.

Öll útmörk nefndra jarða eru skýr og ágreiningslaus.

Skal þeim nú lýst:

1. Steinmóðabær: Úr Höttukíl ráða hreppamörk milli A-Landeyjahrepps beina stefnu í skriðu í útsuður horn Stóra Dímonar þar til komið er á móts við Langhólma að hornmarki no. 1. Þaðan þvert í hornmark no. 2 á Langhólmatánni (steinn) úr honum í útsuður í hornmark no. 3, sem er þar sem línan sker Hólmabæjarveg, þá ræður vegurinn þartil komið er að markalínu milli Steinmóðabæjar og Borgareyra, hornmark no. 4, þaðan vestur í hornmark no. 5, sem er á hreppamarkalínu milli A-Landeyjahrepps og V-Eyjafjallahrepps og loks ráða nefnd hreppamörk í Höttukíl.

Steinmóðabæ fylgir land í A-Landeyjahreppi, hluti svonefnds Skiptingarhólma en útmörk þess lands voru ákveðin í samkomulagi milli eigenda Voðmúlastaðatorfu og eigenda Steinmóðabæjar gjörðu hinn 20. sept. 1969 og er þeim lýst þar þannig: að sunnanverðu gilda hreppamörk milli A-Landeyjahrepps og V-Eyjafjallahrepps úr Höttukíl beina stefnu í skriðuna í útsuðrhorni Stóru Dímonar þartil línan sker Suðurlandsveg, þá fylgja mörkin Suðurlandsvegi vestur að Álabru austast í brúna á suður vegkanti. Þá eru mörkin úr Álabru í suðvestur beint þartil þau skera landamerkjalinu milli Voðmúlastaðahverfis og Miðeyjartorfu á þeim stað þar sem eru 940 m. vestur frá Höttukíl. Loks fylgja mörkin nefndri landamerkjalinu milli Voðmúlastaðahverfis og Miðeyjartorfu austur í Höttukíl.“

2. Útmörk Miðeyjarhólms: að austan úr Höttukíl með hreppamörkum að Hólmabæjarvegi, þá ræður vegurinn að landamerkjagirðingu milli Svanavatns og Miðeyjarhólms, þá ræður girðingin beint í hornmark við Keldukjapt, sem er mark milli Miðeyjarhólma, Svanavatns, Miðeyjar og Grenstanga. Úr þessu hornmarki á Álakka milli Grenstanga og Miðeyjarhólms þaðan í Höttukíl.

Formaður skiptanefndar lagði fram loftmyndir frá Landmælingum ríkisins og flatarmálmælingar gerðar á grundvelli þeirra. Stærð jarðanna er tilgreind hér á eftir bæði í heild og flokkuð í 3 jarðvegsflokka:



Steinmóðabær með skiptingarhólma:

1. flokkur gróið land	360,7 ha.
2. flokkur gróinn aur	54,0 ha.
3. flokkur aur	<u>286,8 ha.</u>
Samtals 701,5 ha.	

Miðeyjarhólmur:

1. flokkur gróið land	285,3 ha.
2. flokkur gróinn aur	32,6 ha.
3. flottur aur	<u>74,9 ha.</u>
Samtals 392,8 ha.	

Áður en fundurinn var boðaður hafði formaður skiptanefndar ásamt eigendum jarðanna unnið úr gögnum og fundið heppilegustu skipti á landinu samkvæmt eignarhlutföllum og landgæðum. Voru markaðar skiptalínur sem ná þessu markmiði all vel. Skal nú skiptum lýst:

Árni Sigurðsson fær Miðeyjarhólm allan úr Steinmóðabæ 171,5 ha. og úr Skiptingarhólma vestan hreppalínu 18,5 ha. eða samtals 582,8 ha.

Lilja Sigurðardóttir fær úr Steinmóðabæjarlandi 365,0 ha. og úr Skiptingarhólma vestan hreppalínu 146,5 ha. eða samtals. 511,5 ha.

Skipting jarðanna er þá þannig samkv. jarðvegsflokkum:

	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	Samtals:
Lilja Sigurðardóttir	285,6	41,5	184,5	511,5
Árni Sigurðsson	360,4	45,1	177,3	582,8

Landlýsing: Árni fær Miðeyjarhólm allan og úr landi Steinmóðabæjar allt land frá Borgareyrarmörkum með fram Miðeyjarmörkum að skiptaklínu sem nú skal lýst: frá Hólmabæjarvegi eru mörkin lína norðan við heimreiðina að Bjarkarlandi, samsíða honum í 10 m. fjarlægð vestur í túngarð og síðan eftir honum norður í álabakkann í hornmark no. 5 úr því bein lína í hornmark no. 6 í Skiptingarhólma við ála þar sem línan sker merkjalínu milli Skiptingarhólma og Voðmúlastaðatorfu, einnig fylgir land úr Skiptingarhólma vestan nefndrar línu úr hornmarki 5 í hornmark 6, þá fær Árni land inn á aurum, úr Steinmóðabæjarlandi svo sem nú skal lýst:

1. allan aur fyrir innan línu úr hornmarki no. 7 sem er varða og koll á Dalstorfumarkalínunni norðan Ljósárdíla, í hornmark no. 8 sem er varða og koll við Suðurlandsveg á hreppamarkalínunni.

Lilja Sigurðardóttir fær allt annað land Steinmóðabæjar og Skiptingarhólma, vestan hreppamarkalínu milli áður nefndra tveggja skiptalína.

Loftmynd af landinu í mælikvarða 1:10.000, sem sýnir skiptalínur og hornmörk mun fylgja skiptagjörðinni og varðveitt hjá Sýslumanni.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Það skal tekið fram að ofantilgreindar hektaratölur hafa fengist við mælingu á loftmyndum,
en mælikvarði þeirra er ekki hárnákvæmur.

Gjört í Bjarkarlandi 11. maí 1976.

Undirritaðir eru samþykkir skiptagjörðinni:

Eigendur:

Árni Kr. Sigurðsson.

Lilja Sigurðardóttir.

Skiptamenn:

Jóhann F. de Fontenay

Árni Sæmundsson

Björn Ó. Lárusson.

Árni Erlendsson.

Þorsteinn Þórðarson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofa Rangárvallasýslu, 10. apríl 1979.



Breyting á landamerkjum á Stórolfshvolstorfu, samber landskiptagiörð frá 13. maí 1953.

Við undirritaðir eigendur og ábúendur á Götu og Þinghóli í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, höfum orðið sammála um að gera eftirfarandi breytingu á landamerkjum jarða okkar.

Eftir breytinguna verða landamerkin eftirfarandi:

„Frá Fljótshlíðarvegi ræður mörkum heimreiðarvegur að Götu að skurði sem sker heimreiðarveginn, við þennan skurð beygja mörkin til austurs um 44 metra vegalengd miðað við miðju vegar.

Við skurðin austan heimreiðarvegar brotnar markalínan til Suð-suðvestur og fylgir þaðan stefnu gömlu markagirðingarinnar niður að Garðsaukalæk, svo með honum til austurs að Stóramoshvolshornmarki.“

Götu 4. júní 1975.

Samþykkir:

Þjarni Böðvarsson Þinghóli.

Jón Guðnason Götu

Vottar: Kristinn Jónsson



Önundarhorn, Miðbæli, Miðbælisbakkar og Gíslakot í Austur-Eyjafjallahreppi, laust blað
Endurrit úr Landamerkjabók Rangárvallasýslu
Landskiptagjörð nr. 68

Samkvæmt útnefningu sýslumannsins í Rangárvallasýslu dags 2, maí 1959 höfum við undirritaðir landskiptamenn Klemenz Kr. Kristjánsson, Sámsstöðum, sem oddamaður, Eggert Ólafsson bóndi Þorvaldseyri og Ísleifur Gissurarson bóndi í Drangshlíð framkvæmt landaskipti á jörðinni unum: Önundarhorni, Miðbæli, Miðbælisbökkum og Gíslakoti er allar eiga land saman í A. Eyjafjallahreppi.

Allir aðilar að landskiptum þessum voru mættir að undanskildum deil úr Gíslakoti, og voru við framkvæmd skiptanna.

Af ofanefndum jörðum var lagt fram landabréf gert af Ásgeir L. Jónssyni vatnsvirkjafræðingi.

Var allt þetta land nefndra jarða mælt og reyndist það samtals 214 ha og fóru skipti fram eftir jarðamati frá 1921, því hundraðatal var þar tilgreint fyrir hverja jörð en ekki nema fyrir tvær jarðir í matinu frá 1861. Eftir útreikningum okkar, varð landstærð hvernjar jarðar þannig

	hundraðatal	ha	
Önundarhorn	17.0	51.12	
Miðbæli (Drangshlíðardalur)	10.2	30.89	82.01. ha
Miðbæli (Rauðsbakki)	6.8	20.53	20.53
Miðbælisbakki	17.0	51.12	
Gíslakot	<u>20.6</u>	60.38	<u>111.50</u>
	71. samtals		214.04 ha.

Landamörk voru þannig:

Hagar Fyrir neðan Miðbælisbakkatún er beitiland sem skipt hefur verið þannig: Frá austurmörkum torfunnar fær Rauðsbakki 61 m breitt belti 5.1 ha að stærð þar næst fær Önundarhorn og (Drangshlíðardalur) Miðbæli 260 m breitt belti vestur að stærð 20.8 ha. Frá þessu marki



Móeyðarhvol I og II og Suðurhjáleiga í Hvolhreppi, laus blöð
LANDASKIPTI á Móeyðarhvoli I og II og Suðurhjáleigu í Hvolhreppi.

Ár 1974 laugardaginn 26. og sunnudaginn 27. janúar voru samankomnir að Sámsstöðum í Fljótshlíðarhreppi eftirtaldir menn, sem skipa landskiptanefnd við landskipti á Móeyðarhvolvsjörðum og Suðurhjáleigu í Hvolhreppi:

Úttektarmenn Hvolhrepps, Lárus Ág. Gíslason, hreppstjóri, Miðhúsum og Ólafur Bergsteinsson, bóndi Árgilsstöðum og Kristinn Jónsson, tilraunastjóri, Sámsstöðum, Fljótshlíðarhreppi, skipaður oddamaður landskiptanefndarinnar af sýslumanni Rangárvallasýslu. Af hálfu jarðeigenda voru mættir eftirtaldir menn: Fyrir Móeyðarhvol I og Suðurhjáleigu eigandinn Þorsteinn S. Thorarensen, Stigahlíð 4, REYKJAVÍK og ábúandi jarðarinnar Jón Einarsson, Móeyðarhvoli I. Fyrir Móeyðarhvol II mætti Einar Valmundsson, ábúandi á Móeyðarhvoli II, sem lagði fram umboð frá skráðum eiganda jarðarinnar, Þorsteini Ó. Thorarensen, Rauðalæk 20, Reykjavík.

Í landskiptabeiðni, sem er dagsett 23. maí 1973 og er undirrituð af báðum eigendum Móeyðarhvolvsjarða, er þess farið á leit við landskiptanefndina, að land Suðurhjáleigu verði sameiginlegt með landi Móeyðarhvol I, þannig að Móeyðarhvoll I og Suðurhjáleiga hafi samfelld land, sem sé óskipt sameignarland, og að því hlutfalli stærra en land Móeyðarhvol II, sem nemur landstærð Suðurhjáleigu, að hlutfalli miðað við jarðamat frá árinu 1861.

Laugardaginn 13. október 1973 fóru tveir af landskiptamönnum, þeir Lárus Ág. Gíslason og Kristinn Jónsson að Móeyðarhvoli og skoðuðu land jarðanna undir leiðsögn sömu manna og nú mæta við landskiptin, sem forsvarsmenn Móeyðarhvolvsjarðanna. 13. október var nokkuð rætt um væntanleg landskipti, en þeim síðan frestað, þar til nú að aðilar koma saman á ný.

Til grundvallar við landskiptin hefur landskiptanefndin haft loftmynd af Móeyðarhvolstorfunni í mælikvarða 1:5000. Loftmyndin er gerð af Landmælingum Íslands.

26. og 27. janúar ræddu aðilar og landskiptanefndarmenn um skiptin, og varð samkomulag um að skipta jörðunum þannig að tekið væri tillit til þess, að sem jafnast væri þurrlendi og votlendi á hvorri jörð, í hlutfalli við jarðastærð. Einnig urðu aðilar og landskiptanefndarmenn sammála um að leggja áherzlu á að skipta jörðunum með sem beinustum og gleggstum markalínum.

Landamerki á milli Móeyðarhvolvsjarðanna voru ákveðin þannig: Frá Rangárbakka hjá Firpatóft ræður girðing í traðir, síðan traðirnar að gömlu garðlagi norðan við Bæjarhól og meðfram því til austurs og svo bein stefna í sýsluveg. Hann ræður svo mörkum til norðausturs að afleggjara niður að Ranafjánhúsi (1). Við afleggjarann brotnar línan til suðausturs 500 metra að uppsettri vörðu við Brattavað (2), en þar brotnar hún aftur og þversker Ölduna, í uppsetta vörðu á suðvestur bakka hennar (3), en á milli vörðu 2 og 3 eru 150 metrar. Frá vörðunni (3) stefnir markalínan til austurs 1060 m í uppsetta vörðu í Vellinum (4), sem er í stefnu á vesturgafli fjárhúsbragga í V-Garðsauka, en þar við vörðuna (4) brotnar markalínan enn og stefnir til suðurs 1150 metra (5) í stefnu fast vestan við Lang (sauðahústóft). Markalína á milli vörðu 4 og 5 er eins og áður segir 1150 metrar. Frá vörðu 5 er bein stefna á mörkunum til



suðvesturs um Skákarrás, sunnan við Þverá og svo framhald að markagirðingu við Bakkabæi (6). Þaðan ráða svo mörkum, útmörk Móeyðarhovlsjarða við nærliggjandi jarðir að fyrstnefnda markinu við Rangárbakkann hjá Firpatóft. Móeyðarhvoll I og Suðurhjáleiga eiga land vestan, austan og norðan við markalínuna, en Móeyðarhvoll II á land vestan og sunnan hennar.

Við landskiptin falla tún frá Móeyðarhovli I og Suðurhjáleigu til Móeyðarhovls II og einnig falla tún frá Móeyðarhovli II til Móeyðarhovls I. Mismunur er á túnstærðum, þannig að Móeyðarhvoll II fær stærra tún í sinn hlut og ber því ábúanda Móeyðarhovls II að rækta á næstu 3 árum jafn stórt tún fyrir Móeyðarhvol I, sem þessum mismun nemur, en hann er 10 hektarar. Miðast þessi stærðarmunur við það, að aðilar urðu ásáttir með að meta Suðurhjáleigutúnið aðeins hálfildi við túnin í Vellinum.

Girðingar og skurðir á þeim mörkum, sem ákveðin hafa verið í skiptum þessum, skulu aðilar kosta af hálfu hvor. Einnig gilda sömu reglur um viðhald þessara mannvirkja. Viðhald markagirðingar á milli Garðsauka og Móeyðarhovls I sér ábúandi Móeyðarhovls I um að öllu leyti, enda taki hann við girðingunni í núverandi ástandi og ekki sé farið fram á greiðslu af hendi ábúanda Móeyðarhovls II, hvorki fyrir girðinguna né markaskurðinn á nefndum mörkum. Að öðru leyti fellur viðhald girðinga á landamerkjum Móeyðarhovlsjarða við aðrar jarðir í hlut hvorrar jarðar og nágrannajarða eins og lög ákveða.

Girðingar um tún og önnur mannvirki, sem flytjast á milli jarðarhluta við þessi landskipti og ekki eru tilgreind í landskiptagerðinni hér að framan, skulu eigendur semja um sín á milli. Öll hlunnindi, sem tilheyra Móeyðarhovlsjörðunum, eru áfram óskipt sameign jarðanna. Hið sama gildir um hlunnindi þau, sem kunna að finnast á jörðunum. Eigendur beggja jarða skulu heimila hvor öðrum gagnkvæma umferð um lönd sín vegna nýtingar hlunninda og vegna leitar að þeim.

Með landskiptagerðinni til sýslumanns Rangárvallasýslu fylgir loftmynd sú, sem getið er um hér að framan. Á myndina eru dregnar markalínur þær, sem lýst er hér að framan.

Skiptum lokið.

Sámsstöðum, 27. janúar 1974,

Kristinn Jónsson

Kristinn Jónsson

Lárus Ág. Gíslason

Lárus Ág. Gíslason

Ólafur Bergsteinsson.

Ólafur Bergsteinsson

Yfirlýsing.

Við undirritaðir aðilar við landskipti á Móeyðarhovlsjörðum lýsum því yfir, að við erum samþykkir málsmeðferð við landskipti á Móeyðarhovlsjörðum. Við erum einnig samþykkir uppkasti að landskiptagjörð, sem lögð hefur verið fyrir skiptafundinn af landskiptanefndinni.

Sámsstöðum 27. jan. 1974.

Samþykkir.

Einar Valmundsson Móeyðarhovli

ÞSThorarensen, Stigahlíð 4, Rvk

Jón Einarsson Móeyðarhovli I



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landskiptanefnd.

Kristinn Jónsson.

Lárus Ág. Gíslason

Ólafur Bergsteinsson.



Gíslholt og Kambur í Holtahreppi, laust blað
Endurrit úr Landamerkjabók Rangárvallasýslu. –
Nr – 38 –

Þessi eru landamerki jarðanna Gíslholts- og Kambs í Holtahreppi.

1. Að norðan: Kaldárholtslækur austur í Langalæk, svo Langilækur suður í Gíslholtsvatn. –

2. Að austan: Vatnið, svo garðlag er liggur á neðri heiði suður í hornmarksvörðu aust-norðan á Langholti. –

3. Að sunnan: Beina stefnu úr hornmarksvörðu á Langholti í austur upptökin á Hungurgili, þá ræður Hungurgil í vestur vatnið, þá sjónhending í Veiðipúfu, úr veiðipúfu í garðlag fyrir norðan læk þann er úr vatninu rennur vestur í Þjórsá. –

4. Að Vestan: Þjórsá að Kaldárholtslæksmynni (SIC). –

Við áreið þá er gjörð var á hausti 1884 voru allir hlutaðeigendur samþykkir þessum mörkum, og skulu þau haldast hér eftir.

Gíslholti 20. desember 1884

B. Thorarensen, eigandi

Grímur Thorarensen, eigandi

Erl. Eyjólfsson

S. Sigurðsson

Fyrir Kaldárholtið Filippus Filippusson

Jón Pétursson fyrir Raftholtið

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 38 bl. 23. –

Vottar H. E Johnsson,

Borgun fyrir þinglestur 75 aurar

[Borgun fyrir] bókun 25 aurar

er 1 – ein – króna H.E.Johnsson,

Rétt endurrit staðfestir

[S]krifstofu Rangárvallasýslu, 28. ágúst 1954. –

-F.h.s.-

Gjald Kr: 10.00

Greitt P.E. –